


**skoðun 20**

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




## Á tímamótum

*Íbúar á Benidorm fagna því um þessar mundir að sextíu ár eru frá því að bikiní var leyft á ströndinni.*

**fólk 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**7. júní 2012**
132. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Átta ára í Marie Claire

*Vinirnir Sigurður og Sölvi lentu óvænt í myndatöku fyrir ítalskt tískutímarit.*

**tíska 54**

## Vafasöm vigtun

*Hinar opinberu reglur um vigtun fiskafla eru hriplekar, skrifar Kristinn H. Gunnarsson.*

**skoðun 20**



## Nýtt íþróttaveldi

*Hið nýja félag Róberts Gunnarssonar ætlar sér stóra hluti á næstu árum.*

**sport 46**

## veðrið í dag




**ÞURRT N-LANDS** en rigning suðaustan til og svo SV-lands þegar líður á daginn. Strekkingur um landið SA-vert en annars fremur hægur vindur. Hiti víða á bilinu 6 til 14 stig.

**VEÐUR 4**

# Lélegir vegir ógna öryggi vegfarenda

**Fjármagn eyrnamerkt viðhaldi á vegum nægir ekki til að sinna brýnum verkefnum. Öryggi vegfarenda er ógnað ef vegum er ekki haldið nægilega vel við.**

**SAMGÖNGUR** „Ég held að það sé nokkuð ljóst að ástand vega sé víðast hvar verra en við höfum séð í langan tíma,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Einar Magnús segir veturinn hafa verið sérstaklega slæman og að göturnar séu í samræmi við það. „Einnig held að ástandið sé verra vegna minna viðhalds undanfarin ár. Það er vegna þess að veghaldarar þurfa að horfa meira í aurinn en áður og skera niður viðhaldið.“

Í sama streng tekur Bjarni Stefánsson, hjá Vegagerðinni, og segir fjármagn til viðhalds á vegum ekki nægjanlegt.

> Ástandið á höfuðborgarsvæðinu er alveg bölvanlegt.
>
> ÁSTGEIR ÞORSTEINSSON
> FORMAÐUR FRAMA

Vegir eru víða á höfuðborgarsvæðinu mjög illa farnir eftir veturinn. Sums staðar hefur brotnað upp úr slitlaginu og holur hafa myndast. Þá hafa myndast djúp hjólför á fjölförnum götum og vegmerkingar eru orðnar lélegar.

„Ástandið á höfuðborgarsvæðinu er alveg bölvanlegt,“ segir Ástgeir Þorsteinsson, formaður bifreiðastjórafélagsins Frama. Hann segir ástandið hafa versnað á undanförnum árum, en það hafi í för með sér aukinn kostnað við rekstur bílanna.

Einar Magnús leggur áherslu á að öryggi vegfarenda sé ógnað ef götum er ekki haldið við. „Menn þurfa að velta því fyrir sér hvort sparnaðurinn sé raunverulegur þegar horft er á heildarmyndina.“

- bþh / sjá síðu 4

Bubbi í nýjum þáttum:

## Tónleikar á bóndabæjum

**FÓLK Bubbi Morthens tekur þessa dagana upp sjónvarpsþætti fyrir Stöð 2 sem sýndir verða á haustmánuðum.**

**Í þáttaröðinni heimsækir Bubbi bóndabæi og fylgist með lífi og starfi bænda, auk þess að fá til liðs við sig landsþekkta tónlistarmenn sem halda einkatónleika fyrir ábúendur heima á bæjunum.**



BUBBI MORTHENS

**„Ábúendur sitja bara heima hjá sér með breið bros og fá einkatónleika frá þekktustu og bestu hljómlistarmönnum þjóðarinnar. Þetta er náttúrulega bara geðveikt,“ segir Bubbi.**

- trs / sjá síðu 54



**Í HEIÐMÖRK** Torvelt getur verið að koma vatni á staði þar sem upp kemur gróður- eða kjarreldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þurrkur eykur eldhættu:

## Þrjátíu slógust við eld í gróðri

**SLÖKKVILIÐ** Um það bil einn ferkílómetri lands varð eldi að bráð í grennd við Maríuhella í Heiðmörk um miðjan dag í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu voru sendir á staðinn tveir slökkvibílar. Um fimmtán manns frá slökkviliðinu fengust við eldinn, auk fimmtán frá björgunarsveitum.

Varðstjóri hjá slökkviliðinu sagði vatnsskort hafa hamlað slökkvistarfi um stund og var því stefnt að því að kalla eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar við að dreifa vatni úr lofti. Fallið var frá því þegar stjórn náðist á útbreiðslu eldsins.

Langvarandi þurrkar síðustu daga hafa aukið hættu á gróðureldum, en slökkviliðið segir þó óvenju lítið hafa verið um slík útköll miðað við árstíma.

- óká

Pronto!
er ítalska og segir okkur að eitthvað sé „tilbúið“.




Knorr kemur með góða bragðið!

Ekki verður undið ofan af niðurskurði í heilbrigðiskerfinu í fjárlögum:

# Framlög ekki aukin á næsta ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert útlit er fyrir að auknu fjármagni verði varið til heilbrigðiskerfisins í landinu árið 2013 til að bæta upp fyrir niðurskurð undanfarinna ára.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að kapp sé lagt á að sporna við enn frekari niðurskurði í fjárlagagerð næsta árs, sem nú er hafin.

„Það lítur út fyrir að við getum því miður ekki aukið í aftur umfram það sem er,“ segir Guðbjartur. „Fjárlögin verða auðvitað að mæta raunhækkunum og það hefur verið tekið tillit til ýmissa þátta. Það verður ekki svigrúm á næsta ári til að taka upp nýjungar eða gefa mikið til baka.

Markmiðið verður að koma í veg fyrir enn frekari niðurskurð.“

Forstjórar stærstu heilbrigðisstofnana landsins eru sammála um að nú ráði heilbrigðiskerfið ekki við frekari niðurskurð án þess að veruleg þjónustuskerðing eigi sér stað.

Guðbjartur segir langflestar stofnanir hafa unnið þrekvirki við endurskipulagningu í ljósi minnkandi fjárframlaga frá hinu opinbera.

„Þær hafa unnið gríðarlega gott verk varðandi endurskipulagningu og þar hefur margt verið til góðs. En vissulega er margt líka komið í þann farveg að það getur ekki gengið mikið lengra.“

- sv / sjá síðu 8

ÍSLENSK LISTASAGA
★★★★★ EFI / MORGUNBLAÐIÐ
„... stórtíðindi öllum unnendum myndlistar.“ PBB / FRÉTTATÍMINN




Kíktu á tilboðin á bls. 14-17
Miðnætur opnun í kvöld



## SPURNING DAGSINS



*Hemmi, voru leikmenn mikið að brjóta af sér í leiknum?*

„Ég hef aldrei orðið vitni að eins prúðmannlegum leik og það gegn svona grimmum andstæðingum. Kristinn Jakobsson milliríkjadómari þurfti engan að bóka eða kæra.“

Hemmi Gunn stýrði úrvalsliði fótboltamanna til sigurs gegn liði fanga í vígsluleik á nýjum gervigrasvelli við Litla-Hraun á mánudag.

Vilja upplýsingar um fjárfestingu Orkuveitunnar í fjarskiptastarfsemi síðustu ár:

# Segja fleiri dæmi um leyndarhjúp

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í minnihluta borgarstjórnar vilja að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) geri opinberar fjárhæðir allra fjárfestinga, fjárframlaga og lána fyrirtækisins til Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Línu.nets hf. Bókun þar að lútandi var lögð fram á síðasta fundi borgarstjórnar.

Upplýsingarnar voru birtar stjórn OR í trúnaðarskjali forstjóra 25. apríl síðastliðinn. Skjalið var svar við fyrirspurn Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks.



KJARTAN MAGNÚSSON

Í tilkynningu borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins er sagt óviðunandi hvernig umbeðnum upplýsingum sé haldið frá almenningi þrátt fyrir að starfsemi Gagnaveitunnar sé fjármögnuð af almannafé. „Því miður er Gagnaveitan ekki eina málefnið, sem meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins hefur unnið að með óeðlilegum hætti og sveipað leyndarhjúp,“ segir þar jafnframt og bent er á vinnubrögð vegna sölu Perlunnar sem unnið hafi verið að „mánuðum saman án þess að stjórn OR væri haldið upplýstri með tilhlýðilegum hætti.“

Stofnað var sérstakt félag um rekstur Gagnaveitunnar, sem þó er að fullu í eigu Orkuveitunnar, eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um fjárhagslegan aðskilnað í starfseminni árið 2006. Stofnunin staðfesti svo um áramót 2010-11 að staðið hafi verið við aðskilnaðinn. **- óká**

Deilt um tvær milljónir:

# Réðust inn á lögmannsstofu

**LÖGREGLUMÁL** Feðgar ruddust inn á lögmannsstofu við Lækjartorg í gær, brutu innanstokksmuni og höfðu í hótunum við lögmann. Hann hefur kært árásina til lögreglu.

Feðgarnir hafa átt í persónulegum erjum við lögmanninn eftir að þeir keyptu saman fasteign í Vogahverfinu. Deilan snýst um tvær milljónir sem báðir deiluaðilar telja að hinn skuldi. Lögmaðurinn fullyrðir að sonurinn hafi tekið sig hálstaki en sá neitar að hafa ráðist á lögmanninn. **- sh**

Lykilstjórnendum umbunað:

# Fá að kaupa á mjög lágu gengi

**VIÐSKIPTI Lykilstjórnendum Eimskipafélagsins mun bjóðast að eignast hluti í félaginu á umtalsvert lægra gengi en reiknað er með að verði fyrir hendi þegar félagið verður skráð á markað í september.**



GYLFI SIGFÚSSON

**Miðað við heildarvirði félagsins, eins og það hefur verið kynnt fyrir hluthöfum að undanförnu, gæti virði þeirra hluta sem lykilstjórnendum býðst að kaupa numið allt að 1,4 milljörðum króna.**

**Sumir þeirra hafa nú þegar tryggt sér kauprétt, en óljóst er hverjir þeirra. Heimildir herma að forstjóri félagsins, Gylfi Sigfússon. sé í hópi þeirra sem fá að eignast bréf.**

**Stjórnendurnir munu geta eignast um 700 þúsund hluti í félaginu, sem eru þrjú og hálft prósent af heildarhlutafé.** **- mh**

## DÓMSTÓLAR

### Síbrotamaður í fangelsi

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt mann um þrítugt í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir ítrekaðan þjófnað úr matvöruverslunum, að framvísa fölsuðum lyfseðli í apóteki og gripdeild í fatabúð. Maðurinn er síbrotamaður og því þótti ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna.

### Einar laus úr varðhaldi

Einar Ingi Marteinsson, fyrrverandi leiðtogi Hells Angels, hefur verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Hann hefur sætt varðhaldi frá því fyrir jól, grunaður um að hafa skipulagt hrottafengna líkamsárás á konu. Dómur verður kveðinn upp í því máli á næstu vikum. Einar hætti sem leiðtogi Hells Angels eftir deilur við aðra félagsmenn.

# Vill peysurnar heim

**Lagalega séð skiptir engu máli hvar íslenskar lopapeysur eru framleiddar, bara ef merkingarnar eru réttar og ekki villandi. Ásmundur Einar Daðason telur mikilvægt að íslenskar lopapeysur verði framleiddar á Íslandi.**

**NEYTENDAMÁL** Íslenskum framleiðendum í textílgeiranum, sem láta framleiða vörur sínar erlendis, er ekki skylt að láta merkja vörur sínar með upprunalandi.

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, segir hins vegar mikilvægt að þær upplýsingar sem fylgi vörunum séu réttar. Villandi merkingar varði við lög.



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

„Það gildir almennt um vörur, hvort sem það er textíll eða eitthvað annað, að ef fólki er talin trú um að varan sé framleidd annars staðar, getur verið um villandi viðskiptahætti að ræða.“

Í kjölfar frétta Fréttablaðsins um merkingar á íslenskum lopapeysum, ætlar Neytendastofa að skoða merkingar á peysunum og í framhaldi ákveða hvort málið verði tekið til frekari meðferðar.

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, segir mikilvægt að íslenskar lopapeysur séu framleiddar hérlendis.

„Íslenska lopapeysan á náttúrulega að vera framleidd á Íslandi. Menn eiga ekki að vera að fara í kringum þetta og reyna með óljósri markaðssetningu að auglýsa íslenska vöru sem ekki er framleidd á Íslandi.“

Ásmundur segist ætla að kanna málið frekar.

„Ég er að láta skoða þetta með lögfræðingum þingsins og vil athuga hvort það sé með einhverjum hætti hægt að skerpa á reglunum í kringum þetta,“ segir Ásmundur.



**LOPAPEYSA** Í kjölfar frétta Fréttablaðsins um merkingar á íslenskum lopapeysum ætlar Neytendastofa að taka málið til skoðunar.

> Íslenska lopapeysan á náttúrulega að vera framleidd á Íslandi.
>
> **ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**
> ÞINGMAÐUR

Ásmundur er ósáttur við að lopapeysurnar séu framleiddar erlendis.

„Íslenska lopapeysan er eitt helsta auglýsingamerki okkar Íslendinga. Þetta er íslensk hönnun, framleidd á Íslandi með aldagamla íslenska sögu og gerð af íslenskum konum til bæja og sveita.“

„Mér finnst það miður að menn skuli vera komnir á þá braut að vera að láta framleiða þetta í Kína og skuli þar með hverfa frá þeirri hugsun sem hefur verið á bak við þetta síðustu áratugi,“ segir Ásmundur. **katrin@frettabladid.is**



**HOSNI MUBARAK** Fyrrverandi forseti Egyptalands sagður í lífshættu. NORDICPHOTOS/AFP

Heilsu Mubaraks hrakar:

# Sagður hafa fengið áfall

**EGYPTALAND, AP** Heilsu Hosni Mubaraks, fyrrverandi forseta Egyptalands, hefur hrakað verulega eftir að dómur var kveðinn upp yfir honum og tveimur sonum hans á mánudag.

Læknar segja Mubarak, sem orðinn er 83 ára, vera í lífshættu, hann hafi fengið áfall, eigi erfitt með að anda og blóðþrýstingur sé of hár. Þeir þurftu að gefa honum súrefni nokkrum sinnum í gær og kalla þurfti á sérfræðinga.

Hann hlaut lífstíðarfangelsi fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir að lögreglan dræpi mótmælendur á Tahrir-torgi á síðasta ári. **- gb**

Enn rætt um veiðigjald:

# Ekkert ákveðið enn um þinglok

**ALÞINGI Enn hefur ekkert verið ákveðið um hvenær Alþingi mun ljúka störfum. Óformlegar þreifingar hafa verið um málið á milli þingmanna og formanna þingflokka en þær hafa ekki skilað niðurstöðu enn sem komið er.**

**Frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjald var til umræðu á þingi í allan gærdag, þriðja daginn í röð. Tugir annarra mála bíða afgreiðslu og stjórnarandstæðingar hafa talað fyrir því að kvótafrumvörpin verði sett á ís og unnin betur svo að önnur mál komist að.** **- sh**






Kalla á til lögreglu og láta vera að koma við sprautur sem finnast á víðavangi:

# Fundu sprautur í nágrenni leikskóla

**HEILBRIGÐISMÁL** Notaðar sprautunálar fundust við göngustíg í Hafnarfirði í gær. Í næsta nágrenni við fundarstaðinn eru leikskólinn Arnarberg, Iðnskólinn í Hafnarfirði og íþróttamiðstöðin Björk.

Tveir bæjarstarfsmann sem unnu við slátt og rakstur fundu sprauturnar, þeir Hlynur Darri Brynjólfsson, sautján ára og Örlygur Sturla Arnarson, 19 ára. Þeir voru sammála um að andstyggilegt væri að rekast á svona hluti á víðavangi. „Svo var líka glær vökvi í annarri sprautunni,“ segir Örlygur Sturla.

Göngustígurinn er baka til milli bílskúra en mikil umferð ungmenna vegna nálægðar við skóla og íþróttaaðstöðu. „Já blessaður vertu, hér eru alltaf einhverjir krakkar á ferðinni,“ segir Örlygur. „Skömmu áður en við fundum sprauturnar var hér kona með lítið barn. Það hljóp inn í eina grashrúguna til að sækja fífil, en samt ekki sömu hrúgu og við fundum sprautu í,“ bætir hann við.

Ólafur G. Emilsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, segir fólk helst eiga að kalla til lögreglu þegar það rekst á sprautunálar og viðlíka hluti. „Við sækjum þetta og setjum í sérstaka dalla,“ segir hann og bætir við að fólk eigi helst að láta vera að koma við þessa hluti. Lögreglumenn séu hins vegar allir með gúmmíhanska með sér og búnir til að verjast smiti.



**VORU VAKANDI** Hlynur Darri Brynjólfsson og Örlygur Sturla Arnarson fundu notaðar sprautur þar sem þeir voru við störf í Hafnarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„En það er svo sem ekki óalgengt að þetta sé að finnast,“ bætir hann við og segir mikið hringt frá leikskólum vegna muna sem þar finnist, sér í lagi eftir helgar. **- óká**

husa.is

# BRJÁLAÐ VERÐ

## Á GARÐADÖGUM



**STJÚPUR 10 STK.**
Verð áður: 999 kr.
**Nú: 790 kr.**
blandaðir litir



**Rafmagnsorf Ikra**
350w,
sláttubreidd 24cm.
5086612

**ORF**
**3.995 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR




**20% afsláttur AF VIÐARVÖRN**



**GASGRILL**
Verð áður: 64.900 kr.
**Nú: 54.900 kr.**

**Outback Drifter 3**
3 brennarar.
3000213



**SLÁTTUVÉL**
Verð áður: 29.995 kr.
**Nú: 23.995 kr.**

**Rafmagnssláttuvél**
GR3400, 1200W, 34 cm sláttubreidd.
5085134



**GARÐBORÐ**
**16.990 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Garðborð með bekkjum**
40 mm gegnheill viður.
180x165 cm, vandað og sterkbyggt.
600242



**PETÚNÍA / TÓBAKSHORN**
Verð áður: 1.190 kr.
**Nú: 599 kr.**



**30-70% afsláttur allar fjölærar plöntur**

**FJÖLÆRAR PLÖNTUR EITT VERÐ**
**Aðeins 599 kr.**



**10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSUM**

**GARÐHÚS 4.4 m²**
Verð áður: 176.900 kr.
**Nú: 159.000 kr.**

**ÞÚ SPARAR 20.900 KR**

**ÞYKKARI BJÁLKI MEIRI GÆÐI.**

Húsasmiðjan selur eingöngu sérvalin gæðagarðhús sem þola íslenska veðráttu. Áratuga reynsla á Íslandi.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 06.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,85 | 129,47 |
| Sterlingspund | 199,51 | 200,47 |
| Evra | 161,03 | 161,93 |
| Dönsk króna | 21,665 | 21,791 |
| Norsk króna | 21,152 | 21,276 |
| Sænsk króna | 17,871 | 17,975 |
| Japanskt jen | 1,6261 | 1,6357 |
| SDR | 194,90 | 196,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 223,0673

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fækkunarskeið í rjúpnastofni hefur varað í tvö til þrjú ár eftir landshlutum að sögn Náttúrufræðistofnunar:

# Rjúpu hefur fækkar um fjórðung milli ára

**NÁTTÚRUFAR** Rjúpu fækkar um nær allt land að því er fram kemur í talningu Náttúrufræðistofnunar Íslands í vor.

„Þetta fækkunarskeið hefur varað í tvö ár á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum og í þrjú ár á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi,“ segir í tilkynningu stofnunarinnar.

Séu öll svæði tekin saman nam meðalfækkun rjúpna fjórðungi milli áranna 2011 og 2012. Fram kemur að mat á veiðiþoli rjúpnastofnsins komi til með að liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2011 til 2012 og veiði 2011. „Miðað við fyrri reynslu mun fækkunin halda áfram og rjúpnastofninn verða í lágmarki á árabilinu 2015 til 2018 og næsta hámark yrði 2020 til 2022.“

Fram kemur að stofninn sveiflist mikið af náttúrulegum orsökum. „Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið 1955. Síðustu áratugi hefur hins vegar gætt langtímaleitni til fækkunar í stofninum.“

Rjúpnaveiði var bönnuð 2003 til 2005, en friðun var aflétt þá um haustið í kjölfar uppsveiflu í stofninum.

„Rjúpnaveiðar frá 2005 hafa verið takmarkaðar frá því sem var fyrr á árum og 2011 var veiðitíminn aðeins níu dagar.“ - óká



**RJÚPUR** Í ágúst verður upplýst hversu mikla veiði rjúpnastofninn þolir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FALUN GONG Í REYKJAVÍK** Hafa einnig mótmælt á Arnarhóli.

Mótmæli í Kaupmannahöfn:

## Falun Gong í Kongens Have

**DANMÖRK** Forseti Kína, Hu Jintao, mun heimsækja Danmörku í næstu viku. Meðlimir Falun Gong eru nú þegar byrjaðir að skipuleggja mótmæli í Kaupmannahöfn, nánar tiltekið í Kongens Have. Frá þessu er greint á vef danska dagblaðsins Politiken.

Hreyfingin heldur því fram að kínversk stjórnvöld hafi elt uppi meðlimi Falun Gong og meðal annars stolið úr þeim líffærum.

„Við viljum segja Hu Jintao frá þeim líffærastuldi og pyntingum sem hafa viðgangist í kínversku samfélagi,“ segir Karin Seeback, talsmaður Falun Gong á Fjóni, við Politiken. - ktg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Nítján ára á ofsahraða**

Á fimmta tug ökumanna ók yfir leyfilegum hámarkshraða við eftirlit lögreglunnar á Suðurnesjum undanfarna daga. Sá sem hraðast ók var nítján ára piltur sem mældist á 173 kílómetra hraða á Grindavíkurvegi. Hann þarf því að greiða 150 þúsund krónur í sekt og var sviptur ökuréttindum.

# Fjárveitingar duga ekki fyrir viðhaldi

**Bjarni Stefánsson hjá Vegagerðinni segir fjárveitingar í endurnýjun vegakerfisins ekki nægilegar til að sinna brýnum verkefnum. Vegagerðin eyðir rúmlega 600 milljónum í endurnýjun vega. Reykjavíkurborg eyðir 300 milljónum í götur.**

**SAMGÖNGUR** „Á heildina litið eru göturnar í verra ástandi en í fyrra,“ segir Bjarni Stefánsson, deildarstjóri viðhalds og þjónustu hjá Vegagerðinni. „Fjármagnið er hins vegar ekki nægjanlegt til að gera það sem þarf að gera.“ Hann segir fjármagnið sem eyrnamerkt hafi verið endurbótum á vegakerfinu ekki meira en undanfarin ár þrátt fyrir verra ástand.

„Það má færa rök fyrir því að þegar yfirborð vega er slitið eins og nú þá geti það verið mun hættulegra en best gæti verið,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðastofu. „Alveg eins og bílar þurfa að vera í lagi og standast skoðun þá þurfa vegir að gera það líka. Við ætlumst til þess af vegfarendur séu á góðum og öruggum bílum og við verðum að gera kröfur um að vegir séu það einnig.“

Einar Magnús segir umferðarslys og umferðaróhöpp samanlagt kosta samfélagið um það bil 30 til 40 milljarða króna á ári. „Ef að örlítið hlutfall óhappa má rekja til slæms ástands vega má sjá að það borgar sig að halda þeim vel við.“

Gert er ráð fyrir að 80.200 fermetrar af götum borgarinnar verði malbikaðir í sumar. Það er Reykjavíkurborg sem hefur umsjón með viðhaldi á götum borgarinnar. Undantekning er þó gerð á stofnæðum í borginni. Vegagerðin hefur umsjón með þeim enda um þjóðvegi að ræða.

Vegagerðin eyðir rúmlega 600 milljónum króna á suðvesturhorninu í endurnýjun vega. Um er að ræða endurnýjun slitlags á stofnæðum á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum, á Akrafjallsvegi frá göngum að Akranesbæ og á þjóðvegum á Suðurnesjum. Fjármagninu verður einnig varið í endurnýjun á þjóðvegi eitt frá Ölvisholtsafleggjara að Þjórsárbrú.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar er ekki hægt að tímasetja einstakt verkefni vegna þess hversu háð veðri og vindum malbikunin er. Áætluð verklok eru 15. september.

Framkvæmt verður á fjölmörgum stöðum í borginni. Í þá rúmlega 80 þúsund fermetra sem malbikaðir verða á vegum borgarinnar fara um 8.500 tonn af malbiki. Rúmlega 53 þúsund fermetrar af gömlu malbiki verða fræstir. Fjárveiting borgarinnar í endurnýjun malbiksslitlaga er 300 milljónir króna.

Borgin mun þó verja samanlagt 2,3 milljörðum króna í gatnaframkvæmdir. Stærsti einstaki liðurinn er umhverfis- og aðgengismál, sem rúmar meðal annars göngu- og hjólreiðastíga.

birgirh@frettabladid.is

**Malbikunarframkvæmdir í sumar**



Reynt að finna skólapláss:

## Hraðbraut að hætta starfsemi

**MENNTAMÁL Starfsemi Menntaskólans Hraðbrautar mun að öllum líkindum leggjast alfarið af í sumar. Ástæða þess er að menntamálaráðuneytið hefur neitað að framlengja þjónustusamning sinn við skólann, í ljósi óreiðu sem upp kom í rekstri hans.**

**Reynt verður að aðstoða nemendur við að tryggja þeim áframhaldandi skólavist í öðrum skólum eins og kostur er. Ólafur Johnson skólastjóri segir að sama eigi við um kennara og aðra starfsmenn Hraðbrautar, að því er fram kemur í tilkynningu.** - sv

Ráðherra vill auka eftirlit:

## Vill eftirlit eftir afplánun

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson segir í aðsendri grein til DV að eftirlit með dæmdum mönnum geti verið nauðsynlegt eftir afplánun. Hann stefnir á að leggja fram frumvarp um málið á haustþingi.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Í frumvarpsdrögunum er sérstaklega fjallað um úrræði sem beita mætti ef einstaklingur hefur gerst sekur um alvarlegt kynferðisbrot gegn börnum og skýrar vísbendingar lægju fyrir um að afbrotamaðurinn myndi halda uppteknum hætti eftir afplánun.

Samkvæmt drögunum myndi dómstóll kveða á um hvort beita mætti þessum öryggisúrræðum. - ktg






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART FRAMUNDAN**

Það gengur úrkomusvæði til vesturs yfir landið sunnanvert í dag en á morgun fer að létta til á landinu norðanverðu og um helgina verður bjart veður víða um land. Hitinn mætti þó vera hærri, sérstaklega austanlands.



**Á MORGUN** Strekkingur með S-strönd og á annensjum NV-til annars hægari.

**LAUGARDAGUR** Strekkingur allra syðst annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 24° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 17° |
| París | 20° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Miðnætur opnun

7. júní



**Opið til 24 í kvöld**

Í dag fagnar Smáralind björtum sumarnóttum með líflegri miðnæturopnun. Við bjóðum upp á frábær skemmtiatriði, tónlist, dans, glæsilega tískusýningu og spennandi POP-UP hönnunarmarkað auk þess sem verslanir og veitingastaðir eru með dúndurtilboð.

Nóttin er ung og fjörug, komdu á miðnæturopnun!

## Létt og skemmtilegt

| | |
|---|---|
| 16.00-20.30 | Tískusýningin undirbúin fyrir opnum tjöldum – hár og förðun |
| 19.00-24.00 | Ölgerðin og Lyfja bjóða upp á alls konar góðgæti |
| 19.00-24.00 | L'Oreal og Lyfja bjóða upp á ókeypis naglalökkun |
| 20.00 | „Fíflagangur" fyrir fólk á öllum aldri með Wally trúð |
| 20.30 | Danstískusýning að hætti Yesmine Olsson |
| 21.00-22.30 | Stjörnuspekingur rýnir í stjörnumerki gesta |
| 21.00-23.00 | Góðgæti í boði Mekka Wines and Spirits og Íslensk Ameríska |
| 21.30 | Retro Stefson troða upp |
| 22.00 | Sumarleg sveifla – Lindy hop danshópur frá Háskóladansinum tekur létt spor |
| 22.30 | Soffía Karls, Arnar Jóns, Bjartmar Þórðarson og Þórunn Clausen fara með okkur í tónlistarferðalag aftur í tímann |

**POP-UP hönnunarmarkaður kl. 11–24**

**Stanslaus skemmtun til miðnættis!**





Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

ENNEMM / SÍA / NM52698

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að heimsækja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34,6% |
| NEI | 65,4% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú í veiði í sumar?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Norska dagblaðið Verdens Gang hefur birt báðar skýrslur geðlækna um Breivik:

# Vildi ekkert ræða tölvuleikina

**NOREGUR** Anders Behring Breivik neitaði að svara í dómsal í Ósló í gær, þegar til stóð að spyrja hann um tölvuleikinn World of Warcraft, sem hann spilaði í gríð og erg meðan hann var að undirbúa fjöldamorðin síðastliðið sumar.

Hann hefur heldur ekki viljað ræða erfiðleika sína í barnæsku. Bæði hann og móðir hans hafa tekið til baka heimild sem þau höfðu veitt geðlækni til að bera vitni fyrir rétti um kynni sín af fjölskyldunni þegar Breivik var fjögurra ára. Geðlæknirinn átti á þeim tíma viðtöl við fjölskylduna og mælti með því að Anders Breivik yrði fengið annað heimili vegna geðrænna vandamála, sem væru byrjuð að þróast með drengnum.

Norska dagblaðið Verdens Gang hefur hins vegar birt seinni skýrsluna, sem geðlæknar tóku saman um andlegt ástand Breiviks í vor, áður en réttarhöldin hófust.

Blaðið hafði áður birt fyrri skýrsluna sem gerð var síðastliðið haust, en niðurstöður þessara tveggja skýrslna stangast á. **- gb**



**ANDERS BEHRING BREIVIK** Norski fjöldamorðinginn fyrir rétti í Ósló í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Grunaðir um alvarlegar árásir:

# Einn barinn og annar stunginn

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn um tvítugt voru handteknir á hátíðinni Sjóaranum síkáta í Grindavík síðustu helgi. Mennirnir eru grunaðir um stórfelldar líkamsárásir.

Í tilkynningu frá Suðurnesjalögreglunni var annar maðurinn grunaður um að hafa barið mann á sextugsaldri með glerflösku. Í hinu tilvikinu var átján ára piltur stunginn í handlegginn með brotinni flösku. Mennirnir voru báðir fluttir á lögreglustöð eftir atvikin, en þeim var sleppt eftir yfirheyrslu. **- sv**



**FERÐAMENN** Erlendir ferðamenn hafa verið ríflega fimmtungi fleiri það sem af er ári en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýjar hagtölur birtar:

# Ferðamönnum fjölgar áfram

**FERÐAÞJÓNUSTA Ríflega 45 þúsund ferðamenn fóru frá Íslandi um Leifsstöð í maímánuði, um átta þúsundum fleiri en í maí 2011 sem þó var metmánuður. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu hefur ferðamönnum um Leifsstöð fjölgað um 20,7 prósent frá áramótum miðað við sama tíma í fyrra.**

**Þá hefur Hagstofan birt tölur um gistinætur á hótelum landsins í apríl sem reyndust um 120.700 samanborið við 109.300 í apríl 2011. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru gistinætur ríflega 26 prósentum fleiri en í fyrra. - mþl**

Garðablámi innkallaður:

# Kadmíum var yfir mörkum

**UMHVERFISMÁL Tvöfalt meira kadmíum en leyfilegt er reyndist vera í áburðinum Garðablámi hjá Húsasmiðjunni. Þetta kom fram við reglubundið eftirlit Matvælastofnunar.**

**Niðurstöður efnagreiningar bárust 4. þessa mánaðar, að því er fram kemur á vef MAST. „Húsasmiðjan hefur tekið áburðinn úr sölu í verslunum sínum í samræmi við kröfur Matvælastofnunar,“ segir þar jafnframt, en um 50 tonn af þessum áburði voru flutt inn í vor. „Þeir sem keypt hafa þennan áburð geta skilað honum til Húsasmiðjunnar.“ - óká**

# Um 1.500 manns fylgdust með þvergöngu Venusar

**Mikill fjöldi fólks kom saman til að fylgjast með þvergöngu Venusar fyrir sólina á þriðjudagskvöld og aðfaranótt miðvikudags. Einstæður viðburður, því næsta þverganga sem sést frá Íslandi verður árið 2247.**

**VÍSINDI** Um 1.500 manns komu saman við Perluna í Öskjuhlíð til að fylgjast með þvergöngu Venusar á þriðjudagskvöld. Það var Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness sem stóð fyrir uppákomunni og gaf fólki tækifæri á að skoða þvergönguna í sjónaukum eða með myrkvagleraugum. Þá söfnuðust félagsmenn stjörnuskoðunarfélagsins og aðrir áhugamenn saman á Þingeyri, í Fjallabyggð, á Akureyri, Húsavík og í Vestmannaeyjum. Fyrir norðan var veður þó ekki hagstætt.

Þverganga er þegar reikistjarna gengur þvert fyrir sólina frá jörðu séð. Það er frekar sjaldgæft og Venus gengur fyrir sólina á 105,5 ára eða 121,5 ára fresti. Hún gengur þá tvisvar þvert fyrir sólu á átta árum, samkvæmt upplýsingum af Stjörnufræðivefnum. Síðast gekk Venus fyrir sólina svo sæist í Reykjavík árið 2004, en mun færri fylgdust með sjónarspilinu þá en nú.

Reykjavík var eina borgin í heiminum þar sem sólin settist og kom upp aftur á meðan þvergangan stóð yfir á þriðjudag, í um sex klukkustundir. Hún hófst þegar Venus snerti vinstri rönd sólar klukkan 22.04 á þriðjudagskvöld og lauk klukkan 4.54 á miðvikudagsmorgun.

Þvergangan sást þó frá rúmum helmingi jarðar, best frá vestanverðu Kyrrahafi og í austanverðri Asíu og Ástralíu.

Þetta var síðasta þverganga Venusar fyrir sólu á þessari öld. Næsta þverganga verður árið 2117 og mun ekki sjást frá Íslandi, en þverganga mun aftur sjást hér á landi árið 2247.

thorunn@frettabladid.is



**SÓLSETUR** Sólin sest á bak við Ljósufjöll á Snæfellsnesi. MYND/ANDRI ÓMARSSON



**BIÐRÖÐ EFTIR SJÓNAUKA** Stjörnuskoðunarfélagið var meðal annars með þennan tíu tommu SkyWatcher Dobson-sjónauka og myndaðist löng biðröð. MYND/ANDRI ÓMARSSON



**FYLGST MEÐ Á ÞINGEYRI** Stjörnuáhugafólk var ekki bara í Reykjavík heldur fylgdist þessi hópur fólks á Þingeyri vel með þvergöngu Venusar. MYND/JÓN SIGURÐSSON




Tölur um þyngd barna eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu sýna mismun:

# Þriðjungur of feitur í Fellaskóla

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikill munur er á fjölda barna í ofþyngd eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum á sextán þúsund börnum á grunnskólaaldri. Þetta kom fram í þætti Ingu Lindar Karlsdóttur, Stóru þjóðinni, á Stöð 2 í gærkvöldi.

Þannig voru 33 prósent barna í Fellaskóla yfir kjörþyngd og 30 prósent í Hjallaskóla og Kársnesskóla í Kópavogi, en þrettán prósent í Fossvogs-, Húsa- og Valhúsaskóla. 26 prósent barna í Hólabrekku- og Ártúnsskóla voru í yfirþyngd.

Inga Lind segir tölurnar frá árinu 2006, en henni þyki ámælisvert að þær hafi ekki verið notaðar og birtar opinberlega, en þær hafi aðeins verið sýndar á einni ráðstefnu. „Mér finnst það vera með ólíkindum, að þetta sé svona mikið leyndarmál, vegna þess að á meðan þetta er ofan í skúffu hjá einhverjum þá er ekkert verið að gera í málinu. Unglingarnir okkar eru sérstakt áhyggjuefni.“

Í tengslum við könnunina var félagsleg staða foreldra einnig skoðuð, að því er fram kom í þættinum í gær. „Í hverfunum þar sem tala of þungra og of feitra barna er hæst, er fjöldi háskólamenntaðra foreldra um 11 til 22 prósent. Í hverfunum þar sem minnstur hluti barnanna glímir við ofþyngd og offitu eru um 30 til 34 prósent foreldranna háskólamenntaðir.“ **- þeb**



**FITA** 33 prósent barna í Fellaskóla voru í yfirþyngd en þrettán prósent í Fossvogs-, Húsa- og Valhúsaskóla. NORDICPHOTOS/GETTY


Í TILEFNI
AF HEITUSTU
MYND ÁRSINS
THE AMAZING
SPIDER-MAN
INTO THE NIGHT
CALL ME GWEN-EVER
YOUR WEB OR MINE?
MY BOYFRIEND SCALES WALLS
NUMBER ONE NEMESIS
JUST SPOTTED THE LIZARD!
SHATTER BLACK
Þú finnur okkur á:
www.artica.is
INNIHELDUR ENGIN DBP, TOLUENE EÐA FORMALDEHYDE
O·P·I
Spiderman er mættur í Hagkaup
Komið og fáið ráðgjöf frá naglafræðingum OPI
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## FRÉTTASKÝRING: Áhrif niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á Íslandi

### Starfsmenn róa allir í sömu átt

„Við erum nokkurn veginn á pari og hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð. En við þolum ekki meira. Til að láta þetta ganga þurfum við að vera með stöðugar aðhaldsaðgerðir og eftirlit með starfseminni, svo þetta er vogun vinnur vogun tapar. Starfsmennirnir eru allir að róa í sömu átt og að því leytinu til getur maður ekki annað en hrósað þeim. Álagið er mikið og ég get ekki séð að það sé hægt að spara meira.“

*Þórunn Benediktsdóttir, staðgengill forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.*

**Niðurskurður:** ↓ 23%

### Starfsfólkið hleypur hraðar

„Það er ljóst að þjónustan er öðruvísi en fyrir hrun. Mörgum finnst erfiðara að fá þá þjónustu sem óskað er eftir, en heilt yfir hef ég heyrt að sjúklingar séu ánægðir. Biðlistar eru ekki mjög langir, þrátt fyrir niðurskurðinn. En vinnuumhverfið er lakara og álagið er mun meira. Fólk hleypur hraðar. Þetta er komið að þolmörkum og þarf að fara að breytast. Það verður ekki haldið svona áfram lengi – fólk gefst bara upp.“

*Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri.*

**Niðurskurður:** ↓ 17%





### 30 sagt upp

„Við vorum að vinna að sameiningu átta stofnana á Vesturlandi í aðdraganda hrunsins. Og það hefur verið sérstaklega íþyngjandi að vinna að því samhliða verðandi fjárveitingum. Almennt hefur gengið sæmilega að laga sig að þessum aðstæðum. En við erum að glíma við sama vandamál og annars staðar um ráðningu heilsugæslulækna, þó þjónustufall hafi hvergi orðið. Reksturinn í fyrra var okkur erfiður og við höfum þurft að segja upp um 30 starfsmönnum í þessum hremmingum. Og það sér svo sem ekkert fyrir endann á því.“

*Guðjón Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands*

**Niðurskurður:** ↓ 25%





### Álagið orðið allt að því ómennskt

„Okkur hefur að mestu leyti tekist að láta niðurskurðinn ekki bitna á sjúklingum. En álagið á starfsfólk er orðið allt að því ómennskt. Ég held að það sé bara tímaspursmál hvenær það hrynur. En við höfum ekki þurft að að draga úr þjónustu að verulegu leyti. Þessi niðurskurður er ansi mikill hjá stofnun sem er fyrst og fremst að sinna frumheilbrigðisþjónustu. En það gengur erfiðlega að halda okkur innan ramma fjárlaga.“

*Gunnar K. Gunnarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.*

**Niðurskurður:** ↓ um 30%

### Búið að moka út úr öllum hornum

„Starfsemi LSH hefur aukist frá fyrstu árunum eftir hrun. En það eru bara þrjár vikur síðan við þurftum að greina frá enn frekari þjónustuskerðingu. Þó er ekki hægt að sjá að biðlistar hafi aukist mikið því fólk er að fá þjónustuna á annan hátt. Það er brjálað að gera, eins og það var fyrir hrun. En nú erum við algjörlega komin að þolmörkum. Það er mjög skýrt að þeir eru að fara að skera meira niður og á næsta ári verðum við að hætta með eitthvað meira. Það er búið að moka út úr öllum hornum.“

*Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans.*

**Niðurskurður:** ↓ 23%

# Heilbrigðiskerfið er dýrasta spilaborgin

**Útgjöld ríkisins til heilbrigðismála hafa dregist saman um 12 prósent síðan í hruninu. Þó virðist sem gæði þjónustunnar hafi haldið. Flestar stofnanir eru komnar á endapunkt í niðurskurðaraðgerðum.**

Það er ekki ofsögum sagt að heilbrigðiskerfið á Íslandi hafi sætt blóðugum niðurskurði frá hinu opinbera síðan í efnahagshruninu. Á sama tíma hefur eftirspurnin eftir þjónustunni síst minnkað.

Sjúklingum á Landspítala hefur fjölgað um rúmlega fjögur þúsund á milli áranna 2007 og 2011, úr 102.663 í 106.804, á sama tíma og starfsmannafjöldi spítalans hefur dregist saman um tíu prósent.

Útgjöld ríkisins til heilbrigðisþjónustunnar hafa dregist saman að raungildi um 12 prósent á milli áranna 2008 til 2012. Þó hafa útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála hækkað um 18 prósent á sama tímabili, en það skýrist að mestum hluta til af auknu atvinnuleysi í landinu og hækkun lífeyristrygginga.

**Heilbrigðisþjónustan á Íslandi og í OECD árið 2009**

| Útgjöld til heilbrigðisþjónustu | Ísland | OECD-meðaltal |
|---|---|---|
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 9,7% | 9,6% |
| Hlutfall hins opinbera í heildarútgjöldum | 82% | 72% |
| **Hlutfall sjúklinga sem deyr á sjúkrahúsum 30 daga frá innlögn** | | |
| Hjartaáfall | 3% | 5,4% |
| Brjóstakrabbamein | 86,3% | 83,5% |
| Leghálskrabbamein | 67,3% | 66,4% |
| **Áhrifaþættir heilsu** | | |
| Áfengislítrar á hvern íbúa, 15 ára og eldri | 7,3 l. | 9,1 l. |
| Reykingar, hlutfall íbúa 15 ára og eldri | 15,8% | 22,1% |
| Offita, hlutfall fullorðinna | 20,1% | 16,9% |
| **Annað** | | |
| Þunglyndislyf (dagskammtur á 1.000 íbúa) | 98,3 | 52,5 |
| Segulómtæki, fjöldi á hverja milljón íbúa | 21,9 | 12,2 |

Heimild: Heilsuvísir landlæknis - samanburður við meðaltal OECD-ríkjanna árið 2009

### Í þriðja sæti í Evrópu

Þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð hafnaði Ísland í þriðja sæti á eftir Hollandi og Danmörku þegar vísitala notenda heilbrigðisþjónustu í Evrópu (EHCI) fyrir árið 2012 var kynnt á Evrópuþinginu í Brussel í síðasta mánuði. Þetta þýðir að Ísland heldur sæti sínu frá fyrri könnun sem gerð var 2009 og er Holland í efsta sæti í þriðja sinn í röð.

„Helsta einkenni íslenskrar heilbrigðisþjónustu er umframafköst hennar sem tryggja góða þjónustu í þessu afskekkta landi,“ sagði Dr. Arne Björnberg, yfirmaður EHCI-teymisins, á kynningarfundinum í Brussel. „Þetta er kostur sem virðist hafa tekist að halda í þrátt fyrir þá djúpu fjármálakreppu sem Ísland hefur gengið í gegnum.“ Vísitalan er reiknuð út frá opinberum gögnum, könnunum meðal sjúklinga og sjálfstæðum rannsóknum sænska fyrirtækisins Health Consumer Powerhouse.

### Álag á starfsmenn gríðarlegt

Forsvarsmenn heilbrigðisstofnana eru á einu máli um að þó svo þjónustan hafi breyst í niðurskurðinum og aðhaldsaðgerðir verið stífar, hafi hags sjúklinga verið gætt eftir fremsta megni og flestir séu að fá það sem þeir sækjast eftir. Álagið á starfsfólk hefur aukist gríðarlega og er á flestum stöðum komið að þolmörkum.

Mannauðssvið LSH gerir reglulegar kannanir á starfsumhverfi og er verið að vinna niðurstöður úr þeirri nýjustu. Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, segir fyrstu niðurstöður benda til þess að fólki finnist starfsumhverfi spítalans ekki viðunandi.

„Starfsumhverfið er lélegt og fólk er þreytt á því. Þetta er þó aðeins betri niðurstaða heldur en árið 2010 heilt yfir,“ segir Erna. „Vinnuálag í starfinu hér er gríðarlega mikið og við finnum það að álagið í samfélaginu er hér inni líka því við erum eins og smækkuð mynd af því.“

Erna segir starfsmenn kvarta helst undan því að fá litla sem enga endurgjöf. „En við Íslendingar eru ekki mjög góðir í því, svo það kemur manni ekki mikið á óvart,“ segir hún. „En það er alveg ljóst að vinnuálag og streita eru að aukast milli ára, en við erum að anna eftirspurninni eftir þjónustunni. Við getum þó ekki tekið við meiri niðurskurði.“

### Sópað undir teppið

Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs LSH, segir að aðalvandamálið sem spítalinn glími við eftir efnahagshrunið sé lélegri tækjabúnaður.

„Búnaður eins og rúm, skurðarborð, tölvur og fleira hefur allur verið skorinn niður og er nú orðinn eins og hús sem maður heldur ekki við. Hlutir eru nú farnir að bila svo mikið að það er ekki hægt að laga þá,“ segir hann. „Og ekki vorum við vel haldin fyrir hrun.“

Jón Hilmar segir að deildirnar hafi þó haldið framleiðninni, sjúklingar séu jafnmargir og aðgerðirnar líka, ef ekki fleiri. En ef ekkert verði að gert muni LSH standa uppi snauður því hver vilji koma að vinna hjá sjúkrahúsi þar sem tækin eru gömul og þjónustan ófullnægjandi. „Við erum að gera það sama fyrir mun minni fjármuni,“ segir hann. „Fólk er að hlaupa hraðar og gera meira og það kemur til með að éta okkur að innan smám saman.“

Að mati Jóns Hilmars eru stjórnvöld að fresta óumflýjanlegum vandamálum innan kerfisins með því að sópa þeim undir teppið. „Heilbrigðiskerfið er dýrasta spilaborgin til að falla,“ segir hann.

> Allt útlit er fyrir að við getum því miður ekki aukið í aftur umfram það sem er.
>
> **GUÐBJARTUR HANNESSON**
> VELFERÐARRÁÐHERRA

### Verður ekki bætt í næsta ár

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir málið ekki lengur snúast um niðurskurð, heldur hagræðingu innan kerfisins.

„Við verðum að halda vel utan um það sem við höfum,“ segir Guðbjartur. „Ég hef vissulega sjálfur talað um niðurskurð og hagræðingu, en mótsögnin í þessari umræðu er að heildarkostnaður vegna heilbrigðismála hefur hækkað síðan í hruninu, meðal annars vegna hærri lyfjakostnaðar. Vandi okkar núna er að glíma við með hvaða hætti við bregðumst við þessu og getum hindrað að kostnaður aukist enn frekar.“ Vinna við fjárlagagerð næsta árs er hafin og segir ráðherra að ekkert útlit sé fyrir að auknum fjármunum verði varið í heilbrigðismálin til að bæta upp fyrir niðurskurð síðustu ára.

„Allt útlit er fyrir að við getum því miður ekki aukið í aftur umfram það sem er,“ segir hann. „Fjárlögin verða auðvitað að mæta raunhækkunum og það hefur verið tekið tillit til ýmissa þátta. Það verður ekki svigrúm á næsta ári til að taka upp nýjungar eða gefa mikið til baka. Markmiðið verður að koma í veg fyrir enn frekari niðurskurð.“

Guðbjartur segir langflestar heilbrigðisstofnanir á landinu hafa unnið þrekvirki við endurskipulagningu í ljósi minnkandi fjárframlaga frá hinu opinbera.

„En vissulega er margt líka komið í þann farveg að það getur ekki gengið mikið lengra.“

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



# Það verður aldrei sátt án samstarfs

**Þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir hafa frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld ekki tekið nauðsynlegum breytingum.
Þau frumvörp sem nú liggja fyrir þinginu munu skaða sjávarútveginn og skerða lífskjör almennings.**

**Við ítrekum ósk okkar um viðræður og samstarf. Umsagnir um frumvörpin sýna glöggt í hvers konar ógöngur þetta mál er komið.**

> *„Mælt er með að endurskoða frumvarpið frá grunni þar sem tillögur þess muni hafa alvarleg áhrif á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja hér á landi og samfélagið allt.“*
>
> – Úr umsögn Landsbankans frá 18. apríl sl.

> *„Verði þessi frumvörp, sem eru unnin án alls samráðs við atvinnugreinina, að lögum munu þau viðhalda og jafnvel auka ósætti innan greinarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“*
>
> – Úr umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins
> og Félags skipstjórnarmanna frá 17. apríl sl.

> *„Er niðurstaðan sú að umfang gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir.“*
>
> – Úr áliti sérfræðihóps skipuðum af atvinnuveganefnd frá 2. maí sl.

**Sýnum samstöðu okkar í verki og mætum á sameiginlegan fund sjómanna og útgerða á Austurvelli í dag kl. 13.**

Útvegsmannafélag Austfjarða
Útvegsmannafélag Akraness
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar
Útvegsbændafélagið Heimaey
Útvegsmannafélag Hornafjarðar
Útvegsmannafélag Norðurlands
Útvegsmannafélag Reykjavíkur
Útvegsmannafélag Snæfellsness
Útvegsmannafélag Suðurnesja
Útvegsmannafélag Vestfjarða
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar




Fjölbreytt söguþing hefst í Háskóla Íslands í dag:

# Sagnfræðirannsóknir í brennidepli

**RANNSÓKNIR** Íslenska söguþingið verður sett í kvöld og mun standa fram á sunnudag í húsakynnum Háskóla Íslands.

Þetta er í fjórða sinn sem íslenska söguþingið er haldið, en síðast var það haldið árið 2006.

Að því er segir í tilkynningu verða þar meðal annars kynntar niðurstöður í nýjum íslenskum rannsóknum í sagnfræði auk þess sem staða og framtíð íslenskra rannsókna verður til umræðu.

Dagskráin er mjög fjölbreytt þar sem yfir 90 fyrirlestrar verða í boði. Þá hefur Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands boðið þremur heimsþekktum sagnfræðingum til þingsins, þeim Lindu Colley, prófessor við Princeton-háskóla, David Cannadine, prófessor við Princeton-háskóla, og Geoff Eley, prófessor við háskólann í Michigan í Bandaríkjunum.

Auk þess munu tveir erlendir fyrirlesarar, þær Anne Katherine Isaacs, prófessor við háskólann í Písa, og Anne Deighton, prófessor við háskólann í Oxford, tala á opinni málstofu um Evrópumál, sem styrkt er af Evrópustofu.

Þingið verður sett kl. 17 í dag, en nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu má finna inni á heimasíðu Reykjavíkurakademíunnar, Akademia.is. **- þj**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Þrír heimsþekktir sagnfræðingar verða meðal þátttakenda á Söguþingi sem hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja ekki að skattgreiðendur þurfi að borga brúsann

**Framkvæmdastjórn ESB kynnti í gær hugmyndir um samhæfðar aðgerðir sínar til bjargar bönkum í vanda. Taka þó ekki gildi fyrr en 2018. Drög að nýju bankabandalagi lögð fyrir leiðtogafund ESB í lok júlí.**

**EVRÓPUMÁL** „Við ætlum að rjúfa tengslin á milli bankakreppu og ríkisfjárlaga,“ sagði Michael Barnier, sem fer með innri markaðsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. „Við viljum ekki að skattgreiðendur þurfi að borga brúsann.“

Framkvæmdastjórnin kynnti í gær hugmyndir sínar um samhæfðar aðgerðir til bjargar bönkum sem lenda í fjárhagsvanda. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld fái miklu víðtækari heimildir til að grípa inn í áður en í óefni stefnir og taka hreinlega að sér stjórn banka ef þeim verður ekki viðbjargandi nema með stuðningi úr ríkissjóði.

Einnig er gert ráð fyrir að smærri bankar fái einfaldlega að fara á hausinn ef fall þeirra stofnar ekki bankakerfinu í heild í hættu, en hins vegar verði hluthafar og aðrir ótryggðir lánardrottnar banka að taka á sig hluta tapsins ef ríkið neyðist til að grípa inn í.

Drög framkvæmdastjórnarinnar að nýjum reglum verða rædd á næsta leiðtogafundi Evrópusambandsins, sem haldinn verður í lok mánaðarins.

Einnig þarf samþykki Evrópuþingsins, en jafnvel þótt bæði þingið og leiðtogaráðið samþykki þessar hugmyndir er ekki gert ráð fyrir að nýju reglurnar taki gildi fyrr en árið 2018.

Þær koma því ekki að gagni á næstunni við að ráða fram úr brýnum vanda ríkja á borð við Spán, þar sem bankakerfið er sagt vera að riða til falls þessa dagana.

Spænska stjórnin segir áhyggjur af bankakerfinu þar í landi þó vera óþarflega miklar. Að vísu séu þeir í alvarlegum vanda og fái ekki lengur lánsfé frá bönkum í öðrum Evrópulöndum, en Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hefur biðlað til leiðtoga Evrópusambandsins um aðstoð og hvetur að auki til þess að áformum um enn nánara fjárlagabandalag evruríkjanna verði hraðað.

Búist er við því að á leiðtogafundi ESB eftir hálfan mánuð verði einnig ræddar hugmyndir um svonefnt bankabandalag, sem væri partur af enn nánara fjárlagabandalagi en það sem leiðtogarnir samþykktu á fundi sínum fyrr í vor.

Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópusambandsins eru þessa dagana að leggja drög að slíku bankabandalagi, sem fæli meðal annars í sér sameiginlegt fjármálaeftirlit og sameiginlegan innistæðutryggingasjóð.

gudsteinn@frettabladid.is



**JOSE MANUEL BARROSO OG ANGELA MERKEL** Forseti framkvæmdastjórnar ESB og kanslari Þýskalands hafa haft margt að ræða undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







**ÁHRIFARÍK** Auglýsing Gasparis er áhrifarík og segir meira en þúsund orð um yfirvofandi vanda. MYND/DANIELE GASPARI

Auglýsingasamkeppni SÞ um yfirvofandi vatnsskort:

# Sóun drepur framtíðina

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Eftirspurn eftir hreinu vatni árið 2030 verður 40 prósent meiri en framboðið samkvæmt áætlunum Sameinuðu þjóðanna. Gríðarlegt magn vatns fer til spillis á hverjum degi.

Sameinuðu Þjóðirnar efndu til samkeppni um bestu dagblaðaauglýsinguna til að vekja athygli á þessu vandamáli. Friðrik krónprins Dana afhenti sigurverðlaunin við sérstaka athöfn á þriðjudag.

Sigurvegarinn er Ítalinn Daniele Gaspari með auglýsingu sem hann kallar „Drop by Drop – the Future we want“. Hún sýnir vatnsbyssu beint að barni og hefur yfirskriftina: „Vatnssóun drepur framtíðina“. Samkeppnin er haldin í aðdraganda Rio + 20, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

„Ísland hefur mestu ferskvatnsbirgðir allra Evrópulanda,“ segir Árni Snævarr upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. „Það má ekki gleyma hversu mikið vatn hefur farið í að rækta innflutta kornið í brauðið okkar og kjötið.“

Auglýsing Gaspari mun birtast í fjölda dagblaða um allan heim. Fréttablaðið er í þeim hópi ásamt stórblöðum á borð við Le Monde, Guardian, Politiken, La Stampa og El Pais. **- bþh**

Opið frá 11:00-24:00

# Miðnæturopnun

**20%** afsláttur af öllum fötum og fylgihlutum og snyrtivörubomban í fullum gangi

## Snyrtivöru**bomba**

1. - 10. júní

BIOTHERM
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF
Elizabeth Arden NEW YORK
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
MAC
nails inc. LONDON
SENSAI Kanebo
SHISEIDO
YvesSaintLaurent

# 3 fyrir 2

af snyrtivöru*

Kauptu þrjár snyrtivörur, borgaðu bara fyrir tvær

*Ódýrasti hluturinn fylgir frítt með



*Gildir af öllum snyrtivörum en aðeins af völdum vörum frá MAC

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# neytendur
hagur heimilanna

**47%** **HÆKKUN HEFUR** orðið á verði brauðs og kornvara frá maímánuði 2008 samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands.

# Komið í veg fyrir innbrot í sumarfríinu

**Þjófar brjótast inn jafnt að degi sem nóttu. Með einföldum aðgerðum er hægt að draga úr líkunum á því að þeir geti látið greipar sópa um heimilið. Ekki er skynsamlegt að tilkynna á samskiptasíðum hvenær allir í fjölskyldunni eru að heiman. Góðir grannar geta veitt mikilvæga aðstoð.**



**Í SUMARFRÍI** Heimkoma úr góðu sumarfríi er óskemmtileg fyrir húsráðendur þegar þeir komast að því að brotist hefur verið inn á heimili þeirra.

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri segir allan gang á því hvenær brotist sé inn. „Það fer alveg eftir því hverjir eru á ferð á hverjum tíma. Hins vegar er ástæðulaust að auka áhættuna með því að hafa allt opið þegar farið er að heiman.“ Hann leggur áherslu á að verðmæti séu ekki höfð á glámbekk, hvorki inni á heimilum né í bílum.

Innbrotsþjófar reyna oft að komast leiðar sinnar í gegnum garðinn og þess vegna þurfa gluggar og dyr þeim megin að vera læst innan frá með krækjum. Þjófar leita í skápum og skúffum í öllum herbergjum og jafnvel í þvottakörfum telji þeir sig hafa nægan tíma til leitarinnar. Verðmæta skartgripi og mikilvæg skjöl ætti þess vegna að geyma í bankahólfi. Þau verðmæti sem höfð eru heima ætti að skrá og mynda og geyma listann og myndirnar í bankahólfi eða á öðrum öruggum stað utan heimilisins. Auk þess að hafa auga með dularfullum mannaferðum geta nágrannar, sem eiga fleiri en einn bíl, hjálpast að með því að leggja í heimkeyrsluna hjá þeim sem fer í sumarfrí. Það má jafnvel biðja nágrannana um að nota ruslatunnuna til þess að tóm tunna gefi ekki þjófum vísbendingu um að húsráðendur séu að heiman.

Skynsamlegt er að fá einhvern til þess að fjarlægja póst frá bréfalúgunni og slá grasið.

Það vekur grunsemdir séu ljós látin loga allan sólarhringinn. Með tímarofa er hins vegar hægt að stjórna því hvenær ljós eru kveikt og slökkt.

Ekki er óalgengt að menn greini frá því á Facebook að öll fjölskyldan sé á leið í sumarfrí. Slíkar tilkynningar geta borist til þeirra sem ekki ættu að frétta af þeim.

Góð þjófavörn er auðvitað að bjóða þeim sem maður treystir að búa í íbúðinni þegar maður er að heiman.

ibs@frettabladid.is




## Stem Cells and Surgery

**Symposium hosted by the University of Iceland**
**on June 9th at 10AM – The Main Aula of the University of Iceland**
**Moderators: Professor Guðmundur Þorgeirsson and Professor Tómas Guðbjartsson**

**10.00–10.10** **Welcome.** Dr. Kristín Ingólfsdóttir, Rector of the University of Iceland.

**10.10–10.20** **Address** by the Minister of Education, Science and Culture, Katrín Jakobsdóttir.

**10.20–10.35** **The first recipient of a tissue engineered synthetic tracheal transplant. Case presentation and follow-up.** Tómas Guðbjartsson, MD, PhD, Professor, Department of Surgery, Faculty of Medicine University of Iceland.

**10.35–11.15** **Lessons learned from stem-cell based airway transplantation.** Paolo Macchiarini, MD, PhD, Professor, Advanced Center of Translational Regenerative Medicine (ACTREM), Karolinska Institutet, Division of Ear, Nose, and Throat (CLINTEC), University Hospital, Stockholm, Sweden.

**11.15–11.35** **Coffee break.**

**11.35–11.50** **The epithelial stem cell. Role in regeneration and cancer.** Þórarinn Guðjónsson, PhD, Associate Professor, Department of Anatomy & Stem Cell Research Unit, Faculty of Medicine, University of Iceland.

**11.50–12.05** **Modeling human airway development in vitro.** Magnús K. Magnússon, MD, Professor, Department of Pharmacology and Toxicology, Stem Cell Research Unit, Faculty of Medicine, University of Iceland.

**12.05–12.25** **Panel discussions.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA \ SÍA 121555


## GÓÐ HÚSRÁÐ Veljið box með glugga

*Hvernig geyma á matarafganga*

Fátt er betra en að sleppa við eldamennsku kvöldsins og gæða sér á afgöngum. Afgangar vilja þó gleymast inn í ísskáp. Gott ráð er því að geyma afganga í íláti með glæru loki, því þannig blasa krásirnar frekar við.



■ Heilsa

## Rúgbrauð á morgnana dregur úr áti yfir daginn

Rúgbrauð er ríkt af næringarefnum og trefjum sem metta vel og lengi, að því er danski læknirinn Bente Klarlund segir á vef danska blaðsins Politiken. Læknirinn vísar í rannsókn sem leiddi í ljós að rúgur mettar betur en hveiti. Þátttakendur í rannsókninni sem borðuðu rúgbrauð í morgunmat borðuðu 16 prósentum minna af mat yfir daginn en þeir sem ekki gæddu sér á rúgbrauði á morgnana. Á vefnum er greint frá rannsóknum sem gáfu til kynna að dagleg neysla rúgbrauðs verndaði gegn krabbameini í blöðruhálskirtli. Jafnframt er greint frá því að aðrar rannsóknir hafi gefið til kynna að rúgbrauð væri vörn gegn brjóstakrabbameini.



■ Leikföng

## Verslanir Tiger vara við fylgihlutum með leikfangi

Verslanir Tiger vara við fylgihlutum með trékubbum í fötu með vörunúmerinu 1701073, að því er segir á vef Neytendastofu. Kubbarnir eru í poka ofan í fötunni og er pokinn bundinn saman. Tiger varar við því að bandið og lokunin/klemman á pokanum geti verið varasöm fyrir lítil börn og valdið hættu á köfnun. Tiger biður þá sem hafa keypt þessa vöru að fjarlægja pokann strax og setja kubbana beint í fötuna eða skila vörunni og fá endurgreitt.



■ Húðvörur

## Kanna þarf hvort gamalt sólarvarnarkrem er nothæft

Ef sólarvarnarkremið frá því í fyrra hefur skipt um lit þarf það ekki að þýða að það sé ónothæft. Þetta er haft eftir norskum húðsjúkdómalækni á vef norska ríkisútvarpsins. Læknirinn, Bjørn E. Bondevik, tekur það hins vegar fram að ef vond lykt er komin af sólarvarnarkreminu sé það ónothæft því að þá sé fitan í því yfirleitt orðin þrá. Hafi kremið skilið sig veitir það ekki jafna vörn og þá þarf að fleygja því. Brenni maður í sólinni þrátt fyrir notkun sólarvarnarkrems sem maður telur ekki of gamalt er ástæða til þess að kaupa nýtt.



# NIP+FAB

## 20% afsláttur dagana 7. – 13. Júní




## Stjörnurnar nota NIP+FAB

Breska húðvörulínan NIP+FAB frá Rodial er náttúruleg og **án allra parabena**. Varan þykir bæði vönduð og ódýr. NIP+FAB inniheldur 20 vöruliði og henta öllum húðgerðum.

NIP+FAB hefur algjörlega slegið í gegn og er sem dæmi notað af mörgum helstu stjörnum Hollywood um þessar mundir meðal annars leikkonunum Kristen Stewart, Jessica Alba, Angeliu Jolie, Jennifer Lopez, Kate Beckinsale og prinsessunni Kate Middleton.

**Náttúrulegar húðvörur án parabena bæði fyrir andlit og líkama sem gefa frábæran árangur.**

Fáanlegt í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni, Spönginni, Holtagörðum, Garðabæ og á Akureyri.

**GIVE IT SOME LEG!**




**GET AN A-LIST BUST!**







**GET THE ROYAL GLOW**

### MULTI FIX OIL

Nærandi meðferðarolía fyrir líkama og sál sem inniheldur góðar olíur eins og Borage Seed olíu, Safflower Seed og Black Currant Seed olíu. Þessi frábæra olía vinnur á slitförum, viðheldur og byggir upp stinnleika húðarinnar, verndar gegn rakatapi. Nuddið vel inn í húðina og vandamálasvæði heyra sögunni til.




**TWILIGHT BRIGHT SKIN!**

### PIGMENTATION FIX

Jafnari og náttúrulegri húðlitur. Pigmentation Fix er kröftug formúla sem vinnur á litablettum húðarinnar og gefur henni bjartari húðlit. Kremið má nota eitt og sér eða undir dagkrem (Moisture Fix). Þreytumerkin burt: til að fá skjóta lausn má bera þykkt lag af Pigmentation á húðina bíða í 10 mínútur og strjúka létt af áður en farðinn er settur yfir, útkoman verður fullkomin.

### BUST FIX

„Brjóstastækkun úr túbu"
Bust fix serumið örvar myndun og geymslu náttúrulegra fitufrumna í brjóstum og eykur stærð þeirra ásamt því að þétta og styrkja húðina á brjóstum og bringu svo um munar. Bust Fix serumið endurmótar útlínur brjóstanna og ýtir undir kvenleikann.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Miðnætur opnun

7. júní



Á miðnæturopnun Smáralindar getur þú gert mjög hagstæð kaup og notið veitinga á þægilega lágu verði. Kíktu á dúndurtilboðin á næstu síðum og búðu þig undir að vera í spennandi verslunar- og skemmtiferð til miðnættis.

## POP-UP hönnunarmarkaður

Í tilefni af miðnæturopnuninni poppar upp flottur hönnunarmarkaður í verslunarrými á fyrstu hæð við hlið Dogma. Á hönnunarmarkaðinum verða frábærir hönnuðir með alls konar spennandi hönnunarvörur til sýnis og sölu. Komdu og skoðaðu það sem íslenskir hönnuðir framleiða í dag.

- Mosi.is
- Frjálsmen
- Fær ID
- Stáss
- Baby K
- Amanda & Svava Reykjavík
- Umemi
- Helicopter
- Björg í Bú
- Another Scorpion Design
- Begga Design

**Vertu vinur Smáralindar** á Facebook og skráðu þig á póstlistann.

Þú gætir unnið **100 þús. kr.** gjafakort í Smáralind!



# TILBOÐ

**30% afsláttur**
af öllum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.

**30% afsláttur**
af öllum vörum
Levi's

**20% afsláttur**
af öllum vörum
KARAKTER KONUR

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**30-40% afsláttur**
af völdum vörum
herra GARÐURINN

**20% afsláttur**
af öllum vörum
galleri sautján

**20% afsláttur**
af Jökli og öllum ferðamálum, Kaffitársmoli með öllum kaffidrykkjum
Kaffitár

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Eymundsson
Bóksali frá 1872

**10% afsláttur**
af Urbanears og
**20% afsláttur**
af aukahlutum
NOVA

**20% afsláttur**
af völdum úrategundum.
**20-70% afsláttur**
af völdum silfurvörum
JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

**20% afsláttur**
af öllum fatnaði og fylgihlutum
**3 fyrir 2** af völdum MAC vörum
**3 fyrir 2** af öllum öðrum snyrtivörum
DEBENHAMS

**20% afsláttur**
af öllum Bodum og Rosendahl vörum
Líf&List SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum vörum
THE BODY SHOP

**20% afsláttur**
af öllum skóm
gs skór

**20% afsláttur**
af öllum vörum
66°Norður
66° NORÐUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum
SMASH

**Pandora silfurarmband**
**9.900 kr.**
áður 11.900 kr.
PANDORA
ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK

**Bernaise ostborgari** á 1.390 kr.
**Tagliatelle** með túnfisk og salsa, ferskt salat á 1.390 kr.
**Kjúklingalundir** í Teriyakisósu, hrísgrjón og salat á 1.390 kr.
**Stórt kókglas** á 250 kr.
**Marengstertusneið** á 590 kr.
CAFÉ ADESSO

**Stanslaus skemmtun til miðnættis!**

Smáralind

Tilboð með fyrirvara um prentvillur

ENNEMM / SÍA / NM52698

# GLÆSILEG

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **20% afsláttur** af öllum vörum ZO•ON ICELAND | **20% afsláttur** af öllum vörum Smárar | Fjöldinn allur af flottum sólar- og **sumartilboðum** LYFJA – Lifið heil | **30% afsláttur** af öllum skóm Bata Skóverslun Smáralind | **3 fyrir 2** af öllum sumarvörum D. |
| **Pylsa og kók** í dós (33 cl) á 400 kr. ÍSBÚÐIN Kjörís SMÁRALIND | **30% afsláttur** af öllum vörum Ice in a bucket | **20% afsláttur** af öllum aukahlutum ef keypt er símtæki vodafone | **20% afsláttur** af öllum vörum JOE BOXER | **30% afsláttur** af öllu nema Basic vörum POLARN O. PYRET |
| **20% afsláttur** af öllum skóm ecco | **10-30% afsláttur** af öllum vörum CORNER | **20% afsláttur** af öllum skóm focus | **20% afsláttur** af fatnaði, skóm og skarti BOYS | **Kjúklingafeta Burrito** og Egils Kristall 999 kr. serrano FRESH MEX |
| **20% afsláttur** af öllum vörum Leonard | **20% afsláttur** af öllum skóm Kaupfélagið skór.is | **Tax free** af allri snyrtivöru, fatnaði og skóm HAGKAUP Ein ferð betra verð | **20% afsláttur** af öllum skóm og töskum KAREN MILLEN | **20% afsláttur** af öllum vörum oasis |
| **15% afsláttur** af öllum vörum **20% afsláttur** af leðurjökkum JÚNÍK | **Gratinerað kjúklingasalat** með drykk á 2.190 kr. energia | **20% afsláttur** af öllu í dömudeild og **40% afsláttur** af öllu í herradeild ORGINAL | **20% afsláttur** af öllum vörum SAINTS | **25-40% afsláttur** af völdum vörum epli.is |

Tilboð með fyrirvara um prentvillur

**Dúndur tilboð**

# TILBOÐ

**20% afsláttur**
af seðlaveskjum
Drangey

**30% afsláttur**
af ppd postulínsvörum
BJARKARBLÓM

**20% afsláttur**
af völdum vörumerkjum
DÚKA

**15% afsláttur**
af öllum vörum
VERO MODA

**15% afsláttur**
af öllum vörum
VILA CLOTHES

**10% afsláttur**
af öllum vörum
JACK & JONES

**20% afsláttur**
af öllu í dömudeild
**10% afsláttur**
af öllu í herradeild
SELECTED

**20% afsláttur**
af öllum vörum
name it

**20% afsláttur**
af öllum vörum
HYGEA snyrtivöruverslun

**15% afsláttur**
af öllum vörum
TOPSHOP

**15% afsláttur**
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

**15% afsláttur**
af öllum vörum
evans.

**2 fyrir 1 á frelsi**
**20% afsláttur**
af aukahlutum
Tal

**20% afsláttur**
af völdum vörum
DÝRABÆR

**Allar vörur**
**á 199 kr.**
MegaStore

**Hvítvínsglas** á 400 kr.
**Frír** leikur í Pool
**Frítt** Joger smakk
**2 fyrir 1** í Sleggjuna og 7D bíó
Skemmtigarðurinn SMÁRALIND



**Opið til 24 í kvöld**

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM52698

**28,2 MILLJARÐAR KRÓNA** var afgangur af vöruskiptum á fyrstu fimm mánuðum ársins.

## Starfskjarastefna Íslandsbanka heimilar bónusgreiðslur

Í starfskjarastefnu Íslandsbanka, sem var samþykkt á síðasta aðalfundi bankans, er liður sem veitir honum heimild til að setja upp árangurskerfi fyrir starfsmenn sína. Það kerfi er ekki eiginlegt kaupaukakerfi þar sem beinn eignarhlutur í bankanum myndar stofn að kaupaukakerfi, líkt og er hjá Landsbankanum, en það gerir Íslandsbanka kleift að tengja greiðslur til starfsmanna sinna við starfsárangur þeirra.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Íslandsbanki væri ekki með neitt kaupaukakerfi á teikniborðinu.

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi bankans, segir það rétt að bankinn sé ekki með sambærilegt kaupaukakerfi í pípunum og Landsbankinn. „Hins vegar var starfskjarastefna bankans samþykkt á síðasta aðalfundi en undir henni er liður sem veitir bankanum heimild til að setja upp árangurskerfi. Það kerfi er að fullu í samræmi við reglur sem FME hefur sett í þeim málum en enn sem komið er hafa engar ákvarðanir verið teknar um innleiðingu slíks kerfis hjá bankanum.“ -þsj



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson sagði áhættu fjármálakerfisins í heild hafa minnkað frá því á sama tíma á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Efnahagsbati og áhætta dregst saman

**Áhætta fjármálakerfisins að minnka. Enn stórir áhættuþættir sem geta haft neikvæð áhrif. Seðlabankinn kynnti Fjármálastöðugleikarit sitt í gær.**

Áhætta íslenska fjármálakerfisins hefur minnkað frá því í fyrra. Helstu áhættuþættir sem steðja að því eru losun hafta, staða alþjóðlegs efnahagsástands, yfirvofandi endurfjármögnun erlendra skulda annarra aðila en ríkissjóðs, lagaáhætta vegna gengislánadóma og hugsanleg áhrif stjórnmálaákvarðana á fjármálafyrirtækin og lánasöfn þeirra. Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra þegar Fjármálastöðugleiki 2012 fyrra hefti, sem Seðlabankinn gefur út, var kynnt í gær.

Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, kynnti helstu niðurstöður ritsins á kynningarfundi í gær. Í máli hennar kom fram að hagvöxtur, kaupmáttur ráðstöfunartekna, einkaneysla og atvinna hefðu aukist í fyrra á sama tíma og atvinnuleysi dróst saman. „Þetta eru allt jákvæð teikn og má segja að efnahagsbatinn sé hafinn, en ekki að hefjast,“ sagði Sigríður. Hins vegar hafi verðbólguhorfur versnað og skuldsetning heimila og fyrirtækja sé enn mikil.

Sigríður benti einnig á að vanskilahlutföll séu mjög há hérlendis, þó þau hafi dregist töluvert saman frá árslokum 2009.

Skuldir heimila hafa minnkað um átta prósent af landsframleiðslu frá lokum fyrsta ársfjórðungs 2011. Þrátt fyrir að langstærstur hluti lána landsmanna sé verðtryggður kemur fram í ritinu að hlutur óverðtryggðra lána hafi aukist verulega. Þau eru nú um 15 prósent allra lána sem heimili landsins hafa tekið en voru um sex prósent þeirra í upphafi árs 2009. Þá eru gengisbundin lán nær horfin, enda annaðhvort búið að dæma flest þeirra ólögmæt eða breyta þeim yfir í annars konar lán. Sigríður sagði að búið væri að afgreiða nánast alla þá sem eiga rétt á að fara í gegnum 110 prósent leiðina og einungis fjórðungur sé eftir af þeim sem eiga rétt á sértækri skuldaaðlögun. Auk þess tvöfaldaðist fjöldi þeirra mála sem er lokið hjá Umboðsmanni skuldara frá áramótum og fram í apríl. Skuldir íslenskra heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eru þó enn með því hæsta sem gerist í heiminum. Það hlutfall lækkaði þó í fyrra og Seðlabankinn gerir ráð fyrir því að það lækki enn frekar í ár vegna hækkandi ráðstöfunartekna.

Skuldir fyrirtækja lækkuðu um 30 prósent á milli ára og afskriftir af skuldum þeirra hafa aukist gríðarlega frá árslokum 2010. Sigríður sagði íslensk fyrirtæki þó enn mun skuldsettari en gerist í löndunum í kringum okkur. thordur@frettabladid.is

## Ekki að fara á taugum vegna útboða

Samkvæmt gildandi lögum á að afnema fjármagnshöft á Íslandi í lok árs 2013. Í Fjármálastöðugleikaritinu segir að ein helsta hindrun í vegi þess að hægt sé að afnema þau skjótt séu hinar svokölluðu aflandskrónur. Seðlabankinn áætlar að þær nemi um 425 milljörðum króna um þessar mundir. Seðlabankinn áætlar að útgreiðslur úr þrotabúum föllnu bankanna til erlendra aðila í íslenskum krónum geti aukið þá stöðu um 190 milljarða króna. Miðað við það næmi stofn aflandskróna um 615 milljörðum króna. Til viðbótar er óvíst með hvaða hætti verður greitt fyrir 170 milljarða króna hlut erlendra kröfuhafa í nýju bönkunum þremur. Síðan höftin voru sett á hafa 182 milljarðar króna af aflandskrónum skipt um hendur. Þar af voru 120 milljarðar króna hluti af hinu svokallaða Avens-samkomulagi. Seðlabankinn hefur auk þess, með gjaldeyrisútboðum og beinum viðskiptum, haft milligöngu um að 62 milljarðar aflandskróna hafa skipt um hendur. Már Guðmundsson sagði bankann ekki hafa miklar áhyggjur af því að þessar leiðir væru ekki að skila nægilega miklum árangri. „Við erum ekki að fara á taugum yfir því hvernig þau [útboðin] eru að ganga.“



Litlir tappar eru varasamir

... fyrir litla tappa

Ung börn, sérstaklega yngri en 3 ára, eiga það til að setja hluti upp í munninn. Skrúftappi á Fjörmjólk, D-vítamínbættri mjólk og á Stoðmjólk er af þeirri stærð að hann gæti verið varasamur ungum börnum.

Við viljum biðja forráðamenn smábarna að hafa þetta hugfast.

ENNEMM / SÍA • NM52464

# Víðtækt samráð er leiðin til sátta

**Við undirritaðir, skipstjórar á fiskiskipum í íslenska flotanum,** skorum hér með á stjórnvöld að draga þegar í stað til baka vanreifuð frumvörp um veiðigjald og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og hefja víðtækt samráð við þá sem starfa í íslenskum sjávarútvegi, við sveitarstjórnarmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta um breiða sátt um málefni atvinnugreinarinnar.

Þrátt fyrir margvíslegar athugasemdir og viðvörunarorð í fjölmörgum umsögnum um frumvörpin, sem nú liggja fyrir Alþingi, eru þau enn þannig úr garði gerð að þau munu valda ómældu tjóni á íslenskum sjávarútvegi nái þau fram að ganga.

Í þrjú ár hafa stjórnvöld haft í hótunum við fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi og starfsmenn þeirra með hugmyndum um róttækar breytingar sem engin sátt er um. Ítrekað hefur verið leitað eftir því við stjórnvöld að þau taki boði um samráð til að leiða til lykta þann ágreining sem uppi er og finna lausn sem hægt er að búa við. Á það hefur ekki verið hlustað.

Skipstjórnarmenn tekur það sárt að fiskiskipaflotinn liggur bundinn við bryggju en við treystum því að almenningur virði þessa aðgerð. Stórhækkað veiðigjald og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða snerta ekki aðeins fyrirtækin heldur fyrst og fremst fólkið sem hjá þeim starfar, atvinnu þess og afkomu. Koma verður í veg fyrir það tjón sem við blasir.

**Víðtækt samráð er leiðin til sátta um framtíðarfyrirkomulag í íslenskum sjávarútvegi.**

---

**Aðalsteinn Rúnar Friðþjófsson,** Fjölnir SU 57
**Alexander Hallgrímsson,** Fróði II ÁR 38
**Andrés Pétursson,** Hafdís SU 220
**Arnar Kristjánsson,** Helgi SH 135
**Ágúst Ómarsson,** Málmey SK 1
**Árni Sigurðsson,** Arnar HU 1
**Árni Ó. Þórhallsson,** Sigurfari GK 138
**Ásgrímur Ingólfsson,** Ásgrímur Halldórsson SF 250
**Benóný Guðjónsson,** Sóley Sigurjóns GK 200
**Bergur Guðnason,** Gullberg VE 292
**Birgir Þór Sverrisson,** Vestmannaey VE 444
**Björgvin Færseth,** Sigga Bjarna GK 5
**Björn Jónasson,** Málmey SK 1
**Brynjar Birgisson,** Ársæll ÁR 66
**Daði Þorsteinsson,** Aðalsteinn Jónsson SU 11
**Egill Guðni Guðnason,** Gandí VE 171
**Einar Guðnason,** Jón á Hofi ÁR 42
**Erling Erlingsson,** Steinunn SF 10
**Erling Arnar Óskarsson,** Baldvin Njálsson GK 400
**Eyjólfur Guðjónsson,** Kap VE 4
**Eyþór Þórðarson,** Dala-Rafn VE 508
**Freyr Guðmundsson,** Oddeyrin EA 210
**Frosti Halldórsson,** Valdimar GK 195
**Gísli Garðarsson,** Kap VE 4
**Gísli Jónsson,** Páll Jónsson GK 7
**Gísli Runólfsson,** Bjarni Ólafsson AK 70
**Grétar Rögnvarsson,** Jón Kjartansson SU 111
**Grétar Þór Sævaldsson,** Bergur VE 44
**Guðjón Guðjónsson,** Arnar HU 1
**Guðmundur Ársælsson,** Brynjólfur VE 3
**Guðmundur S. Halldórsson,** Arnþór GK 20
**Guðmundur Þ. Jónsson,** Vilhelm Þorsteinsson EA 11
**Guðmundur Marteinsson,** Arnar ÁR 55
**Guðni Birgisson,** Reginn ÁR 228
**Gunnar Einarsson,** Jón Vídalín VE 82
**Gylfi Kjartansson,** Gnúpur GK 11
**Halldór Kr. Valdimarsson,** Benni Sæm GK 26
**Halldór K. Viðarsson,** Jóhanna ÁR 206
**Hannes Einarsson,** Freri RE 73
**Hálfdán Steinþórsson** Beitir NK 123
**Helgi Örn Kristinsson,** Þinganes SF 25
**Hilmar Helgason,** Hrafn Sveinbjarnarson GK 255
**Hinrik Reynisson,** Hringur SH 153
**Hjörtur Guðmundsson,** Örvar SK 2
**Hjörvar Hjálmarsson,** Beitir NK 123
**Hörður Már Guðmundsson,** Þorsteinn ÞH 360
**Ingvaldur Ásgeirsson,** Þórir SF 77
**Jóhannes Danner,** Jóna Eðvalds SF 200
**Jón Axelsson,** Álsey VE 2
**Jón Atli Gunnarsson,** Ísleifur VE 63
**Jón Árni Jónsson,** Friðrik Sigurðsson ÁR 17
**Jón Þorbjörnsson,** Þórir SF 77
**Jónas Árnason,** Bergur Vigfús GK 43
**Kolbeinn Marinósson,** Ágúst GK 95
**Kristinn Arnberg Kristinsson,** Steini GK 45
**Magnús Guðmundsson,** Kristbjörg VE 71
**Magnús Jónasson,** Sighvatur Bjarnason VE 81
**Magnús Ríkarðsson,** Drangavík VE 80
**Margeir Guðmundsson,** Skinney SF 20
**Njáll Kolbeinsson,** Kristín ÞH 157
**Ólafur Einarsson,** Heimaey VE 1
**Óskar Matthíasson,** Bylgja VE 75
**Pálmi Gauti Hjörleifsson,** Oddeyrin EA 210
**Pétur Andersen,** Suðurey VE 12
**Róbert Paul Scala,** Dóri GK 42
**Runólfur Runólfsson,** Bjarni Ólafsson AK 70
**Sigmundur Sigmundsson,** Snæfell EA 310
**Sigtryggur Gíslason,** Kaldbakur EA 1
**Sigurbergur Hauksson,** Börkur NK 122
**Sigurbjörn L. Guðmundsson,** Sturla GK 12
**Sigurbjörn Kristjánsson,** Vigri RE 71
**Sigurður Bjarnason,** Jóna Eðvalds SF 200
**Sigurður V. Gunnarsson,** Skálafell ÁR 50
**Sigurður Ragnar Kristinsson,** Geir ÞH 150
**Sigurður Ásgeir Samúelsson,** Berglín GK 300
**Sigurður G. Sigurjónsson,** Bergey VE 544
**Sigurður Steingrímsson,** Dala-Rafn VE 508
**Sigurgeir Sævaldsson,** Bergur VE 44
**Sigurjón Halldórsson,** Farsæll SH 30
**Sigurjón Ingvarsson,** Júpíter ÞH 363
**Snorri Snorrason,** Klakkur SK 5
**Steinþór Hálfdánarson,** Bjartur NK 121
**Sturla Einarsson,** Guðmundur VE 29
**Sturla Þórðarson,** Börkur NK 122
**Sverrir Kjartansson,** Örvar SK 2
**Theodór Elvar Haraldsson,** Barði NK 120
**Unnsteinn Jensson,** Sighvatur GK 57
**Vigfús Markússon,** Tómas Þorvaldsson GK 10
**Vilhelm Hennin gsson,** Hásteinn ÁR 8
**Þorsteinn Eyjólfsson,** Baldvin Njálsson GK 400
**Þorsteinn Guðmundsson,** Hvanney SF 51
**Þórður Pálmason,** Jóhanna Gísladóttir ÍS 7
**Ægir Birgisson,** Ásgrímur Halldórsson SF 250
**Æva r Ásgeirsson,** Hrafn GK 111

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjarskiptamarkaðurinn leitar jafnvægis:

# Hrakspárnar sem ekki rættust

Fréttablaðið hefur undanfarna daga birt fréttir um stöðu mála á fjarskiptamarkaði, upp úr svokallaðri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Eitt af því sem athygli vekur er að á farsímamarkaðnum, þar sem vöxturinn hefur verið einna hraðastur, hefur ægivaldi Símans verið hnekkt og markaðshlutdeild fyrirtækisins er komin undir 40%. Vodafone hefur tæplega þriðjung markaðarins, Nova rúmlega fjórðung og aðrir minna. Á markaði fyrir internettengingar er hlutdeild Símans nú rétt um helmingur. Í gamla fastlínukerfinu er Síminn áfram með yfir 70% hlutdeild á markaði sem er í hnignun. Í sumum geirum hans, til dæmis millilandasamtölum, er hlutdeild Símans orðin minni en helmingur.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Hér er því að komast á meira jafnvægi á milli keppinauta á fjarskiptamarkaðnum. Það bendir til að þrátt fyrir að gamli einokunarrisinn hafi margoft misstigið sig á línunni milli hins löglega og ólöglega sé samkeppnis- og fjarskiptalöggjöfin að skila því hlutverki sínu að greiða keppinautunum leið inn á markaðinn og takmarka yfirráð Símans.

Á fjarskiptamarkaði er nú blómleg samkeppni og hröð tækniþróun. Samkvæmt samanburði Alþjóðaefnahagsráðsins eru hvergi hlutfallslega fleiri netnotendur en á Íslandi, aðeins í þremur löndum hærra hlutfall með háhraðanettengingu, flutningsgetan sú næstmesta í heimi og hvergi fleiri skólar með aðgang að háhraðaneti. Meira að segja verðið kemur vel út úr árlegum samanburði OECD.

Þessi staða er í hróplegri andstöðu við þær hrakspár, sem settar voru fram þegar ríkiseinokun var afnumin á fjarskiptamarkaðnum með innleiðingu regluverks ESB og einkavæðing Símans undirbúin. Í blaðagrein árið 2000 kallaði til dæmis Steingrímur J. Sigfússon, núverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, einkavæðinguna „óhappaverk" og líkti stöðunni sem Síminn yrði í að lokinni einkavæðingu við dönsku einokunarverzlunina; þetta yrði „einkaeinokun". „Samanburður við einkavæðingu í fjarskiptageiranum í erlendum stórborgum og hjá milljónaþjóðum í þéttbýlum löndum á hér ekki við og er óraunhæfur," sagði Steingrímur og taldi líklegustu afleiðinguna af einkavæðingu Símans þá að „frekari uppbygging grunnnetsins út um landið stöðvist með öllu" og landsbyggðin yrði látin mæta afgangi.

Þessar hrakspár hafa ekki rætzt. Símafyrirtækin hafa séð sér hag í uppbyggingu grunnnetsins; Síminn tilkynnti til dæmis nýlega um áform um að tengja 75% heimila landsins við svokallað ljósnet innan tveggja ára. Farsímafyrirtækin hafa farið langt fram úr kröfum rekstrarleyfis síns um uppbyggingu þriðju kynslóðar þjónustu úti um landið, meðal annars hefur Síminn byggt upp langdrægt 3G-net sem þjónar langstærstum hluta landsins og miðanna. Þar sem fyrirtækin hafa ekki talið hagkvæmt að setja upp senda eða bjóða upp á háhraðanettengingar hefur Fjarskiptasjóður komið til skjalanna, meðal annars með þeim árangri að nú hefur allur þorri íbúa í dreifbýli aðgang að háhraðatengingum.

Það sem Steingrímur J. kallaði „ofstæki" og „trúaratriði einkavæðingarpostula" fyrir tólf árum virðist hafa borið furðugóðan árangur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gróðurinn gæsaður

Í frétt á RÚV í gær sagði frá hrakförum bónda nokkurs sem kvartaði sáran undan ágangi heiðargæsa á gróður. Hann sagði sérkennilegt að strangar reglur giltu um sauðfé en ekkert væri horft til ágangs gæsanna. Þetta er rétt ályktað. Hvað vilja þessir villtu dýrastofnar upp á dekk og graðga í sig grasi á meðan búfénaður, sem aldrei hefur gert neitt á hlut gróðurs á landinu, liggur óbættur hjá garði?

### Aðför og ábyrgð

Áríðandi tilkynning barst frá Menntaskólanum Hraðbraut í gær. Þar sagði að rekstri skólans hefði verið hætt og sú ákvörðun að gera ekki annan þjónustusamning við skólann tengd „aðför stjórnvalda að einkarekstri". Forsvarsmenn skólans gangast við því að Ríkisendurskoðun hafi í úttekt sinni gagnrýnt „tiltekna þætti" í rekstri skólans. Því skal til haga haldið að þessir „tilteknu þættir" voru meðal annars að eigendur skólans hefðu greitt sér arð „umfram fjárhagslegt bolmagn" og lánað 50 milljónir króna út úr rekstrinum til aðila tengdra eigendum og þar hafi verið um „óeðlilegar" lánveitingar að ræða.





### Allur er varinn góður

Ásmundur Einar Daðason hefur varpað fram áleitinni spurningu til utanríkisráðherra. Hann spyr um skriflega staðfestingu á að ESB fari ekki fram á endurgreiðslu IPA-styrkja hafni Ísland aðild. Rétt er að hafa vaðið fyrir neðan sig og óþarft að trúa öllu sem fulltrúar ESB hafa sagt í samskiptum við Íslendinga. Að vísu segir ekkert um kvaðir um inngöngu í rammasamningi um IPA-aðstoðina. Samt er ekki útilokað að í heilagri gremju yfir synjun muni ESB valta yfir landið til að sækja hverja evru af þeim 0,24% af heildarfjárveitingu IPA 2007-2013 sem Ísland gæti fengið. Þetta hljómar eins og innheimtuverkefni fyrir ESB-herinn. **thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Vafasöm vigtun sjávarafla

Sjávarútvegsmál

Kristinn H. Gunnarsson

fv. alþingismaður



Hinar opinberu reglur um vigtun fiskafla eru hriplekar sem gatasigti. Látið er að mestu eftirlitslaust í hendur vinnsluaðila að ákvarða magn, stærð, meðalþyngd og tegund aflans. Framkvæmd vigtunarinnar þýðir að kaupendum aflans einum er treyst fyrir því að gefa ríkinu upp hve mikill kvóti hefur verið nýttur. Þetta er vafasamt fyrirkomulag.

Afli er að jafnaði vigtaður fyrst á hafnarvog sveitarfélagsins. Hins vegar hafa um 90 fiskkaupendur um allt land leyfi til þess að endurvigta aflann. Það er gert innan veggja fyrirtækisins án viðveru opinberra eftirlitsmanna. Endurvigtunin er send til hafnarvogarinnar þar sem fyrst var vigtað. Beri tölunum ekki saman ræður endurvigtunin og er færð inn í gagnagrunn Fiskistofu. Ekkert samband er milli vigtunarkerfanna tveggja og því engin leið að staðreyna mælingu fiskkaupandans.

Gildandi fyrirkomulag býður hættunni heim, þar sem endurvigtunin er að mestu í höndum aðila sem fjárhagslegan ávinning hafa af því að hafa rangt við. Sé fiskaflinn vanvigtaður er hægt að veiða meira en nemur útgefnum kvóta og sé meðalþyngd lækkuð verður fiskverðið lægra en rétt er. Afleiðing af svindli er að meira er veitt en kvóti leyfir og að ríkið, sveitarfélögin, fiskseljandi og sjómenn eru hlunnfarin um kvóta og tekjur.

Sáralítið af veiddum afla er endanlega vigtað af hinu opinbera eða hlutlausum og trúverðugum aðila. Fiskur sem vinnsluskip veiða er aldrei vigtaður heldur er stuðst við mælingar á afurðum eftir á. Óunninn fiskur sem seldur er erlendis er vigtaður þar. Mest af óunnum fiski sem seldur er innanlands er vigtað af fiskkaupandanum. Aðeins afli sem seldur er á innlendum fiskmarkaði er vigtaður af hlutlausum aðila. Það eru um 15% af veiddum þorski, hin 85% eru vigtuð af aðilum sem hagnast fjárhagslega af frávikum. Í frumvarpi Jóns Bjarnasonar var í fyrra lagt til að breyta þessu og láta hina opinberu vigtun gilda. En það hefur verið dregið til baka. Kvótakerfið hvílir á ótraustum mælingum og býður upp á umfangsmikil undanskot og svik. Hið opinbera líður ekki slíkt í öðrum atvinnugreinum. Hverju sætir þessi sérmeðferð sem útgerðargreifar landsins fá?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þegar hátt er reitt til höggs

Sjávarútvegsmál
Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Útvegsmenn hafa reitt hátt til höggs undanfarnar vikur og kosta nú óbilgjarnan og villandi áróður gegn áformum löglega kjörinna stjórnvalda um að breyta stjórn fiskveiða og innheimta eðlilegt og réttlátt veiðigjald af útgerðum fyrir afnot af auðlind í eigu þjóðarinnar.

Fyrir síðustu helgi ákvað forysta Landssambands íslenskra útvegsmanna að hvetja félagsmenn til að brjóta lög um stéttarfélög og vinnudeilur og halda skipum sínum í höfn að loknum sjómannadeginum.

Í umræddum lögum segir orðrétt: „Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun: Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi.“

Lög, sem sett eru af Alþingi, verða og eiga að ná jafnt yfir alla. Útgerðarmenn standa ekkert ofar landslögum þótt þeir hafi ef til vill vanist því um áratuga skeið að fara sínu fram í krafti Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðsins sem þeir hafa nú eignast og gert að fréttabréfi sínu.

Þeir ætla seint að sætta sig við þá einföldu staðreynd að auðlindir hafsins hér við land eru eign þjóðarinnar og kjörnir fulltrúar hennar hafa umboð til þess að ráðstafa henni.

> Útgerðarmenn standa ekkert ofar landslögum þótt þeir hafi ef til vill vanist því um áratuga skeið að fara sínu fram í krafti Sjálfstæðisflokksins …

### Sanngjarnt gjald til þjóðarinnar

Á frumvörpunum tveimur um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, sem nú er deilt um á Alþingi, hafa verið gerðar margvíslegar breytingar. Tillit hefur verið tekið til athugasemda og umsagna og flestar eru breytingarnar útgerðarfélögunum til hagsbóta. Þar á meðal hefur hið sérstaka veiðigjald verið lækkað umtalsvert frá því sem upphaflega var lagt til og er nú ráðgert að tekjur almennings af veiðigjöldum verði um 15 milljarðar króna í góðæri sjávarútvegsins.

Meðfylgjandi tafla sýnir meira góðæri greinarinnar undanfarin 4 ár en forkólfa LÍÚ gat dreymt um haustið 2008 þegar fjármálakerfið íslenska hrundi að mestu. Það er einkennilegt við þessi skilyrði að hlusta á stjórnarandstæðinga á Alþingi hamast gegn réttlátu veiðigjaldi og taka undir rakalausar og forhertar dómsdagsspár sumra útvegsmanna. Ég get fullvissað þá um að íslenskur sjávarútvegur þolir ágætlega að greiða 15 milljarða króna til samfélagsins af áætlaðri 78 milljarða króna framlegð (EBIDTA) á þessu ári. Eftir sitja 63 milljarðar sem er langt umfram meðaltalsframlegð sjávarútvegsins síðustu 10 árin.

**Sjávarútvegur**

| Milljarðar ISK | Raun | | | Spá | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011S | 2012S |
| Tekjur greinarinnar, útflutningsverðmæti | 173,7 | 205,1 | 220,2 | 256,0 | 276,5 |
| % breyting | | 18,1% | 7,3% | 16,3% | 8,0% |
| EBITDA | 47,6 | 63,3 | 63,6 | 75,0 | 78,0 |
| EBITDA % | 27,4% | 31,0% | 28,9% | 29,3% | 28,2% |
| Heildarskuldir | 564 | 564 | 500 | 440 | 390 |
| Eigið fé | -60 | 27 | 59 | 120 | 160 |
| VLF, verg landsframleiðsla | 1.482 | 1.498 | 1.537 | 1.640 | 1.763 |
| Útflutningsverðmæti sjávarf./VLF | 11,7% | 13,7% | 14,3% | 15,6% | 15,7% |

### Laun sjómanna og uppbygging á landsbyggðinni

Útgerðarmenn hafa sagst geta greitt hærra veiðigjald þegar á það hefur verið gengið en hafa samt verið ófáanlegir til þess að lýsa því hversu hátt gjaldið megi vera. Afkomutölurnar tala hins vegar sínu máli og sýna að 15 milljarðar króna hljóta að teljast sanngjarnt gjald fyrir nýtingarréttinn.

Ljóst er enn fremur að sérstakt veiðigjald, sem ræðst af afkomu greinarinnar, verður ávallt aðeins brot af því gjaldi sem útgerðarmenn hafa greitt hverjir öðrum í kvótaviðskiptum sín á milli eða þegar þeir hafa leigt til sín aflaheimildir af handhöfum veiðiheimildanna. Þá þykir mörgum útvegsmönnum sjálfsagt að innheimta af leiguliðunum 200 til 300 krónur fyrir þorskkílóið. Nú kveinka þeir sér undan gjaldi sem verður varla hærra en 40 krónur fyrir þorskígildiskílóið. Auk þess er ætlunin nú að ívilna útgerðum sem mjög eru skuldsettar vegna kvótakaupa eða sem nemur árlega 1,5 milljörðum króna næstu árin. Auk þess eru allar smærri útgerðir undanþegnar sérstaka veiðigjaldinu eða um helmingur útgerða í landinu.

Þeir hafa líka haldið því fram að hærra veiðigjald bitni á kjörum sjómanna. Þetta hefur verið hrakið. Launakostnaður er frádráttarbær eins og annar rekstrarkostnaður og er því ekki hluti af þeim stofni sem veiðigjaldið er reiknað af.

Eins og ríkisstjórnin hefur lýst yfir er ætlunin að nota 17 milljarða króna af veiðigjaldi næstu þriggja ára til að fjármagna fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015. Þar er m.a. gert ráð fyrir nýjum Herjólfi og framkvæmdum í Landeyjahöfn. Einnig á að hraða gerð Norðfjarðar- og Dýrafjarðarganga og efla nýsköpun, skapandi greinar, atvinnuþróun og sóknaráætlanir landshlutanna. Útvegsmenn ættu að vera stoltir yfir því að geta tekið þátt í slíkri uppbyggingu innviða samfélagsins með löglega kjörnum stjórnvöldum í stað þess að reiða til höggs gegn svo auðsjáanlegum almannahagsmunum Íslendinga.

## AF NETINU

### Staðan

Framboð Þóru geldur fyrir hvað það virkar stefnulaust – það er nánast eins og stuðningsmenn hennar hafi haldið að það væri nóg að sýna frambjóðandann. Meðan þetta er svona reikult ern varla horfur á öðru en að fylgi Þóru haldi áfram að dala. Hún hefur líka verið í hlutverki spyrils í sjónvarpi – það er ekki endilega auðvelt að fara úr þeirri rullu yfir í hlutverk þess sem svarar.

Herdís Þorgeirsdóttir og Ari Trausti Guðmundsson eiga varla mikla möguleika, en það vekur samt athygli að boðskapur þeirra virðist vera hnitmiðaðri en Þóru og það er ekki ólíklegt að þau sæki á nú síðustu vikurnar fyrir kosningar.

http://silfuregils.eyjan.is
Egill Helgason

### Smala þrælum til skítverka

Kvótagreifar hyggjast smala sjómönnum sínum um borð í skip í nótt og sigla með þá til Reykjavíkur. Til að láta þá mótmæla nýjum kvótalögum á morgun á Austurvelli. Í fyrsta sinn í sögu landsins er fólki smalað til útifundar að hætti einræðisherra og harðstjóra. Ákvörðunin er gott dæmi um æði greifanna, yfirgang og frekju. Sjómenn þora auðvitað ekki annað en að láta smala sér um borð. Annars mundu þeir missa plássið. Þetta verður aumasta stundin í sögu íslenzkrar alþýðu, þegar sjómenn láta skipa sér að steyta hnefann í átt til löggjafans. Greifarnir eru vanir að hafa fólk á kaupi til allra skítverka.

http://jonas.is/
Jónas Kristjánsson



# ÓDÝRASTI ÍSINN Í BÓNUS










BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI


# Forsetavaldið

Forsetaembættið



Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ

Í umræðu undanfarna daga um vald forseta Íslands, þ. á m. heimild hans til þingrofs, hefur skort á að greinarmunur sé gerður á annars vegar jákvæðum valdheimildum og hins vegar neikvæðum. Íslensk stjórnskipun byggir á þeirri meginreglu að mikilvægustu stjórnarathafnir ríkisins hljóti gildi við sameiginlega undirritun forseta og ráðherra. Þessi meginregla styðst við 19. gr. stjskr. þar sem segir að undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veiti þeim gildi er ráðherra riti undir þau með honum, en einnig kemur hún fram í 13. gr. um að forseti láti ráðherra „framkvæma vald sitt“.

Samkvæmt þessari reglu, sem rekja má til afnáms einveldis Danakonungs árið 1849, verður valdheimildum forseta ekki beitt án þess að til komi atbeini ráðherra sem ber stjórnskipulega ábyrgð á máli (sbr. 14. gr. stjskr.). Reglan á t.d. við um embættisveitingar forseta (20. gr. stjskr.), framlagningu lagafrumvarpa (25. gr. stjskr.) og útgáfu bráðabirgðalaga (28. gr. stjskr.). Hins vegar gildir reglan ekki um synjunarvald forseta skv. 26. gr. stjskr.

Forseti getur því synjað lögum Alþingis staðfestingar án atbeina ráðherra en að öðru leyti nýtur hann ekki formlegra jákvæðra heimilda. Það er því ástæðulaust að velta vöngum yfir því hvort forseti geti á eigin spýtur skipað embættismenn eða lagt fram stjórnarfrumvörp, svo dæmi séu tekin. Á hinn bóginn er ljóst að þessar ákvarðanir verða ekki teknar með gildum hætti án þess að til komi staðfesting forseta á tillögu ráðherra. Neikvæðar valdheimildir forseta skv. ákvæðum stjórnarskrárinnar eru því verulegar. Þótt jafnan sé rætt um þessar heimildir sem aðeins „formlegar“ með hliðsjón af þeirri framkvæmd að forseti fer jafnan að tillögu ráðherra, stendur eftir sú blákalda staðreynd að forseti verður ekki þvingaður til staðfestingar.

Um þingrof gildir framangreind meginregla fullum fetum. Forseti getur því ekki rofið þing skv. 24. gr. stjskr. án atbeina ráðherra og hefur því ótvírætt ekki jákvæða eða sjálfstæða heimild til þingrofs. Á hinn bóginn leiðir af reglunni að forseti verður heldur ekki þvingaður til að fallast á tillögu ráðherra um þingrof. Sú framkvæmd að forseti fallist jafnan á tillögu ráðherra um þingrof getur ekki haggað þessari staðreynd. Sama á við um skipun ráðherra (15. gr. stjskr.). Það flækir hins vegar málið að tillaga um skipun nýs forsætisráðherra getur verið borin upp af forsætisráðherraefni sem verður þá ráðherra þegar við undirskrift forseta. Fræðilega stenst því sú ímyndaða atburðarás sem Svanur Kristjánsson brá upp í viðtali við Spegilinn fyrir stuttu þar sem forseti skipaði nýjan forsætisráðherra sem gerði umsvifalaust tillögu til forseta um lausn sitjandi ríkisstjórnar, þingrof og nýjar kosningar. Hér verður þó að hafa í huga að slíkar athafnir forseta væru háðar því að fyrir hendi væri stjórnmálamaður sem vildi axla þá pólitísku og lagalegu ábyrgð sem þessum ákvörðunum fylgja. Sá stjórnmálamaður gæti orðið vandfundinn, a.m.k. í hópi alþingismanna.

Hér verður og að hafa í huga að þrátt fyrir þingrof myndi Alþingi halda umboði sínu til kjördags og gæti því samþykkt vantraust á hina nýju ríkisstjórn (24. gr. stjskr.). Að lokum verður að benda á heimild þingsins til að krefjast þess með 3/4 hluta atkvæða að forseti sé leystur frá með þjóðaratkvæðagreiðslu (3. mgr. 11. gr. stjskr.) en við slíka samþykkt myndi forseti láta umsvifalaust af störfum og handhafar forsetavalds fara með hlutverk hans þar til niðurstaða atkvæðagreiðslu lægi fyrir. Alþingi hefur það þannig í hendi sér að víkja forseta tímabundið frá og virkja pólitíska ábyrgð hans gagnvart þjóðinni. Þar af leiðandi fer því fjarri að Alþingi hafi engin spil á hendi í skiptum við forseta sem birtu gegn viðteknum venjum í stjórnskipun landsins, svo sem þingræðisreglunni. Það er svo annað mál, sem ekki er unnt að fjalla um nánar hér, hvort rétt sé að skýra og skilgreina lagalega ábyrgð forseta um þau atriði sem að framan greinir.

> Alþingi hefur það þannig í hendi sér að víkja forseta tímabundið frá og virkja pólitíska ábyrgð hans gagnvart þjóðinni.

# Rangfærslum framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs svarað

Fjármál



Helgi Teitur Helgason
framkvæmdastjóri Viðskiptabanka hjá Landsbankanum hf.

Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs hefur bæði í viðtali við vefritið Smuguna 1. júní og Fréttablaðið 4. júní rangtúlkað stöðu á íbúðalánamarkaði með þeim hætti að ekki er hægt að láta því ósvarað.

Á Smugunni er eftir honum haft að bankar „lokki fólk í gildru“ með lágum breytilegum vöxtum og að lánveitingar með óverðtryggðum vöxtum og stuttri bindingu séu óábyrgar og til þess fallnar að koma viðskiptavinum í vandræði. Bestu viðskiptavinirnir séu „pikkaðir“ í viðskipti með skuldbindingu til langs tíma og að því er virðist á þeim forsendum að viðskiptavinirnir viti sjálfir ekki hvað þeir séu að gera, um leið og hann gengur út frá hækkun vaxta til framtíðar. Hann er, með öðrum orðum, að saka aðra á íbúðalánamarkaði um að beita blekkingum.

Í Fréttablaðinu kveður við svipaðan tón, lántakendur eru varaðir við óverðtryggðum lánum og þeir sagðir grandalausir um áhrif þeirra. Þar er gagnrýnin klædd í umbúðir sem sýna eiga sérstaka umhyggju Íbúðalánasjóðs í garð neytenda.

Við þetta er margt að athuga.

1. Fastir vextir óverðtryggðra íbúðalána hjá bönkum eru bundnir til þriggja eða fimm ára og liggur það þ.a.l. fyrir hvernig greiðslubyrði lánanna verður í þann tíma. Að binditíma vaxtanna loknum, þá getur viðskiptavinurinn sjálfur ákveðið framhaldið. Hann getur valið að binda lánið áfram til sama tíma á föstum óverðtryggðum vöxtum, breytt tíma bindingarinnar telji hann það betra, eða þá ákveðið að skipta í verðtryggt lán. Slíkar breytingar kosta hann ekkert. Áhætta viðskiptavina er þannig fyrirsjáanleg að því marki sem hún hreinlega getur verið það.
2. Óverðtryggðir vextir endurspegla verðbólgu í landinu. Meginreglan er því sú að þeir hækka þegar verðbólga hækkar og öfugt. Þetta er öllum ljóst og enginn heldur öðru fram. Neytendur eiga þess nú kost með þessum nýju íbúðalánum að bregðast við því þegar bindingunni lýkur, öfugt við það sem forsvarsmaður Íbúðalánasjóðs virðist telja.
3. Það vekur einnig undrun hvernig framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs getur talað fyrir hag neytenda þegar hann býður sjálfur eingöngu verðtryggð lán með mun hærri vöxtum en bankar gera. Landsbankinn býður nú verðtryggð lán til íbúðakaupa með 3,75% vöxtum. Íbúðalánasjóður býður lægst 4,20%. Þetta þýðir með öðrum orðum að jafnvel þó svo að viðskiptavinir Landsbankans myndu ekki sætta sig við óverðtryggða vexti eftir að bindingu þeirra lyki eftir þrjú eða fimm ár, þá gætu þeir fengið mun betri verðtryggð kjör í bankanum sínum en hjá Íbúðalánasjóði – og það er ekkert uppgreiðslugjald hjá Landsbankanum ólíkt því sem er hjá Íbúðalánasjóði.
4. Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs ætlar sjálfur að bjóða óverðtryggð lán sem tæplega verða á betri kjörum en þegar bjóðast. Þau verða fjármögnuð með sértryggðum skuldabréfum, nákvæmlega eins og bankar gera eða hyggjast gera. Þessi skoðun framkvæmdastjórans á óverðtryggðum íbúðalánum vekur því undrun, því varla býður maður það með annarri hendinni sem maður ráðleggur fólki frá með hinni.

Rekstur og tilvist Íbúðalánasjóðs hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir Íslendinga. Alkunna er að sjóðurinn er illa staddur, svo ekki sé meira sagt, hann er rekinn með aðfinnsluverðri ríkisábyrgð, en býður þrátt fyrir það lökust kjör á markaði og það virðist taka sjóðinn heila eilífð að bjóða þær vörur sem markaðurinn kallar eftir. Að auki hefur hann enga burði til að takast á við skuldavanda lántakenda sinna og þvælist fyrir í hvert sinn sem reynt er að hrinda í framkvæmd aðgerðum á því sviðinu.

Í stað þess að bretta upp ermar kýs svo framkvæmdastjóri hans að koma fram með órökstuddar dylgjur um skaðsemi tiltekinna lánategunda fyrir viðskiptavini, sem allar miða að því sem viðskiptavinir kalla eftir – að eiga val.

> Þessi skoðun framkvæmdastjórans á óverðtryggðum íbúðalánum vekur því undrun, því varla býður maður það með annarri hendinni sem maður ráðleggur fólki frá með hinni.

TRYGGÐU ÞÉR FERÐ MEÐ

20.000 KR.

AFMÆLISAFSLÆTTI Á MANN
EÐA ÖNNUR SÉRTILBOÐ!

Tilboðin gilda til mánudagsins
11. júní eða meðan birgðir endast.

Margar brottfarir uppseldar!

Við erum 20 ára

# Afmælisveislan

heldur áfram!

## Ótrúleg tilboð – gríptu tækifærið!

Kynntu þér okkar glæsilegu afmælistilboð og bókaðu lægsta verðið á **www.heimsferdir.is**

### Tenerife



12. september - 8 nætur
20. september - 7 nætur

### Benidorm



12. júní - 7 nætur
19. júní - 14 nætur

### Costa del Sol



3. júlí - 14 nætur
17. júlí - 14 nætur

### Mallorca



26. júní - 14 nætur
10. júlí - 14 nætur

### Tyrkland



22. júní - 11 nætur
3. júlí - 10 nætur

### Alicante

Frá kr. 16.900 í júní

### Billund

Frá kr. 9.900 í júní

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM52746

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ÍSLENSKT LAMBAKJÖT VINSÆLASTA HELGARSTEIKIN




**1379** KR. KG

KJARNAFÆÐI **FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**

### 20 TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**798** KR. KG

**FROSINN LAMBABÓGUR**

200 KR. VERÐLÆKKUN PR.KG.

**FRÁBÆR UPPSKRIFT: MATREIÐSLA Á LAMBAÓG Á HEIMASÍÐU BÓNUS/UPPSKRIFTIR** HTTP://WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFT/LAMBABOGUR/




**1495** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**




**1495** KR. KG

BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
**SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI**

## ÍSLENSKUR LAX Á GRILLIÐ




**1898** KR. KG.

NORÐANFISKUR **LAX GRILL-KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI**




**1898** KR. KG

NORÐANFISKUR **ÍSLENSKUR LAX FROSINN BEINHR. M.ROÐI**

## 1/2 KJÚKLINGUR FORKRYDDAÐUR

TILBÚINN TIL MATREIÐSLU Í OFNINN EÐA GRILLIÐ **798** KR. KG.






**KING´S FERSKAR KRYDDJURTIR:**
GRASLAUKUR, MYNTA, GARÐABLÓÐBERG, RÓSMARIN, BASILÍKA, KÓRÍANDER

**479** KR. 50 GRÖMM



**ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ**
**798 KR.KG**



**ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU**
**359 KR.KG**



**ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR**
**149 KR STK.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FIMMTUDAGSTILBOÐ Í BÓNUS
Bónus samloka
TÚNFISKSALAT
Pringles Original
ENERGY DRINK SUGAR FREE 250 ml
FIMMTUDAGSTILBOÐ Í BÓNUS 398 KR.
1. STK BÓNUS-SAMLOKA - 1 STK. PRINGLES 40GR - 1. STK DÓS ORKUDRYKKUR 250ML
BBQ GRILLÁHÖLD
BBQ GRILLBURSTI
398 KR. STK
BBQ GRILLTÖNG
198 KR. STK
GRANDOS Café GOLD
398 KR. 100 GR
GRANDOS GOLD SKYNDIKAFFI/ISTANT
BÓNUS KAFFI
398 KR. 500 GR
BÓNUS KAFFI 500 GR / 1/2 KG.
Coca-Cola
79 KR. DÓSIN
Super Barbecue Marshmallows
259 KR. 280 GR
BBQ SYKURPÚÐAR / MARSHMALLOWS
98 KR. STK
CANDYFLOSS 20 GR
HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
handy ribbed condoms
handy natural condoms
handy flavoured condoms
298 KR. 12 STK.
NICKY Elite
398 KR. 3 RL.
NICKY 3 ELDHÚS RÚLLUR
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898 KR. 12 RL.
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
SÓLGLERAUGU Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS SÓLGLERAUGU Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
998 KR. STK
998 KR. STK
998 KR. STK
BARNASÓLGLERAUGU
698 KR. STK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Íslenskt táknmál – jafnrétthátt íslenskunni

Samfélagsmál

Valgerður Stefánsdóttir
formaður málnefndar um íslenskt táknmál



Halldór Ólafsson, táknmálstalandi nemandi í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, dregur upp Túlk í tösku í kennslustundum. Það er spjaldtölva tengd við túlkaþjónustu í gegnum Skype. Það sem kennararnir segja er túlkað og Halldór horfir á það í spjaldtölvunni.

Halldór getur í krafti nýrrar tækni, og vegna þess að táknmálsþjónusta hefur verið þróuð, notað tölvuna til að fletta upp merkingu tákna og horfa á námsefni á táknmáli. Mestu máli skiptir þó að íslenskt táknmál hefur hlotið opinbera viðurkenningu og er orðið jafnrétthátt íslensku í samskiptum manna í millum. Það gerðist með gildistöku laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls þann 7. júní 2011. Það var tilfinningaþrungin stund þegar lögin voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þingpallar voru þétt setnir og tár féllu bæði á þingpöllunum og í þingsalnum.

### Staða íslenska táknmálsins

Íslenskt táknmál er hefðbundið minnihlutamál og talað af litlum hópi. Táknmálstalandi fólk segist finna fyrir því að íslenskt táknmál hafi veika stöðu en viðurkenning táknmálsins muni styrkja það. Enn er þó langt í land. Um tvö þúsund manns, bæði heyrandi og heyrnarlausir, nota íslenskt táknmál til daglegra samskipta. Málið er ekki staðlað, það á sér ekkert ritmál og ekki er til grunnlýsing á málinu. Útbreiðsla þess er takmörkuð, til dæmis skortir á kunnáttu í íslensku táknmáli innan opinbera þjónustukerfisins. Það hefur þær afleiðingar að heyrnarlaust fólk nýtur í sumum tilvikum ekki eðlilegrar þjónustu.

Íslendingar sem þurfa þess eiga að geta tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar, notað það í daglegu lífi sínu og litið á það sem móðurmál sitt. Nánustu aðstandendur þeirra eiga einnig rétt á táknmálsnámi. Stjórnvöld skulu varðveita íslenskt táknmál, hlúa að því og styðja og tryggja að allir sem þurfa þess eigi kost á þjónustu á málinu. Menntamálaráðherra hefur skipað málnefnd um íslenskt táknmál sem hefur það hlutverk að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu þess og notkun í íslensku þjóðlífi.

Eftir tilkomu laganna eiga um 7-800 heyrnarlausir og heyrnarskertir einstaklingar rétt á táknmálskennslu og 5-6.000 vinir og vandamenn. Aðeins örlítið brot af þessum hópi nýtur nú réttar síns. Margir heyrnarlausir með viðbótarfötlun fá til dæmis ekki aðgang að táknmáli eða í mjög takmörkuðum mæli.

Flest börn sem fæðast heyrnarlaus fá kuðungsígræðslu. Markmið þeirrar tækni er að gefa börnum heyrn svo þau geti átt samskipti á íslensku. Börnin verða eftir sem áður heyrnarlaus og eiga rétt á því að alast upp við tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku. Foreldrum og fjölskyldum stendur til boða að læra táknmál á helgarnámskeiðum. Í nágrannalöndum okkar er hins vegar algengast að boðið sé upp á námið á vinnutíma og kostnaður við það greiddur af ríki og sveitarfélögum.

> Flest heyrnarlaus börn eru skráð á táknmálssviðið en fá kennslu inni í bekk með heyrandi börnum.

### Staða heyrnarlausra barna

Heyrnarlaus börn á Íslandi eru í leikskóla með heyrandi börnum. Þar er lögð áhersla á máltöku á íslensku, oftast á kostnað íslenska táknmálsins. Hlíðaskóli er með táknmálssvið og býður upp á kennslu sem á að miða að tvítyngi nemenda. Flest heyrnarlaus börn eru skráð á táknmálssviðið en fá kennslu inni í bekk með heyrandi börnum. Nokkur börn ganga í almenna skóla og sum njóta þjónustu táknmálstúlka. Málumhverfi allra þessara barna er ófullnægjandi. Oft búa þau við blendingsmál íslensku og táknmáls eða kennslu í og á íslensku á kostnað íslenska táknmálsins. Ekki hefur verið gert heildstætt kennsluefni til móðurmálskennslu í grunnskólanámi og mjög lítið annað námsefni hefur verið gefið út á táknmáli. Engar formlegar kröfur hafa verið gerðar um menntun kennara barna, sem nota íslenskt táknmál til samskipta, hvorki í leikskóla né grunnskóla.

### Menntun í táknmáli

Innan Hugvísindasviðs HÍ er boðið upp á menntun í íslensku táknmáli og túlkun til BA-gráðu. Táknmálsfræðin og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hafa með sér formlegt rannsóknasamstarf innan Rannsóknarstofu í táknmálsfræðum. Unnið er að málfræðirannsóknum á setningafræði og tilbrigðum í málinu en einnig málþroskarannsóknum. Táknmálstalandi nemendur eru við nám í Háskóla Íslands í ýmsum greinum og stöðugt þróast ný svið innan íslenska táknmálsins.

Tækni sem gerir Túlk í tösku mögulegan býður upp á fjölmargar nýjar lausnir. Á is.signwiki.org er námsefni í íslensku táknmáli, táknmálsorðabók, upplýsingaefni um íslenskt táknmál og samskipti á því, stutt námskeið og efni sérstaklega ætlað börnum. Vefurinn er aðgengilegur í gegnum snjallsíma, spjaldtölvur og venjulegar tölvur og verulegur ávinningur fyrir þá sem tala íslenskt táknmál.

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

**UPPBOÐ**

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Ásgata 19, fnr. 216-7100, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. skv. kaupsamningi, Jóhannes Helgi Einarsson, gerðarbeiðandi Norðurþing, þriðjudaginn 12. júní 2012 kl. 11:00.

Birkihraun 5, 228-7500, 660 Mývatnssveit, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, miðvikudaginn 13. júní 2012 kl. 12:00.

Birkihrauni 7, fnr. 228-7776, 660 Mývatn, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, miðvikudaginn 13. júní 2012 kl. 11:30.

Lautavegur 11, 230-9396, 650 Laugar, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, miðvikudaginn 13. júní 2012 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
6. júní 2012.




# „Öllu er hagrætt í burtu“

Byggðastefna

Svavar Gestsson
fv. sendiherra



Orðið byggðastefna þýðir í eyrum margra ný uppbygging úti á landi. Af fréttum síðustu daga er ljóst að það má ekki vera raunverulegt og tæmandi innihald. Byggðastefna þarf nefnilega líka að fjalla um það sem er til og er lágmarksforsenda þess að byggð haldist við í landinu. Það þarf til dæmis greinilega að setja viðmið um lágmarksbankaþjónustu fyrir svæði. En þetta á að sjálfsögðu líka við um almannaþjónustu af öðru tagi eins og skóla og heilbrigðisþjónustu. Vegasamgöngur á vetrum.

Er svona vísir til? Þar sem kveðið er á um lágmarksþörf byggðarlaga til þess að þau geti verið til sem sjálfstæðar einingar?

### Lokað samstundis

Tilefni þessara spurninga er lokun bankaútibús Landsbankans í Króksfjarðarnesi. Fyrir örfáum misserum yfirtók Landsbankinn útibú Sparisjóðs Keflavíkur, áður Vestfjarða, í Króksfjarðarnesi. Flestir létu sér vel líka því forræði sparisjóðsins var farið úr byggðarlaginu hvort eð var. Allir tengdust nú samstundis Landsbankanum. En Adam var ekki lengi í þeirri Paradísinni. Síðasta dag maímánaðar var sent bréf úr Reykjavík í Reykhólahrepp til þeirra íbúa þar sem skipta við Landsbankann. Þeim var tilkynnt að DAGINN EFTIR yrði útibúinu í Króksfjarðarnesi lokað og þann dag – á lokunardaginn – barst þeim bréfið. Það er ósvífni númer eitt að gefa fólki engan frest til að flytja viðskipti sín úr útibúinu áður en útibúinu var lokað. Þetta var greinilega gert vísvitandi nákvæmlega svona. Þetta var ekki tilviljun. Þeir sem hafa átt viðskipti við bankann munu nefnilega flestir flytja viðskipti sín í Sparisjóð Strandamanna á Hólmavík eða Arionbanka sem er bæði í Búðardal og á Hólmavík.

En það var reynt að loka þetta fólk sem þarna hafði viðskipti inni í Landsbankanum.

### Vísað á útibú í 200 kílómetra fjarlægð

Ósvífni númer tvö í bréfinu var þegar íbúum Reykhólahrepps var ráðlagt að fara með viðskipti sín í Landsbankann á Patreksfirði. Yfir fjöll og hálsana frægu – það eru um tvö hundruð kílómetrar hvora leið. Það er eins og að vísa Reykvíkingi á útibú banka á Hvammstanga eða íbúa á Kirkjubæjarklaustri á Höfn í Hornafirði. Þetta gengur ekki; íbúar Reykhólahrepps hafa lítið sem ekkert að sækja til Patreksfjarðar nema þegar þeir neyðast til að leita til sýslumanns með þinglýsingar og þess háttar verkefni. Þessi skilaboð – um að koma sér á Patreksfjörð frá Reykhólum – segja allt sem segja þarf: Það er skilningsleysi, tilfinningaleysi og viljaleysi á bak við svona kveðjur. Það er enginn vilji til að setja sig inn í aðstæður þess fólks sem býr á þessu svæði. Það er að vísu þannig að ef hlýða ætti markaðshagsmunum bankans þá væri eðlilegast að leggja Reykhólahrepp niður og flytja íbúana í lítið hverfi á þéttbýlissvæðinu sem þess vegna mætti heita Reykhólar. En ég hélt að það væri skoðun okkar allra að láta markaðshagsmunina ekki ráða öllu á Íslandi.

> Það er skilningsleysi, tilfinningaleysi og viljaleysi á bak við svona kveðjur. Það er enginn vilji til þess...

www.toyotaklettthalsi.is

Notaðir bílar Kletthálsi

# Gríptu tækifærið allt að 90% fjármögnun!



**Opel astra Enjoy.** Árg. 2008
Ekinn 73.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.790.000 kr. TILBOÐ 1.350.000 kr.
Rnr.: 201234.



**TOYOTA Land Cruiser 120 LX.** Árg. 2006
Ekinn 117.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 4.390.000 kr.
Rnr.: 200840.



**TOYOTA Hilux d/c, sr 33".** Árg. 2008
Ekinn 76.000 km, dísIl, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.
Rnr.: 201254.



**TOYOTA Aygo h/b.** Árg. 2006
Ekinn 81.000 km, bensín, 5 gírar
Verð 1.090.000 kr. TILBOÐ 990.000 kr.
Rnr.: 201163.



**Saab 9-3.** Árg. 2006
Ekinn 97.000 km, bensín, 5 gírar
Verð 1.790.000 kr. TILBOÐ 1.490.000 kr.
Rnr.: 201278.



**Ford Mondeo Ghia.** Árg.2004
Ekinn 136.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.190.000 kr. TILBOÐ 790.000 kr.
Rnr.: 201249.



**Hyundai Sonata gls.** Árg. 2008
Ekinn 88.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 2.190.000 kr. TILBOÐ 1.490.000 kr.
Rnr.: 201244.



**Opel Astra Enjoy.** Árg. 2008
Ekinn 86.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.790.000 kr.
Rnr.: 201277.



**TOYOTA Land Cruiser 100 vx 35".** Árg. 2006
Ekinn 129.000 km, dísil, sjálfskiptur
Verð 6.890.000 kr.
Rnr.: 201248.



**TOYOTA Avensis Wagon Sol.** Árg. 2009
Ekinn 148.000 km, bensín, 5 gírar
Verð 2.290.000 kr. TILBOÐ 1.990.000 kr.
Rnr.: 210041.



**Subaru Legacy.** Árg. 2005
Ekinn 165.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.390.000 kr. TILBOÐ 1.090.000 kr.
Rnr.: 100103.



**TOYOTA Rav4 GX.** Árg. 2008
Ekinn 77.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 3.190.000 kr. TILBOÐ 2.580.000 kr.
Rnr.: 130851.



**TOYOTA Rav4 GX.** Árgerð 2008
Ekinn 65.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 3.250.000 kr. TILBOÐ 2.580.000 kr.
Rnr.: 130967.



**Mercedes Benz S420.** Árg. 1995
Ekinn 204.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.090.000 kr. TILBOÐ 790.000 kr.
Rnr.: 131519.



**VW Tiguan trend / fun.** Árg. 2008
Ekinn 47.000 km, bensín, beinskiptur
Verð 3.090.000 kr. TILBOÐ 2.650.000 kr.
Rnr.: 131502.



**Mercedes Benz Slk200.** Árg. 1997
Ekinn 154.000 km, bensín, beinskiptur
Verð 1.490.000 kr. TILBOÐ 1.090.000 kr.
Rnr.: 201233



**TOYOTA Land Cruiser 120 LX.** Árg. 2008
Ekinn 75.000 km, dísil, 6 gírar
Verð 5.790.000 kr. TILBOÐ 4.940.000 kr.
Rnr.: 200467.



**Subaru Legacy.** Árg. 2008
Ekinn 103.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 2.670.000 kr. TILBOÐ 2.290.000 kr.
Rnr.: 100104.



**HYUNDAI Tucson 4x4.** Árg. 2008
Ekinn 97.000 km, dísil, 6 gírar.
Verð 2.680.000 kr. TILBOÐ 2.190.000 kr.
Rnr.: 201272.



**MMC Pajero sport gls 3000.** Árg. 2003
Ekinn 140.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 1.190.000 kr. TILBOÐ 790.000 kr.
Rnr.: 201287.


**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**
**Opið mán-fös kl. 09.00-18.00**
**og lau kl. 12.00 - 16.00**
kletthals@toyota.is - www.toyotaklettthalsi.is


Notaðir bílar Kletthálsi

TOYOTA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



54 **TÓNLISTARMAÐURINN PRINCE** á afmæli í dag.
*„Þegar ég vil heyra góða tónlist þá sem ég hana sjálfur.“*

## Bach, Graupner og Heinichen

Margrét Bóasdóttir og Chalumeaux-tríóið koma fram á Gljúfrasteini sunnudaginn 10. júní klukkan 16.

Á efnisskrá tónleikanna eru þrjú stutt verk eftir barokktónskáldin Bach, Graupner og Heinichen í umritun fyrir klarínettutríó auk íslenskra sönglaga við ljóð Jónasar Hallgrímssonar og Halldórs Laxness.



**TÓNLEIKAR** Margrét Bóasdóttir kemur fram með Chalemeux-tríóinu á Gljúfrasteini á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margrét Bóasdóttir söngkona hefur áður komið fram með Chalumeaux-tríóinu á tónleikum víða um landið en tríóið skipa Ármann Helgason, Kjartan Óskarsson og Sigurður Ingvi Snorrason.

Heildardagskrá stofutónleika sumarsins má sjá á heimasíðunni Gljúfrasteinn.is.



### Tvöfalt áttræðisafmæli

**Hjónin Ása Árnadóttir og Guðlaugur Atlason**

Egilsgötu 11, Vogum,
eru áttræð um þessar mundir.

Af því tilefni hafa þau opið hús í Tjarnarsal Stóru-Vogaskóla, Vogum, laugardaginn 9. júní frá kl. 15.00 – 18.00 og vonast til að sjá sem flesta af fjölskyldumeðlimum, frændfólki og vinum. Afmælisgjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en söfnunarkassi fyrir „Ljósið“ verður á staðnum.

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HLÍF ÓLAFSDÓTTIR**
**Bollagötu 3, Reykjavík,**

sem lést miðvikudaginn 30. maí verður jarðsungin frá Háteigskirkju í dag, fimmtudaginn 7. júní kl 15.00.

**Magnús Hallgrímsson**
**Hörður Magnússon** — **Hallgrímur Magnússon**
**Linda Björk Þórðardóttir** — **Elín Sig. Sigurðardóttir**
**Óskar Magnús Harðarson** — **Snædís Hallgrímsdóttir**
**Ásta Hlíf Harðardóttir** — **Magnús Snær Hallgrímsson**
**Halldís Ylfa Hallgrímsdóttir**

†



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA FRIÐRIKSDÓTTIR**
**(DÚDDA)**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.30.

**Anna Lilja Sigurðardóttir**
**Inga Hrönn Sigurðardóttir** — **Eiríkur Óskarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

†



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**KJARTANS ÞÓRS INGVARSSONAR**
**Ásbraut 3, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar 14E og blóðskilunardeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Bjarndís Helgadóttir**
**Helga Kjartansdóttir** — **Ármann Snjólfsson**
**Yngvi Þór Kjartansson** — **Vedrana Kjartansson**
**Héðinn Kjartansson** — **Margrét Þráinsdóttir**
**Kolbrún Kjartansdóttir** — **Friðþjófur Í. Sigurðsson**
**Ingveldur Kjartansdóttir** — **Kolbeinn Reginsson**
**afa- og langafabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 7. JÚNÍ 1954

## *Eisenhower setur fram dómínókenninguna*

Þennan dag árið 1954 kynnti Dwight Eisenhower Bandaríkjaforseti til sögunnar dómínókenninguna svokölluðu, sem gekk út á að ef kommúnistar kæmust til valda í Indókína (síðar Víetnam) myndu önnur ríki í Suðaustur-Asíu einnig falla þeim í skaut. Kenningin átti eftir að verða pólstjarnan í bandarískri utanríkisstefnu næsta áratug.

Árið 1954 var ljóst að Frakkar gætu ekki endurheimt nýlendustjórn sína í Indókína, sem þeir höfðu tapað í hendur Japana í seinni heims-



styrjöld. Víetnömskum þjóðernissinnum hafði vaxið ásmegin undir handleiðslu Ho Chi Minh og voru á barmi þess að vinna sigur á Frökkum. Bandaríkjamenn óttuðust afleiðingar þess ef kommúnistar kæmust til valda og til að ná hylli almennings hélt Eisenhower frægan blaðamannfund hinn 7. júní árið 1954. Þar talaði hann um dómínókenninguna í fyrsta sinn og sagði að hvert ríkið á fætur öðru í Suðaustur-Asíu myndi falla eins og dómínókubbar kommúnistum í skaut.

**HELGA PÁLEY FRIÐÞJÓFSDÓTTIR:** STJÓRNAR FARANDLISTAHÁTÍÐ Á RIFI

# Æringur er draumaverkefnið

„Það má segja að þetta sé draumaverkefni fyrir mig að takast á við. Bæði vegna þess að ég er nýútskrifuð úr myndlist í Listaháskólanum og líka því ég er frá Rifi og ólst þar upp. Þess vegna finnst mér frábært að geta boðið listamönnum og gestum á staðinn til að vinna að verkefnum og njóta þeirra. Það verður gaman að sjá hvernig fólk tekur í þetta,“ segir Helga Páley Friðþjófsdóttir, stjórnandi farandlistahátíðarinnar Ærings sem í ár fer fram á Rifi í Snæfellsbæ.

Þetta er í fyrsta sinn sem Helga Lárey stjórnar hátíðinni, en Æringur var fyrst haldinn á Stöðvarfirði sumarið 2010 og árið síðar í Bolungarvík. Efnt var til þessarar farandhátíðar af ungu listafólki sem langaði til að skapa og sýna myndlist utan höfuðborgarsvæðisins. Eitt af einkennum hátíðarinnar hefur verið vilji stjórnenda til þess að listamennirnir sem sýna hverju sinni vinni sem mest á staðnum sem valinn er og verkin tengist því bænum sem hýsir hátíðina. Æringur hlaut nýlega tvo styrki, frá Menningarsjóði Vesturlands og Kulturkontakt Nord, eða Norrænu menningargáttinni, sem gerir aðstandendum hægara um vik að bjóða erlendum listamönnum að taka þátt í hátíðinni og stendur meðal annars straum af flugferðum og uppihaldi.

„Í ár taka til dæmis finnski danshöfundurinn Simo Kellokumpu og franski dansarinn Vincent Roumagnac þátt. Þeir hafa verið að ferðast um heiminn og vinna að verki út frá staðsetningarpunktum og einn þessara punkta er einmitt Snæfellsnes, svo þeir voru fljótir að sækja um að vera með á hátíðinni þegar þeir fréttu að eitthvað væri að gerast þar. En annars er þetta virkilega fjölbreyttur hópur af fólki, myndlistarfólk, nemar úr Fræði og framkvæmd í Listaháskólanum, fornleifafræðingur og ýmsir fleiri,“ segir Helga Lárey, en í ár var yfirlýst markmið hátíðarinnar að leiða saman myndlistarfólk og sviðslistafólk með það að markmiði að búa til skemmtilegar og lifandi sýningar. Æringur er haldinn í samstarfi við Snæfellsbæ og Frystiklefann á Rifi, leikhús sem var stofnað árið 2010 af Kára Viðarssyni.



**ÆRINGI** Helga Páley Friðþjófsdóttir stýrir farandlistahátíðinni Æringi sem hefst á Rifi í Snæfellsbæ þann 7. júlí næstkomandi.

Opnun Ærings fer fram þann 7. júlí næstkomandi og stendur hátíðin yfir út júlímánuð. Listamennina fer að drífa að á Rifi í kringum 27. júní og ljóst að Æringur mun lífga upp á bæjarlífið í nokkrar vikur í sumar.

kjartan@frettabladid.is

### AFMÆLISBÖRN



**TOM JONES** söngvari er 72 ára í dag.



**LIAM NEESON** leikari er sextugur í dag.



**ANNA KOURNIKOVA** tenniskona er 31 árs í dag.



**ALLEN IVERSON** körfuboltamaður er 37 ára í dag.

### Merkisatburðir

**1654** Lúðvík fjórtándi er krýndur konungur Frakklands.
**1904** Íslandsbanki, hinn eldri, tekur til starfa og hefur einkarétt á seðlaútgáfu. Bankanum var lokað 1930.
**1945** Hákon Noregskonungur snýr heim til Óslóar eftir fimm ára útlegð.
**1951** Minnismerki um 212 breska hermenn sem féllu hér í síðari heimsstyrjöldinni er afhjúpað í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík.
**1975** Sony kynnir til sögunnar Betamax-vídeókassettuna.
**1992** Nýr Herjólfur kemur til Vestmannaeyja, 70 metra langur, með getu til að flytja 480 farþega og 62 fólksbíla.

## Skúli mennski á Café Rosenberg

Skúli mennski heldur tónleika á Café Rosenberg í kvöld, fimmtudaginn 7. júní.

Skúli kemur fram með hljómsveit sem er skipuð þeim Eiríki Rafni Stefánssyni á trompet, Halldóri Smárasyni á píanó, Kristni Gauta Einarssyni á trommur og Valdimar Olgeirssyni á bassa, en sjálfur leikur Skúli á gítar og syngur.

Þeir félagar eru með bæði gamalt og nýtt efni á dagskrá, bæði af plötunum Skúli mennski og Grjót og búgí!, auk þess sem ný og áður óspiluð lög fá að líta dagsins ljós. Þar eru á ferðinni lög í blúsaðari kantinum sem stendur til að taka upp í sumar og gefa út með haustinu.

Næst á dagskrá hjá Skúla mennska og félögum er að spila á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði þann 21. júní næstkomandi og búgídansleik á Flateyri tveimur dögum síðar.



**BÚGÍ** Skúli mennski og hljómsveit leika meðal annars ný lög á Café Rosenberg í kvöld. MYND/JULIA STAPLES

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**SUNDBOLIR Í TÍSKU**
**Sundbolir eru að ryðja sér til rúms á ný þótt bikiníin séu langt frá því að vera á undanhaldi. Þessi hressilegi sundbolur var til sýnis á „We Are Handsome“, tískuvikunni í Sydney á dögunum, en þar sýndu 75 ástralskir og asískir hönnuðir vor- og sumarlínur sínar.**




Eirberg

NoseBuddy nefskolunarkannan

Mælt er með nefskolun til að draga úr líkum á kvefi og ofnæmi – og til að auka skýrleika í hugsun!

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Súperflottur



teg. Summer Sky - saumlaus og vel fylltur í A,B,C,D skálum á kr. 8.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



20% afsláttur af öllum skóm



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# MEÐ ÁHUGA Á FÖTUM OG MANNRÉTTINDUM

**MEÐVITAÐUR LÖGFRÆÐINEMI** *Anna Gyða Sigurgísladóttir lauk nýverið fyrsta ári í lögfræði í Háskóla Íslands. Hún stefnir á framhaldsnám erlendis í framtíðinni og vonast til að geta nýtt námið í baráttunni fyrir mannréttindum.*

Þrátt fyrir að aðaláhugamál lögfræðinemans Önnu Gyðu Sigurgísladóttur séu mannréttindi þá hefur hún einnig áhuga á fötum. „Ég hef áhuga á fötum en ég veit ekki hvort ég hafi áhuga á tísku þar sem ég fylgist ekki beinlínis með því sem gerist í tískuheiminum.“

Spurð um fatastíl segist Anna Gyða ekki trú einum stíl heldur taka þá í syrpum. „Stundum líða margar vikur þar sem mig langar bara til að vera í rifnum málningarbuxum og stuttermabol og síðan allt í einu tekur við tímabil þar sem ég vil bara vera í fínum kjólum og á hælum.“ Hún segist ekki versla mikið á Íslandi en ef svo ber við fer hún oftast í Topshop. Nýlega tók hún þó ástfóstri við verslunina Nostalgíu á Laugaveginum. „Þar er ótrúlega mikið af fallegum flíkum á sanngjörnu verði,“ segir Anna Gyða og bætir við að hún sé mikill fatasafnari og hendi helst engu sem hún kaupir sér. „Enda er ég aftur farin að klæðast fatnaði sem ég notaði fyrir sjö árum.“

Anna Gyða fékk fyrir stuttu boð um að taka þátt í verkefni í Brussel á vegum samtaka sem kalla sig Global Changemakers. Þar verður hún í tíu daga ásamt fjórtán öðrum ungmennum frá Evrópu og fimmtán frá Afríku að vinna að ýmsum samfélagsverkefnum, deila reynslu og hugmyndum. Þegar hún kemur heim heldur verkefnið svo áfram og hún vonast til að geta miðlað reynslu sinni og haft áhrif á meðvitund fólks hér á landi um mannréttindi. Nánar má lesa um verkefnið á vefsíðunni www.globalchangemakers.net.

■ halla@365.is

**TEKUR TÍMABIL**
Anna Gyða er óhrædd við að breyta reglulega um fatastíl.
MYND/ANTON

**HENDIR ENGU**
„Ég er mikill fatasafnari og hendi helst engu enda er ég aftur farin að klæðast fatnaði sem ég notaði fyrir sjö árum.“


Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

PROFLEX



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.

www.svefn.is



Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

## FLÚRAÐAR NEGLUR

**Sumarlegt skraut á neglurnar**

**EINFALT**
Algengara verður að konur - eða menn - láti ekki einfalt naglalakk duga til að lífga upp á fingurna. Fyrir þá sem vilja skreyta neglurnar með mynstri er hægt að nota eftirfarandi aðferð: Grunnið neglurnar með ljósum lit, til dæmis hvítum. Klippið gervitattú niður í stærð naglanna (fæst meðal annars í Hagkaupum) og festið á neglurnar þegar grunnurinn er þornaður. Lakkið svo eina umferð með glæru naglalakki svo allt haldist á sínum stað.





**LITLA MANHATTAN** Zaragosa breytti Benidorm úr litlu fiskiþorpi í einn vinsælasta ferðamannastað á Spáni þar sem skýjakljúfar minna á Manhattan.

# BIKINÍ Í SEXTÍU ÁR Á BENIDORM

**AFMÆLI** *Íbúar á Benidorm á Spáni fagna því um þessar mundir að sextíu ár eru frá því að bikiní var leyft á ströndinni.*

Íbúarnir eru stoltir yfir því að Benidorm var fyrsta ströndin á Spáni og víðar sem viðurkenndi þessi litlu tvískiptu sundföt. Það tók þó sex ár fyrir bikiníið að komast til Spánar. Fyrsta bikiníið kom nefnilega á markað 5. júlí 1946 og er því 66 ára.

Jafnvel þó að Franco væri við völd og Spánverjar á þeim tíma strangtrúaðir kaþólikkar gerðust yfirvöld á Benidorm svo huguð að leyfa útlendum ferðamönnum að klæðast þessari tísku sem þegar var orðin heimsfræg. Eftir að bikiníið var leyft þar tóku aðrir við sér, enda jókst ferðamannastraumur umtalsvert frá Norður-Evrópu til Benidorm. Ári síðar tók erkibiskupinn af Valencia í taumana og vildi setja strangt bann á litlu baðfötin. Hann leitaði til Franco með áhyggjur sínar en einræðisherrann sá að ekki var aftur snúið og samþykkti lögin um bikiní á baðströndum Spánar.

Borgarstjóri Benidorm, Pedros Zaragosa, hafði séð í tískublöðum að tvískipt baðföt væru það heitasta í tískuheiminum og hann þótti framúrstefnulegur. Á Spáni voru breskar konur sektaðar um 40 þúsund peseta ef þær sátu á strandbar klæddar bikiní. Það var ekki vinsælt hjá breskum ferðamönnum sem þá flykktust til Spánar. Zaragosa varð frægur fyrir að leyfa bikiníið en ekki síður fyrir að breyta 1700 manna fiskiþorpi í 70 þúsund manna bæjarfélag þar sem skýjakljúfar minna á Manhattan.

elin@365.is



**BIKINÍ Á STRÖNDINNI** Það þótti áræðið hjá Zaragosa, borgarstjóra Benidorm, þegar hann leyfði bikiní á ströndinni árið 1952.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Flottar sumarvörur fyrir flottar konur
st. 40 – 58
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Kjólasprengja
50-70% afsl.
af völdum sumarkjólum
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Vertu vinur



Sumar | 2012
Kynnum nýja vörulínu
25% afsláttur
af öllum vörum í verslun & vefverslun fram á laugardag
lindesign.is
Sendum frítt úr vefverslun
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220

# Sundbolir og Bikíní



Seaspray sundbolur kr. 28.500
**Frú Sigurlaug.**



Naturana bikíní kr. 12.900.
**Frú Sigurlaug**.



Naturana tankini kr. 12.900.
**Frú Sigurlaug.**



Roxy toppur kr. 7.490 og
buxur kr. 6.990. **Útilíf**.



Miraclesuit kr. 24.900.
**Sigurboginn.**



Goldfish bikíní kr. 19.900.
**Sigurboginn.**



Miraclesuit kr. 24.900.
**Sigurboginn**.



Triumph toppur kr. 12.990 og
buxur kr. 5.995. **Aqua sport.**



Triumph sundbolur kr. 14.990.
**Aqua sport.**



TYR Durafast kr. 10.490.
**Aqua sport.**



Triumph toppur kr. 9.950
og buxur kr. 7.490. **Aqua sport.**



Toppur kr. 7.990 og buxur
kr. 4.990. **Boux Avenue.**



Toppur kr. 6.990 og buxur
kr. 3.990. **Boux Avenue.**



Toppur kr. 8.990 og buxur
kr. 4.590. **Boux Avenue.**



Toppur kr. 9.900 og buxur
kr. 4.990. **Boux Avenue.**

## LEYNDARMÁL TÍSKUNNAR

**Tískuheimurinn býr yfir fullt af leyndarmálum. Sum eru fyndin, önnur eru áhugaverð. Hér eru nokkur.**

- **Allir hafa séð tölur á jakkaermum en fáir vita að það var Napóleon Bonaparte sem kom með þá hugmyndina.**
- **Barnafatatíska er orðin jafn mikilvæg nú og tíska fullorðinna en það eru ekki nema um 200 ár síðan byrjað var að gera sérstök barnaföt. Áður voru börn í litlum fullorðinsfötum.**
- **Þar til á nítjándu öld voru engar fyrirsætur notaðar. Fyrir þann tíma þurftu hönnuðir að nota litlar dúkkur til að sýna viðskiptavinum hönnun sína.**
- **Konur í dag geta margar hverjar ekki lifað án skartgripa. Það voru hins vegar karlmenn sem notuðu skartgripi fyrstir.**









# HANNAR FYRIR CEDAR LAKE

**SPENNANDI TÆKIFÆRI** *Hildur Yeoman fatahönnuður er á leiðinni til New York til að hanna fatnað á einn flottasta dansflokk borgarinnar.*

Listrænn stjórnandi og stílisti næsta innsetningarverkefnis Cedar Lake, Edda Guðmundsdóttir, var stödd á RFF ásamt tískuljósmyndaranum Erez Sabag en hann sér um að mynda dansflokkinn og búa til myndbönd. Hún hafði samband við mig og óskaði eftir að kaupa flíkur úr nýju línunni minni," segir Hildur Yeoman fatahönnuður, sem fer í dag út til New York í þriggja vikna hönnunarvinnu með Cedar Lake-ballettinum.

„Þau báðu mig um að aðstoða við uppsetningu verksins, vinna að frekari fatnaði fyrir dansarana og að innsetningunni sjálfri," segir Hildur. „Sýningin mín á RFF heillaði þau og eflaust hefur það spilað inn í að ég er að vinna eftir svipuðum formerkjum og þau. Ég hugsaði tískusýninguna mína á RFF í ár eins og „happening" þar sem listformin döðruðu hvert við annað og blandaði saman ýmsum miðlum svo sem dansi, söng, sviðsmynd og tísku, með hjálp frábærra listamanna eins og danshöfundinum Siggu Soffíu, tónlistarmanninum Daníel Ágústi og annarra."

Cedar Lake-ballettinn var stofnaður árið 2003 og þykir einn áhugaverðasti dansflokkurinn í New York og víðar að sögn Hildar og því um spennandi tækifæri að ræða fyrir ungan fatahönnuð.

„Þau eru þekkt um allan heim fyrir fara óhefðbundnar og spennandi leiðir í listsköpun sinni. Þau hafa meðal annars sett upp dansinnsetningar með danshöfundinum Benoit-Swan Pouffer þar sem listformum er blandað saman og áhorfandinn getur tekið virkan þátt í sýningunni. Þetta er afar spennandi tækifæri fyrir mig. Ég er einnig að fara í fyrsta sinn til New York, svo ég er mjög spennt."

■ heida@365.is



**SÖNGUR, DANS OG TÍSKA** Hildur setti upp óhefðbundna tískusýningu á RFF. MYND/HILDUR YEOMAN



**SPENNANDI TÆKIFÆRI** Hildur Yeoman fer út til New York í dag til að vinna með frægum dansflokki. MYND/STEFÁN






## LOKKANDI AUGNARÁÐ

**Linsur geta líka verið skartgripir.**

**■ EKKERT ÓÞÆGILEGT**

**Þegar amma var ung voru eyrnalokkar annað hvort klemmueyrnalokkar eða fyrir göt en eyrnalokkar voru eyrnalokkar. Nú tilheyra þeir stórri fjölskyldu lokka sem skreyta hina ýmsu líkamsparta.**

**Fátt virðist áhugafólki um líkamsgötun heilagt en þó eru líklega fáir sem myndu fórna sjóninni fyrir hégómann. Nú er þó lausnin komin fyrir þá sem hafa látið sig dreyma um „augnlokka" því hollenski hönnuðurinn Eric Klarenbeek hefur hannað linsur með lafandi skarti.**

**Áður höfðu menn þróað aðferð við að græða örsmáan skartgrip inn í augað en augnlæknar hafa gagnrýnt þá aðgerð og sagt hana hættulega. Skartlinsurnar hans Klarenbeeks ættu þó að vera hættulausar þótt deila megi um þægindin sem þeim fylgja. Sjálfur fullyrðir Klarenbeek að linsunum fylgi engin erting og þær trufli hvorki sjón né daglegt líf. Enda er alþekkt að menn taka ekki eftir bjálka í auga sínu, svo þetta ætti ekki að vera alvarlegt.**






**Gröfuþjónusta Auberts.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.

Túnþökusala Oddsteins
• Lóðaþökur
• Fótboltaþökur
• Golfvallagras
• Holtagróður
• Þökulagning
Steini S. 663 6666
visa/euro

Garðaþjónustan Björk
• Trjáklippingar
• Felli tré
• Garðyrkja
40 ára starfsreynsla
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 • 899 7679
www.gardyrkjumeistari.is

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Traust þjónusta í 20 ár
S: 554 1989 • Garðlist.is

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Geysilega öflugur bókari getur bætt við sig verkefnum. Bókhald, laun, ársreikningar, framtöl fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Gott verð. S. 772 5533.

## Málarar

**Málningarþjónusta Suðurlands**
Málarar geta bætt við sig verkefnum. Lægra verð. S. 779 0900

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

Trjáplöntur á frábæru verði. 2m birki m/hnaus aðeins 3000kr. 2,5m aspir m/hnaus aðeins 3000kr grenitré og fleira.
Besta verðið í bænum
Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl á Habitat og Tekk
Opið virka daga 13-18 lau og sun13-17

Vorum að taka upp glæsilegan aðhaldsfatnað frá Vanity Fair
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

FIT PILATES
Kennaranámskeið
9. og 10. júní
www.fitpilates.is Smári s. 896 2300

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
SALA LEIGA
Veðurnet / Öryggisnet
Áltöppur / stigar
altrex
KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

BRIMRÁS
Ál tröppur / Ál stigar
Ál búkkar og ástönd
Sérsmíðum stiga og tröppur ef óskað er
KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.
Viðrar vel til veisluhalda?
Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.
550 9800
Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

byggjum:
múrarar, málarar, píparar
flísalagnir, alhliða viðhald
heildarlausnir
í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

ALLT Í KAMBSTÁLIÐ
• Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
• Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
• Fjarlægðaplast og Bindivír
• Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls
Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

GARÐASmíði
• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR
• TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir! 698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Lok á heita potta
Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum
Gerum einnig yfirbreiðslur á kerrur, báta og fl.
Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og slíp...
Bona

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Málarar

RS. Málingaþjónusta getur bætt við sig verkefnum. Föst verðtilboð eða tímavinna. Uppl.gefur Stefán S: 7702117 / Róbert S: 6595041

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**Málarar**
Löggildur málari. Getum bætt við okkur verkefnum. S. 696 2748 / 698 4004 / loggildurmalari@gmail.com

## Til sölu

**Mótorhjólafólk! GOTT VERÐ!**



**Goretex fatnaðaður**



**Karl og kvennmanns jakkar**





**Boods**



**Hjálmar**

**TILBOÐSPAKKAR!**

**VERSLUNIN ER FLUTT**

Verslunin KÓS

**Laugavegi 86**
**Reykjavík**
**s. 551 9044**
**ledur.is**
**ledur@ledur.is**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun




**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Smiðurinn góði**
Alhliða smíðaþjónusta tilboð/ tímavinna verk stór sem smá, inni sem úti. Óli s. 698 9608

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar




Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



Tek að mér akstur með hópa í stuttar og langar ferðir. Bifreiðin hentar fyrir. 15-37 farþega. Uppl. S. 846 5985.

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Sumarvörurnar komnar.**
Bolur 2.990,- Gallastuttbuxur 4.990,- Leggings 2.590,- Jakki 9.990,- Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077. Erum á facebook.




**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Ýmislegt til húsbygginga. Vantar glugga, timbur/plast, einangrunarull, 23x120 borð, stallastál, þakpappa, nagla og ýmislegt fl. S. 660-6707

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Hestaklippur á tilboðið. Verð frá 29.000,- m.vsk. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-17.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

25 fm herb. laust fyrir nuddara/snyrtifr. os.fv. í akralind 8 uppl. í S:5577660

77 fm, 3ja herb. íbúð á e.h. með sérinngangi. 108 rvk. Kr. 140 þ. Laus. steindors@internet.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**Strax**
Óska eftir að taka á leigu bjarta 2 herb. íbúð á rólegum stað. Helst með aðg. að garði og góða geymslu. Reglusemi og skilvísar greiðslur. S. 663 7569.

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 85 þús. Stök nótt virkan dag 30.000.- þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott skrifstofuherbergi á Ártúnshöfða. Sími 861-8011.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Castello Pizzeria

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða 692 3051.

**Loftorka ehf**
**Óskar eftir vönum mönnum til malbikunar framkvæmda. Upplýsingar í síma 565 0875**

Óskum eftir vönum sölumanni hjá bifreidum.is í sölu á notuðum bifreiðum og tækjum. Áhugasamir sendið upplýsingar á hogni@bifreidar.is

**Móttaka gesta - næturvörður**
Íbúðar hótel í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku, um er að ræða framtíðarstarf, hugsanlega sumarstarf. vinsamlegast sendið umsóknir til mottaka@apartmentk.is

Vegna mikilla anna óskum við eftir vönum matreiðslumanni í vinnu sem fyrst. Hafið samband við Kjartan í síma 663-4392 eða Guðmund í síma 891-8465. UNO við Ingólfstorg.

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

## Atvinna óskast

Óska eftir vel launuðu starfi sem fyrst. Hef góða reynslu af ýmsum störfum. Stúdentspróf. S. 663-7569

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

Engin bið nema þegar talað er.

**Tilbreyting? Ævintýri?**
Konur sem vilja kynnast körlum strax nota Rauða Torgið. Það er frítt. Sími 555-4321.

**KK um fimmtugt**
vill kynnast karlmanni með leiki í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8690.

**Dökk kona óskast**
Kona leitar að dökkri konu, líklega til að byggja þríhyrning. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8484

**Fáguð kona**
Ríflega fertug kona með fágaða rödd leitar tilbreytingar með karlmann yfir fimmtugt. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8282.

**45 ára grannur KK**
leitar kynna við KK. Þarf helst að hafa aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8513.



# PHILIPS EM TILBOÐ

## EM TILBOÐ Á VÖLDUM PHILIPS LED SJÓNVÖRPUM






3D

400 Hz Perfect Motion Rate

Pixel Plus HD

WiFi CERTIFIED

DVB T2

Smart TV

**Philips 40PFL5507T**
- 40 3D" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 2D-3D conversion (2D í 3D)
- 400Hz Perfect Motion
- 4 HDMI og 3 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Wi-Fi þráðlaus móttakari
- Skype möguleiki

**VERÐ 249.995**
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG Í 46"
Philips 46PFL5507T 299.995




Smart TV

**Philips 42PFL3507T**
- 42" Smart LED sjónvarp
- Full HD Digital Crystal Clear
- 100Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 2 USB tengi
- Skype og Wifi möguleiki
- EasyLink

**VERÐ 179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Smart TV

**Philips 42PFL4007T**
- 42" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 200Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 3 USB tengi
- Skype og Wifi möguleiki
- EasyLink

**VERÐ 199.995**
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG Í 47"
Philips 47PFL4007T 269.995




ambi light

HDMI x4

**Philips 42PDL7906T**
- 42" Easy 3D LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ 279.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Smart TV

**Philips 46PFL5007T**
- 46" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 400Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 3 USB tengi
- Skype möguleiki
- Wi-Fi þráðlaus móttakari

**VERÐ 299.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Blu-ray Disc



***TÆKJUNUM FYLGIR PHILIPS BDP3280 3D BLU-RAY SPILARI***

**PHILIPS**
sense and simplicity

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** spil, **6.** frá, **8.** matjurt, **9.** fúsk, **11.** 950, **12.** ísmola, **14.** ráðagerð, **16.** tveir eins, **17.** knæpa, **18.** for, **20.** fæddi, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hyski, **3.** kúgun, **4.** hugarró, **5.** angan, **7.** fáskiptinn, **10.** kóf, **13.** kverk, **15.** frumefni, **16.** hald, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gosi, **6.** af, **8.** kál, **9.** kák, **11.** lm, **12.** klaka, **14.** áform, **16.** tt, **17.** krá, **18.** aur, **20.** ól, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** pakk, **3.** ok, **4.** sálarró, **5.** ilm, **7.** fálátur, **10.** kaf, **13.** kok, **15.** málm, **16.** tak, **19.** rú.


OPIÐ HÚS

HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

SKILDINGANES 51 - OPIÐ HÚS Í DAG



HÚSIÐ ER TIL SÝNIS Í DAG FIMMTUDAG MILLI KL. 17:00 OG 18:00

Einstaklega skemmtilegt 214 fm einlyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr á kyrrlátum stað í Skerjafirðinum. Húsið skiptist í stórar stofur með arni, 3-4 svefnherbergi. Gott eldhús, þvottahús, baðherbergi og gestasnyrtingu. Stór bílskúr. Gróinn garður. Hús getur losnað fljótlega. Fallegt og vel viðhaldið hús. **Verð 74 millj.**

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

BORGIR FASTEIGNASALA

KLEIFARSEL 9 – 109 RVK.


OPIÐ HÚS

Opið hús í dag fimmtudaginn 7. júní milli kl 17,30 og 18,00

Einbýlishús steypt og timbur á tveimur hæðum 145,1 fm auk bílskúrs 33,5 fm í rólegu og barnvænu hverfi. Stutt er í skóla og almenna þjónustu. Falleg lóð og umhverfi. Sömu eigendur frá upphafi. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, tvær stofur, tvö baðherbergi o.fl. Auðvelt er að bæta við herbergi ef vill. Húsið er mjög vel skipulagt og er nokkru stærra en skráð stærð segir til um. Til afhendingar við kaupsamning. **Verð kr. 39,8 millj.**

Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag


# Kýrin sem varð að hveiti

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Hinn 14. október 2009 kvaddi þingmaðurinn David Tredinnick sér hljóðs í breska þinginu. Hann sakaði yfirvöld heilbrigðismála um að líta fram hjá einni stærstu ógn við velferð almennings: tunglinu. Tredinnick sagði að í ákveðinni stöðu hefði tunglið áhrif á heilsu fólks; skaðaði meðgöngur hjá konum; ylli því að blóð storknaði ekki við skurðaðgerðir. Hvað uppskar þingmaðurinn fyrir? Háð? Spott? Brottrekstur úr samfélagi vitiborinna manna? Nei. Honum var fengið sæti í heilbrigðismálanefnd.

**ÍSLENSKI** fáninn blakti þar sem hann hékk á trépriki ofan í blómapotti í gluggakistunni. Dreggjar Júróvisjón-partís nokkurra Íslendinga í London kvöldið áður seytluðu um höfuðið. Morgunfréttir breska ríkissjónvarpsins dóluðu þokukenndar á skjánum fyrir framan mig. Ég pírði skyndilega augun. „Dr. Gía Aradóttir“ stóð fyrir neðan skörulega ljóshærða vísindakonu sem fréttamaður tók tali. Ég teygði mig í fánann, ánægð að fá að fagna góðum árangri Íslands á erlendri grundu eftir Júróvisjón-tapið. Gía og samstarfsmenn hennar hjá Rothamsted rannsóknarstofnuninni biðluðu til mótmælenda að standa ekki við hótanir um að skemma erfðabreytt hveiti sem stofnunin ræktaði í rannsóknarskyni. Þau sögðu sjónarmið mótmælenda byggð á misskilningi: það væri rangt að stofnunin ræktaði hveiti í gróðaskyni og að það byggði á genasamsetningu kúa. En allt kom fyrir ekki. Í anda jafnræðis hélt næsti viðmælandi fréttamanns tilfinningaþrungna tölu um hvernig verið væri að rækta Frankensteinískt beljuhveiti til að gera stórfyrirtæki rík og bændur fátæka.

**Á TÍMUM** þar sem forsetaframbjóðendum nægir að taka sér orðið „þjóðaratkvæðagreiðsla“ í munn og það kviknar á geislabaugi yfir höfðinu á þeim á eftirfarandi fullyrðing ef til vill eftir að tryggja mér nornabrennu. En ég tek sénsinn: Ekki eru allar raddir jafnréttháar. (Er þetta brunalykt sem ég finn?) Nýverið hélt umhverfisráðuneytið málþing um erfðabreytta ræktun. Var niðurstaða helstu íslensku vísindamannanna á þá leið að lítil hætta stafaði af henni. Svandís Svavarsdóttir dæmdi málþingið hins vegar misheppnað því „sérfræðingar … áttu sviðið“ á kostnað þeirra sem ekki aðhylltust „sterka vísindahyggju“.

**AÐ** láta eins og skoðun David Tredinnick á læknisfræði sé jafnréttthá og læknis er rökvilla. Slíkt viðhorf hefur að engu áreiðanlegasta verkfæri sem mannkynið hefur smíðað til að efla þekkingu og greina staðreyndir frá húmbúkki: vísindalega aðferðafræði. Óskilgreind persónuleg tilfinning er ekki jafngild skoðun og kenning studd vísindalegum rannsóknum. Ef svo væri væri jörðin enn flöt.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**ENN BETRA VERÐ**



### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**

8GB 1.990 • 16GB 3.990

**VAR AÐ LENDA**



### 4GB MP3 SPILARI

4GB MP3 spilari með endurhlaðanlegri rafhlöðu, flott heyrnartól og hálsól fylgja

**4.990**

FÆST Í 4 LITUM

**3 DAGA TILBOÐ**




android

### 7” SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3

**14.900**

ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ :)

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · asus · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

# menning
menning@frettabladid.is



**ÓPERUSÖNGVARI GEFUR ÚT LJÓÐABÓK** Út er komin ljóðabókin Mynd af tíma eftir Svein Dúu Hjörleifsson óperusöngvara. Bókin samanstendur af fjórum ljóðaflokkum, Tilraun 2 til landnáms á Grænlandi, Þeir sem hingað horfa, Frost og Mynd af tíma. Þetta er fyrsta bók Sveins Dúu. Höfundur veltir fyrir sér tilvistinni frá ýmsum sjónarhornum og út frá atburðum líðandi stunda í sínu lífi og annarra.

## Tómið og kyrrðin

Myndlist ★★★☆☆

**Tileinkun**
Stúdíó safn

**Samsýning í minningu Georgs Guðna**

Félagar myndlistarmannsins Georgs Guðna í listamannahópnum Gullpenslinum opnuðu um síðustu helgi í Stúdíói Stafni við Ingólfsstræti sýninguna Tileinkun – Í minningu Georgs Guðna Haukssonar 1961-2011, en Georg Guðni varð bráðkvaddur á síðasta ári. Georg Guðni var frábær listamaður sem mikil eftirsjá er að. Hann hafði mikil áhrif í íslenskri myndlist og hefur verið kallaður „frumkvöðull í endurreisn landslagsmálverksins með nýstárlegri túlkun formrænt og hugmyndalega“.

Félagar Gullpensilsins eru nú þrettán talsins og eiga allir verk á sýningunni, eitt eða fleiri. Fyrir fram var ákveðið að verkin á sýningunni ættu öll að vera unnin á pappír og þau ætti að tileinka Georg Guðna og/eða verkum hans. Vert er að benda einmitt sérstaklega á fjölbreytt tök listamannanna á pappírnum sem efniviði á sýningunni.

Um sýninguna í heild sinni má segja að þar skiptist á tregablandin hugmyndafræðileg verk, einfaldar náttúrustemmur og tjáningarríkari verk, eins og portrett Hallgríms Helgasonar af Georg Guðna. Orðin á myndinni: „Söknum þín“, segja kannski allt sem segja þarf.

Hugmyndafræðin kemur fram í verkum eins og Tómt eftir JBK Ransu. Við fráfall manneskju skapast tóm og þögn, og þangað leiða þessi verk mann. Verkin eru hluti af stærri seríu þar sem Ransu hefur meðal annars verið að velta því fyrir sér hvort fjarvera verks sé áhugaverðari en verkið sjálft, sbr. söguna af því þegar aðsókn að Louvre-listasafninu í París margfaldaðist eftir að Mónu Lísu eftir Leonardo Da Vinci var stolið þaðan. Menn flykktust að til að sjá staðinn sem verkið hafði hangið á.

Eftirsjáin, eða tómið, birtist einnig í verki Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar Heimsendi. Þar ræður kyrrðin ríkjum, og sama má segja um verk Eggerts Péturssonar. Blýantsteiknuð blóm fylla út í blaðið og er verkið ekki síðra en máluð blómaverk listamannsins sem margir þekkja.

Holan og hóllinn, grafíkverk Jóhanns Ludwigs Torfasonar, er einnig snoturt og persónulegt verk, og þrykkið sjálft vel unnið. Hugmyndalega er verkið flóknara eða meira krefjandi en mörg önnur á sýningunni, enda staðsetur listamaðurinn sig sjálfan inni á myndunum. Í myndunum er gömul textalýsing af náttúru Íslands, sem er einkar vel viðeigandi á þessari sýningu sé litið til tengsla Georgs Guðna við náttúru landsins.

Þorri Hringsson er á ljóðrænum nótum og nóttin er að færast yfir „holu“ og „hól“. Það er bjartara yfir verkum Birgis Snæbjarnar Birgissonar, enda hann hvað þekktastur fyrir að mála ljóshært kvenfólk. Ég heyrði það útundan mér að ef grannt væri skoðað mætti sjá að þarna væri á ferðinni passíuhár fjölda ljóshærðra kvenna. Hvert og eitt pensilfar er eins og landslagsmynd, þar sem liturinn er þéttastur neðst og minnir á hól eða hæð. Laglegt verk hjá Birgi, hvort sem maður velur fyrri eða seinni túlkunina.

Sigríður Melrós gerir sína tileinkun á hvað „einfaldastan“ máta. Þrykkir textann „Þetta ávala fjall“ í pappírinn. Tilvísun í viðfangsefni Georgs Guðna og hann sjálfan jafnvel líka, enda var hann orðinn kennileiti í íslenskri myndlist – fjall til að klífa.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Sýning með fallegum undirtóni og ríkri efniskennd, til minningar um góðan myndlistarmann.



# Herdís seldi málverk til að fjármagna heimildarmynd



**HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR** Hefur barist gegn gróðureyðingu áratugum saman og fannst tímabært að hnykkja á boðskapnum með heimildarmynd sem hún fjármagnar sjálf.

„Gróðureyðing er eitt alvarlegasta umhverfisvandamál samtímans og það er löngu orðið tímabært að taka það föstum tökum,“ segir Herdís Þorvaldsdóttir leikkona um heimildarmyndina Fjallkonan hrópar í vægð, sem frumsýnd var í Bíó Paradís í gær.

Myndin, sem var forsýnd á Skjaldborgarhátíðinni um þarsíðustu helgi, fjallar um gróðureyðingu og stöðvun lausagöngu búfénaðar á Íslandi en sá málaflokkur hefur lengi verið Herdísi hugleikinn.

„Ég hef barist fyrir þessum málum í um 30 ár, skrifað óteljandi greinar og reynt að vekja athygli á málinu. Svo heyrði ég setningu, „mynd segir meira en þúsund orð“, og þá rann upp fyrir mér að auðvitað þyrfti ég að gera heimildarmynd og sýna fólki nákvæmlega hvernig ástandið er. Ég vatt mér strax í það og það hefur tekið mig síðastliðin tvö ár meira eða minna. Ég átti líka mjög mikið af efni til að moða úr.“

Herdís fjármagnar myndina úr eigin vasa en til að fjármagna hana seldi hún málverk eftir Gunnlaug Scheving, sem maður hennar heitinn, Gunnlaugur Þórðarson, gaf henni í brúðkaupsgjöf fyrir 50 árum.

„Það hittist nú líka þannig á að ég var að flytja í minni íbúð en ég átti þessa fallegu mynd eftir Gunnlaug Scheving og datt í hug að selja hana til að borga myndina, sem hún gerði að miklu leyti.“

Auk þess að framleiða myndina skrifar Herdís handritið ásamt barnabörnum sínum, þeim Ólafi Agli Egilssyni og Hörpu Fönn Sigurjónsdóttur, en Jón Karl Helgason leikstýrði.

Spurð hverju hún vonist til að áorka með þessari mynd segist Herdís vona að almenningur fari að vakna til vitundar um hversu alvarlegt vandamál gróðureyðing er og farið verði að stemma stigu við ofbeit sauðfjár.

„Þetta er óhemjuvitlaust kerfi þar sem við borgum fyrir að láta skemma landið. Skattgreiðendur borga bændum fyrir að framleiða þessar skepnur, sem eru alltof margar og valda miklum skaða, sem Landgræðslan þarf að rækta upp. Það kostar auðvitað sitt. Lausaganga búfjár er úrelt miðaldafyrirkomulag, sem nánast allar nágrannaþjóðir okkar eru búnar að leggja niður. Við erum bara að velta vandanum á undan okkur.“

Fjallkonan hrópar á vægð verður verður sýnd í sjónvarpi nú í haust en barátta Herdísar um stöðvun lausagöngu heldur einnig áfram á heimasíðunni Stodvumlausagongu.is.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Innsýn í æsku vöruhönnunar

Saga til næsta bæjar nefnist yfirlitssýning sem opnuð verður í Hönnunarsafni Íslands í dag. Á sýningunni er leitast við að veita innsýn í vöruhönnun, mótun hennar og þróun undanfarinn áratug eða frá því kennsla í vöruhönnun hófst við Listaháskóla Íslands.

Sérstök áhersla verður lögð á samstarfsverkefni vöruhönnuða, sem oftar en ekki eru þverfagleg. Á sýningunni eru yfir 50 verk eftir fjölda íslenskra vöruhönnuða, auk þess sem sagt verður frá samstarfsverkefnum sem nú standa yfir.

Hlín Guðlaugsdóttir vöruhönnuður er sýningarstjóri. Í texta sýningarskrár segir hún að Saga til næsta bæjar sé saga líðandi stundar, gefi innsýn í barnæsku fagsins á Íslandi á umbrotatímum og feli í sér ferðalag sem sé hvergi nærri lokið. „Tilraunir og leit að nýjum leiðum taka á sig ýmsar myndir í umhverfi án hefðbundins iðnaðar og jafnvel markaðar. Við hrífumst af fagurfræði og ljóðrænu yfirborðsins en undir niðri krauma draumar um betri heim og sannfæring um hönnun sem afl til raunverulegra breytinga.“



**SÝNINGARSTJÓRI** Hlín Guðlaugsdóttir vöruhönnuður er sýningarstjóri yfirlitssýningarinnar sem opnuð verður í dag.

Sýningin verður opnuð klukkan 17 í dag og stendur fram í október.





PIPAR\TBWA • SÍA • 121708
Allrahanda hamingjuóskir!
BM Vallá, ásamt verktökum og öðrum efnissölum, óskar ferðaþjónustu-fyrirtækinu Iceland Excursions Allrahanda innilega til hamingju með nýjar höfuðstöðvar að Klettagörðum 4.
Gray Line
Icelandexcursions
Allrahanda
Hið nýja húsnæði Iceland Excursions Allrahanda er byggt úr forsteyptum einingum og steypu frá BM Vallá. Að auki eru allar hellur frá BM Vallá.
BM·VALLÁ
GRANDLAGNIR
Hirðir ehf
Parki
INTERIORS
AXIS
868 5253
HURÐAÞJÓNUSTA
SUÐURNESJA
Alhliða pípulagnir s.f
olís
Gísli J. Johnsen
Húsasmíðameistari
VSB
VERKFRÆÐISTOFA
Skaftfell
Kári Arnórsson EHF
BYGGINGAVERKTAKI
660 4060
Rafgjafinn ehf
Gluggasmiðjan
Gólflagnir
IÐNAÐARGÓLF
LOFT & RAFTÆKI
GG Verk og Tækniþjónusta ehf.
TERA sf.
VAGNAR & ÞJÓNUSTA
Jón Guðmundsson
ARKITEKT
GLÓFAXI
BORGARPLAST
www.borgarplast.is
STJÖRNUBLIKK
SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN
FERROZINK
LímtréVírnet


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT á grillið
NÝTT PIPARMARINERAÐ
1398 kr. kg
Hvítlauks og rósmarín marinerað
1398 kr. kg
Trönuberja og eplamarinerað
1398 kr. kg
Ferskt og ókryddað
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York marinerað
1398 kr. kg
Piparmarinerað lambalæri
LAMBALÆRI
– fyrir þig og þína!
4 í pk.
698 kr. pk.
Grillborgarar með brauði, 4 stk.
10 í pk.
KRÓNAN
Pylsur
398 kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g
KRÓNUBRAUÐ
STÓRT OG GRÓFT
219 kr. pk.
Krónubrauð, stórt og gróft
HEILKORNA FLATKÖKUR
135 kr. pk.
Heilkorna flatkökur, 4 stk.
Gott saman!
Spare Ribs
Iceland
MINI CORN COBS
1398 kr. tvennan
Spare Ribs og Iceland maísstönglar
4-PAKKI eða 12-Pakki
OG FÓTBOLTI
4 x 2L eða 12 x 0.33 cl.
Coke, Coke light eða Coke zero
og UEFA EURO 2012 bolti
á 1.398 kr.
Fagnaðu með Coca-Cola
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Aukakrónur
VISA
Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum krónunnar


Nýtt!
GRILLÞRENNA
Krónunnar
GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4
Grillað 'etta
GRILLBAKKI 1
SNÖGGI GRILLARINN
1598 kr./kg
Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif
GRILLBAKKI 2
STEIKARGRILLARINN
1998 kr./kg
Ungnauta entrecote, grísahnakki og grísaspjót
GRILLBAKKI 3
FLOTTI GRILLARINN
2198 kr./kg
Grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri
KRÓNAN
Kjúklingur
2298 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
30% afsláttur
3219 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
40% afsláttur
2298 kr. kg
Verð áður 3849 kr. kg
Ungnauta mínútusteik
GOÐI
6 í pk.
1198 kr. pk.
Goða hamborgarar, 6x120 g
10 í pk.
1098 kr. pk.
Goða hamborgarar, 10x80 g
898 kr. kg
Grísakótilettur í kassa, frosnar
Spari-kassi
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# Hagþenkir veitir hátt í 15 milljónir króna í styrki

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, úthlutaði starfsstyrkjum til rúmlega 30 verkefna í gær. Þar af fengu 16 verkefni hæsta styrk, 600 þúsund krónur. Rúmlega 80 styrkumsóknir bárust.

Hagþenkir veitir árlega styrki til ritstarfa. Fjórtán milljónir voru til ráðstöfunar í ár, auk 600 þúsund króna sem runnu til handritsgerðar fræðslu- og heimildarmynda og runnu þær til þriggja verkefna. Verkefni styrkhafa í ár eru af ýmsum toga. Í hópi þeirra sem fengu hæsta styrk eru Árni Heimir Ingólfsson fyrir rit um tónlist í íslenskum handritum frá 1400 til 1800; Gunnar Þór Bjarnason fyrir bók um uppkastið 1908; Jónína Einarsdóttir fyrir rannsóknir á þeim sið að senda börn í sveit; Kristinn Schram fyrir bók um þjóðfræði rekaviðar og strandmenningar; Kristín Atladóttir fyrir hugverkarétt í stafrænu umhverfi og Sigríður Dögg Arnardóttir fyrir bók fyrir foreldra til að fræða börn sín um kynlíf.

Ólafur Rastrick sagnfræðingur hlaut styrk að upphæð 450 þúsund krónur fyrir bók um íslenska menningu og samfélagslegt vald en Harpa Björnsdóttir fékk 350 þúsund krónur fyrir bók um Sölva Helgason.

Fjórtán verkefni fengu styrk að upphæð 300 þúsund krónur, þar á meðal Jón Viðar Jónsson fyrir sögu íslenskrar leiklistar 1925 til 1960 og Kristín Þorleifsdóttir fyrir fræðirit um gæði almenningsrýma í borgarumhverfi.



**FRÁ STYRKVEITINGUNNI** Af rúmlega 80 umsóknum hlutu yfir 30 verkefni starfsstyrk frá Hagþenki í ár, þar af 16 hæsta styrk að upphæð 600 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Tónlist ★★★★☆

**Amen séð í hugsýnum eftir Olivier Messiaen**

Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir léku á píanó.

**Listahátíð í Reykjavík í Norðurljósum í Hörpu 3. júní**

## Söngur engla

Tveggja turna tal er frasi sem er ættaður úr Hringadróttinssögu. Hann hefur verið notaður um forsetaframboðið. Líka mætti nota hann um tónleika tveggja píanóleikara á Listahátíð á sunnudaginn var. Flygill er stórt og voldugt hljóðfæri. Tónleikar þar sem spilað er á tvo flygla eru eins konar tveggja turna tal.

Þetta voru þær Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir. Þær fluttu stórvirki eftir Olivier Messiaen, Visions de l'Amen, eða Amen séð í hugsýnum. Verkið var samið árið 1943. Messiaen var strangtrúaður kaþólikki, og fá tónskáld hafa náð að opinbera dýpri hliðar kaþólskrar trúar jafnvel með list sinni. Hljómarnir eru ótrúlega sérstakir, laglínurnar framandi en ávallt hrífandi fagrar. Tónlistin skapar einstaka stemningu sem maður finnur hvergi annars staðar. Nema kannski í kaþólskri kirkju!

Orðið amen hefur nokkrar merkingar. Það getur verið staðfesting á áætlun eða trú, „verði svo“ og þar fram eftir götunum. Kaflar verksins eru sjö og í þeim eru þessar mismunandi merkingar tengdar við nokkrar hliðar kaþólskrar guðfræði. Í mjög einfölduðu máli eru þetta sköpunin, þjáning Jesú, englar, fuglasöngur, dýrlingar, dómurinn o.s.frv.

Hlutverk píanóleikaranna tveggja er mismunandi. Rödd flygils A er skrautið og birtan, flóknar tónhendingar sem gera miklar tæknikröfur. Flygill B er grunnurinn, þráðurinn sem heldur öllu saman. Anna Guðný var í fyrrnefnda hlutverkinu, leikur hennar var skær og öruggur, tær og kraftmikill. Tinna sá um hina röddina, og hún spilaði prýðilega, af krafti og öryggi. Samspilið var gott, flyglarnir tveir hljómuðu oftar en ekki sem einn ofurflygill.

Tónlistin er margbreytileg. Sköpunin í upphafi er ekki neinn Mikli hvellur. Messiaen birtir manni sýn af veröld sem smám saman kemur upp úr djúpinu. Svo tekur við ofsafenginn dans pláneta og stjarna, og síðan gríðarlega sterkt tónmál sem gefur manni innsýn í þjáningu Jesú. Innhverfur, háleitur söngur dýrlinga og engla er sömuleiðis fegurri en orð fá lýst. Og fullkomnun sköpunarinnar er hrein flugeldasýning.

Allt þetta var að finna í leik píanóleikaranna. Túlkunin var sérlega fjölbreytileg, full af skáldlegri innsýn, dreymandi og andaktug þegar við átti, en gædd sprengikrafti á öðrum stöðum. Lokakaflinn var yfirgengilegur, stórglæsilegur endir á skemmtilegum tónleikum.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Magnaður flutningur á einu helsta píanóverki Oliviers Messiaen.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Fimmtudagur 07. júní 2012**

**Tónleikar**



**20.00** Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara verða haldnir í Þjóðleikhúsinu í tilefni þess að það eru 10 ár síðan hann lést og eins að hann hefði orðið fertugur í sumar. Fjöldi flytjenda kemur fram, þar á meðal Bubbi Morthens, Páll Óskar, **Ragnhildur Gísladóttir**, Þursaflokkurinn og Ari Eldjárn. Miðaverð er kr. 4.500.

**Fræðsla**

**14.00** Sjötti opni fræðslufundurinn af ellefu á þessu ári í tilefni af 30 ára starfsafmæli Stoðar hf. verður haldinn á Hótel Hafnarfirði, Reykjavíkurvegi 72.

**Fundir**

**17.00** Halló Norðurlönd, upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar heldur upplýsingafund í funda- og veitingasalnum á 4.hæð Skipagötu 14, Akureyri. Fundurinn er ætlaður fólki sem hyggur á flutning til hinna Norðurlandanna. Þátttaka er ókeypis.

**17.00** Kópavogsbúum og öðrum áhugamönnum er boðið til opins fundar um framtíð Kópavogstúns, gamla Hressingarhælisins og Kópavogsbæjar. Fundurinn verður haldinn í bæjarstjórnarsalnum Fannaborg 2.

**Sýningar**

**16.00** Ingunn Þráinsdóttir opnar nýja sýningu á Skörinni hjá handverki og hönnum, Aðalstræti 10. Þar sýnir hún nýja textíllínu sem kallast Flóra.

**17.00** Sýningin Saga til næsta bæjar (e. Something to Write Home About) opnar í Hönnunarsafni Íslands. Um er að ræða sögu íslenskrar vöruhönnunar.

**Hátíðir**

**21.00** The Icelandic Tattoo Convention verður haldin á Bar 11 alla helgina. Hljómsveitirnar Dusty Miller og Texas Muffin spila á tónleikum.

**Dans**



**20.00** SalsaIceland heldur sinn vikulega fría prufutíma á Thorvaldsen Bar. Að kennslu lokinni er dansgólfið laust fyrir alla salsaóða til klukkan 00.30. Ýmis tilboð á barnum.

**Tónlist**

**21.00** Skúli mennski spilar á Café Rosenberg.

**22.30** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Leiðsögn**

**20.00** Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur og Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður leiða gesti um Grasagarðinn í Reykjavík og skoða plönturnar.

**Fyrirlestrar**

**12.15** Þóranna Björnsdóttir mynd- og hljóðlistamaður og Þráinn Hjálmarsson tónskáld flytja hádegiserindi í Hafnarhúsinu. Erindið er í tengslum við sýninguna Sjálfstætt fólk.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Hryllilegur jaðarsöngleikur

„Það má kalla þetta jaðarsöngleik," segir Valdimar Jóhannsson, einn meðlimur samstarfsverkefnisins Tickling Death Machine, sem verður frumsýnt á Íslandi 8. júní í Iðnó. Um er að ræða samvinnu dansflokksins Shalala og hljómsveitanna Lazy blood og Reykjavík! sem hefur farið sigurför um heiminn.

„Verkið er blanda af tónleikum, dansi og hálfgerðu leikhúsi. Við leikum okkur með texta og vinnum með ákveðið þema sem er falsspámenn með mismunandi sýn á enda heimsins." Hann segir þau vinna mikið með hrylling og að hljómflutningurinn flakki frá óhugnanlegum barnagælum yfir í kvikmyndatónlist og harðasta rokkið í bransanum.

Þessi sérstæði listaviðburður varð til eftir tónleika á sviðslistahátíðinni Keðju þar sem Valdimar ásamt dansaranum Ernu Hreinsdóttur, sem skipar með honum dúettinn Lazy blood, héldu tónleika með Reykjavík!. Sendiboði frá einni mikilvægustu sviðslistahátíð Evrópu, Kunsten festival des arts í Brussel, kom til þeirra eftir hljómflutninginn og sagði: „Þið verðið að gera verk úr þessu."

Hópurinn tók hvatningunni fagnandi en Valdimar og Erna höfðu lengi ætlað að gera verk sem einblínir á tónleikaformið og kannar þátt áhorfenda. Úr varð að hópurinn sýndi fjórar sýningar fyrir fullu húsi á hátíðinni í Brussel vorið 2010 og þar eftir á annarri í Orléans í Frakklandi. Ævintýrið heldur áfram að Íslandsfrumsýningunni lokinni því sýningin ferðast í haust á hátíðina Kyoto Experiment í Japan.

Hljómsveitirnar gáfu nýverið frá sér smáskífu með lögum jaðarsöngleiksins og er hún fáanleg á tónlistarveitunni gogoyoko. **-hþt**



**ROKK OG RÓL** Dansflokkurinn Shalala og hljómsveitirnar Lazy blood og Reykjavík! hafa farið sigurför um heiminn með samvinnuverkefni sitt.

Náttúruleg **andlitshreinsun**

## Áhrifarík djúphreinsun fyrir andlit

Náttúrulegur súlfatlaus djúphreinsir og andlitsskrúbbur sem fjarlægja óhreinindi, olíu og farða og gera húðina mjúka og slétta. Djúphreinsikremið vinnur sig mjúklega inn í húðina en andlitsskrúbburinn sem er ríkur af möluðum ferskusteinum slípar húðina á náttúrulegan og mildan hátt og fjarlægir dauðar húðfrumur.



**Anna Margrét Björnsson**

„Burt´s Bees Deep cleansing cream djúphreinsirinn er frábær og í alvörunni sá besti sem ég hef prófað. Húðin verður svo ótrúlega frískleg og hrein, ég mæli með honum. Maður hefur á tilfinningunni þegar maður notar vörurnar frá Burt´s Bees að maður sé með náttúruna beint í æð því þær innihalda engin óæskileg efni og ilma alveg dásamlega"




Vörurnar innihalda ekki: paraben • þalöt • sílikon • tilbúin litarefni

BURT'S BEES
náttúran og ég




> Í SPILARANUM

**Hot Chip** - In Our Heads
**Joe Dubius** - Rainy Day In The Park
**Patti Smith** - Banga
**Beach Boys** - That's Why God Made The Radio

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Hawkins leikur Iggy Pop

Taylor Hawkins, trommari Foo Fighters, fer með hlutverk söngvarans Iggy Pop í væntanlegri kvikmynd um tónleikastaðinn fræga CBGB's í New York.

Ráðning Hawkins kemur á óvart enda er hann ekki þekktur fyrir leiklistarhæfileika sína en ljóst er að hann hefur útlitið með sér í hlutverkið. Áður hafði verið tilkynnt að Rupert Grint úr Harry Potter-myndunum færi með hlutverk Cheetah Chrome, úr pönksveitinni The Dead Boys, í myndinni sem heitir einfaldlega CBGB og kemur út á næsta ári. Malin Akerman leikur söngkonuna Debbie Harry og Alan Rickman leikur Hilly Kristal, eiganda staðarins. Einnig er búið að ráða í hlutverk Joeys og Johnnys Ramone. Ekki hefur verið ákveðið hver leika Patti Smith, David Byrne og fleiri tónlistarmenn sem voru tíðir gestir á þessum sögufræga pönkstað, sem hefur nú verið lokað.



**Í LEIKLISTINNI** Taylor Hawkins úr Foo Fighters leikur Iggy Pop.




> PLATA VIKUNNAR

**Asonat - Love in Times of Repetition**

★★★☆☆

„Jónas Ruxpin og Fannar úr Plastic Joy með nýja rafpopp-sveit." - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Hafa engu gleymt*

Síðasta laugardagskvöld voru Listahátíðartónleikar Hljómskálans í Eldborgarsal Hörpu. Þeir tókust vel og tónleikagestir gengu sáttur út úr glæsilegum salarkynnunum. Eftir það lá leið mín á tónleika sem voru haldnir á allt öðruvísi stað. Í kjallaranum á Ellefunni við Hverfisgötu voru Langi Seli og Skuggarnir að spila. Þar var stappfullt þegar ég kom á staðinn og þessir fimmtíu sem stóðu þar flestir í kös fyrir framan sviðið voru í miklu stuði.

Hljómsveitin Langi Seli og Skuggarnir var stofnuð á rústum hinnar goðsagnarkenndu „kill'embilly"-sveitar Oxzmá árið 1987. Hljómsveitin gerði tvær EP-plötur og eina stóra plötu áður en hún lagði upp laupana sjö árum seinna. Hún var endurvakin með nokkuð breyttri mannaskipan og árið 2009 gaf hún út plötu númer tvö, Drullukalt. Ágætis plata að mestu leyti í svipuðum stíl og fyrri platan.

Í dag er hljómsveitin fjögurra manna; sem fyrr skipuð þeim Langa Sela (gítar og söngur) og Jóni Skugga (bassi). Erik Qvick spilar svo á trommurnar og Þorgils Björgvinsson („Gilsi gítar") á gítar. Tónleikarnir á Ellefunni voru haldnir í tilefni af 25 ára afmæli hljómsveitarinnar.

Eins og áður segir var mikil stemning. Hljómsveitin var drulluþétt og gleðin og töffaraskapurinn skein úr andlitum hljómsveitarmeðlima. Mér er til efs að bandið hafi nokkurn tíma verið betra. Langi Seli spilar uppfærða útgáfu af rokkabillítónlist sjötta áratugarins. Hljómburðurinn í kjallaranum á Bar 11 var fínn og tónlistin virkaði jafn vel og hún gerði hjá Langa Sela fyrir aldarfjórðungi, nú eða hjá rokkabillífrumkvöðlunum nokkrum áratugum fyrr. Þetta var klassísk stund þarna í kjallaranum og helst að manni væri kippt inn í nútímann þegar sveitin spilaði ofursmellinn Breiðholtsbúgí og myndavélasímarnir fóru á loft …



**ALDREI BETRI** Langi Seli og Skuggarnir voru drulluþéttir á afmælistónleikunum á laugardagskvöldið.



**Á TÓNLEIKUM** Al Doyle (til vinstri) og Alexis Taylor á tónleikum með hljómsveit sinni Hot Chip. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mættir aftur á dansgólfið

**Hin hressa Hot Chip er mætt aftur til leiks með sína fimmtu plötu. Tólf ár eru síðan skólafélagarnir Alexis Taylor og Joe Goddard stofnuðu hljómsveitina.**

Ensku stuðboltarnir í Hot Chip gefa út sína fimmtu plötu eftir helgi. Hún kallast In Our Heads og er að sjálfsögðu stútfull af hressilegum popplögum með dansvænum undirtóni.

Hot Chip var stofnuð árið 2000 af skólafélögunum Alexis Taylor og Joe Goddard. Skömmu síðar bættust í hópinn þeir Owen Clarke, Felix Martin og Al Doyle. Hljómsveitin gaf út sína fyrstu plötu árið 2004, Coming on Strong, á vegum Moshi Moshi-útgáfunnar. Til að kynna plötuna spilaði Hot Chip á Nasa á Iceland Airwaves við frábærar undirtektir. Nokkrum vikum síðar steig hljómsveitin aftur á svið á Nasa og hafa Hot Chip-liðar talað um að þeir hafi fyrst slegið í gegn í Reykjavík.

Hljómsveitin samdi við risann EMI sem gaf út aðra plötu hennar, The Warning, árið 2006. Hún kom Hot Chip á kortið og var tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna í Bretlandi. Lögin Over and Over og Boy From School komust bæði á vinsældarlista en hið síðarnefnda var nýverið spilað í The Simpsons, sem er að sjálfsögðu mikill heiður.

Tvö ár liðu þar til þriðja platan, Made in the Dark, leit dagsins ljós en í millitíðinni hitaði hljómsveitin upp fyrir Björk á tónleikum í Laugardalshöll. Annað smáskífulagið Ready For the Floor fór í sjötta sæti breska vinsældarlistans og var einnig tilnefnt til Grammy-verðlaunanna.

Árið 2010 gaf Hot Chip svo út sína fjórðu plötu, One Life Stand, og fékk hún víðast hvar mjög góða dóma. Einhverjir söknuðu þó alvöru „hittara" og fannst tónlistin full róleg á köflum. Eftir útgáfu hennar voru Hot Chip-liðar duglegir við að sinna hliðarverkefnum sínum. Taylor starfrækti About Group, Goddard The 2 Bears og þeir Martin og Doyle spiluðu með New Build. Gítarleikarinn Owen Clarke var sá eini sem ákvað að taka því rólega.

In Our Heads er fyrsta plata Hot Chip sem kemur út á á vegum Dominos-útgáfunnar. Góðir dómar halda áfram að límast við bandið því tímaritið Mojo gaf plötunni fjórar stjörnur af fimm og Uncut átta af tíu. Hljómsveitin verður á stífri tónleikaferð um heiminn á næstu mánuðum og hefur verið bókuð fram í október. Á dagskránni er spilamennska á Sonar-hátíðinni í Barcelona, á Bestival í Bretlandi og á tónleikastaðnum fræga Hollywood Bowl, svo eitthvað sé nefnt.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 31. maí - 06. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Loreen | *Euphoria* |
| ▲ | 2 | KK | *Frelsið* |
| ▼ | 3 | Jason Mraz | *I Won't Give Up* |
| ▲ | 4 | Tilbury | *Tenderloin* |
| ▼ | 5 | Valdimar | *Þú ert mín* |
| ▶ | 6 | Carly Rae Jepsen | *Call Me Maybe* |
| ▲ | 7 | Train | *Drive By* |
| ▲ | 8 | The Black Keys | *Gold On The Ceiling* |
| ▲ | 9 | Maroon 5 / Wiz Khalifa | *Payphone* |
| ▶ | 10 | Magnús Þór / Jónas Sigurðsson | *Ef ég gæti hugsana* minna |

## TÓNLISTINN

Vikuna 31. maí - 06. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▼ | 2 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2012: Baku* |
| ▼ | 3 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▶ | 4 | Ýmsir | *Pottþétt 57* |
| ▶ | 5 | Bubbi Morthens | *Þorpið* |
| ▲ | 6 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 7 | Ýmsir | *Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision* |
| ▲ | 8 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▶ | 9 | Ýmsir | *Hot Spring: Landamannalaugar* |
| ✱ | 10 | Bryan Ferry | *Best Of Bryan Ferry* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is





BÓKABÚÐ FORLAGSINS

*Fiskislóð 39*

*OPIÐ ALLA VIRKA DAGA*

kl. 10–18

*OG LAUGARDAGA*

kl. 10–14

FORLAGIÐ

*Kaffi á könnunni og næg bílastæði*

# FÖNDUR OG FJÖR

## *Frábærar í fríið!*

FÖNDUR, LEIKIR OG ÞRAUTIR FYRIR ALLA KRAKKA

- á rigningardögum
- í sumarbústaðnum
- í flugvélinni
- í bílnum ...




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

**> ÁSTFANGIN AF GEIMVERU**

Mila Kunis hefur tekið að sér að leika í spennutryllinum Jupiter Ascending en upphaflega átti leikkonan Natalie Portman að fara með hlutverkið. Myndarinnar er beðið með nokkurri eftirvæntingu en þetta er fyrsta leikstjórnarverkefnið sem Lana og Andy Wachovski taka að sér síðan þau gerðu Matrix-myndirnar. Mikil leynd hvílir yfir söguþræðinum en Mila Kunis mun leika konu sem verður ástfangin af geimveru, sem Channing Tatum leikur.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Gelgjumyndin LOL í bíó

Það er margt um fína drætti þegar kemur að leikkonum í kvikmyndinni LOL, sem var frumsýnd í bíóhúsum í gær.

LOL er alvöru gelgjumynd þar sem líf unglingsstúlkunnar Lolu, alltaf kölluð LOL, hrynur þegar kærastinn hennar hættir með henni. Hún er þó ekki lengi að leita sér huggunar í örmum myndarlegs vinar síns en lendir í erfiðleikum með að blanda rómantík saman við vinasamband þeirra. Sem betur fer hlýtur hún þó hjálp vitra vinkvenna sinna sem benda henni á staðreyndir eins og þá að kyssi strákur hana á munninn sé hann að láta vita að hann sé tilbúinn í ástarsamband. Netsamskipti nútímans leika stórt hlutverk í myndinni sem gefur áhorfendum innsýn í flókinn, en þó svo einfaldan raunveruleika unglinga dagsins í dag.

Demi Moore leikur móður Lolu, sem er leikin af ungstirninu Miley Cyrus. Helsti keppinautur Lolu er svo leikinn af Twilight-stjörnunni fallegu Ashley Greene. Þetta er sannarlega mynd sem engin alvöru gelgja má láta fram hjá sér fara.

**- trs**



**LOL** Unglingsstúlkan Lola tekst á við flókin ástamál í gelgjumyndinni LOL..

## KVIKMYNDARÝNI

★★★☆☆
**PROMETHEUS**
„Umgjörðin er glæsileg og andrúmsloftið þrælmagnað. Þess vegna á Prometheus skilið svo miklu vandaðra handrit."

★★★★☆
**TYRANNASAUR**
„Erfið en hrikalega eftirminnileg mynd."



★★★★☆
**MEN IN BLACK III**
„Afbragðs tímaflakk. Svartklæddu mennirnir hafa engu gleymt."

★★★☆☆
**SAFE**
„Aðdáendur órakaða ólátabelgsins verða himinlifandi, en realistar ættu að halda sig fjarri."

★★★☆☆
**DARK SHADOWS**
„Nokkuð góð skemmtun sem skrifast að stórum hluta á Johnny Depp."

**- hva**

# MYRKUSTU AFKIMAR ALHEIMSINS

**Vísindatryllirinn Prometheus í leikstjórn Ridleys Scott var heimsfrumsýnd á Íslandi í gær í þrívídd. Í myndinni uppgötva landkönnuðir vísbendingu um uppruna mannsins á jörðinni og leggja upp í ferðalag um myrkustu afkima alheimsins.**



**ÓGNVEKJANDI** Charlize Theron og Idris Elba í hlutverkum landkönnuðanna í Prometheus.

Í Prometheus snýr Ridley Scott sér aftur að sérdeild sinni vísindaskáldskap og er myndin sögð sjálfstæð forsaga kvikmyndarinnar Alien. Leikstjórinn er hvað þekktastur fyrir hana ásamt vísindatryllinum Blade Runner, sem kom út fyrir þrjátíu árum.

Geimveran ógurlega úr Alien kemur þó ekki við sögu í þessari nýju mynd. Þvert á móti skapar Scott nýstárlega goðsögn þar sem hópur geimfara uppgötvar vísbendingu sem gæti leitt þá að uppruna mannsins á jörðinni. Vegna þessarar skyndilegu vitneskju sinnar verða þeir að ferðast um óhugnanlegustu staði alheimsins og heyja skelfilegan bardaga til að bjarga framtíð mannkynsins.

Kvikmyndin var frumsýnd í Bretlandi 31. maí við góðar undirtektir. Gagnrýnendur Hollywood Reporter og Time Out London létu keimlík ummæli falla. Þeir sögðu hana myndrænt áhrifamikla og magnaða tæknilega séð en kvörtuðu yfir fyrirsjáanlegum söguþræði.

Flestir fóru fögrum orðum um leikarana og þá sérstaklega frammistöðu Michaels Fassbender. Hann er þó ekki eina stjarna kvikmyndarinnar en þau Noomi Rapace, Charlize Theron, Guy Pearce, Patrick Wilson og Idris Elba fara með önnur aðalhlutverk. Haft var eftir Theron að með þessari kvikmynd hefði langþráður draumur orðið að veruleika. „Alla leikara dreymir um að vinna með ákveðnum leikstjóra og hjá mér var það Ridley," sagði hún.

**hallfridur@frettabladid.is**

### ÍSLAND Í PROMETHEUS

Íslensk náttúra á stóran þátt í sjónarspili Prometheusar. 200 manna tökulið kom til landsins í júlí í fyrra og var við tökur á Suðurlandi, þar á meðal við Heklu, og við Dettifoss fyrir norðan í rúmar tvær vikur.

- Mikið var um stjörnufans á tökustað en Charlize Theron, Michael Fassbender og Noomi Rapace heimsóttu Ísland ásamt leikstjóranum þekkta.
- Ridley Scott sagði íslenska náttúru hafa sérstæðan karakter og vera villtari en annars staðar og að það hefði skipt sköpum.
- 160 Íslendingar fengu vinnu við myndina og nam framleiðslukostnaður hér á landi hundruðum milljóna íslenskra króna.
- Leikstjórinn sagðist reikna með að íslenskt umhverfi kæmi áhorfendum myndarinnar fyrir sjónir í sirka 15 mínútur.


FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

BREKKUHÚS 3 – Endaraðhús
Opið hús í dag á milli 17 og 17:30









Sérlega fallegt lítið endaraðhús með sérverönd að Brekkuhúsum 3 í Grafarvogi. Glæsilegar hvítlakkaðar sérsmíðaðar innréttingar og granít borðplötur. Falleg gólfefni; eikarparket og flísar. Skipulag; Anddyri, hol, eldhús, stofa, svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús/vinnuherbergi. Sameiginlegt þvottahús og sameiginleg geymsla. **Verð 19,9 millj. Óskar sýnir húsið í dag, fimmtudag, á milli 17 og 17:30. Uppl. í síma 822-8750.**




**VERÐUR HANNIBAL** Mads Mikkelsen leikur Hannibal í nýrri bandarískri seríu um mannætuna.

# Mikkelsen í fótspor Anthony Hopkins

Danski leikarinn Mads Mikkelsen hefur tekið að sér að leika mannætuna Hannibal Lecter í nýrri bandarískri sjónvarpsseríu. Mikkelsen fetar þar með í fótspor Anthony Hopkins sem gerði garðinn frægan sem fjöldamorðinginn. Það er bandaríska sjónvarpsstöðin NBC sem ætlar að sýna seríuna á næsta ári en tökur hefjast í næsta mánuði. Breski leikarinn Hugh Dancy leikur FBI-fulltrúann Will Graham en ekki er vitað hvort Clarice Starling, sem Jodie Foster og Julianne Moore hafa leikið, verði með í sjónvarpsþáttunum.

Mikkelsen vann nýlega verðlaun sem besti leikarinn á Cannes-hátíðinni fyrir leik sinn í myndinni The Hunt.

# Heimildarmynd um transfólk

**Tónlistarkonan Janet Jackson er að framleiða heimildarmynd um transfólk og líf þess. Myndin ber heitið Truth þar sem transfólki úti um allan heim er fylgt eftir og staða þess í samfélaginu skoðuð. Jackson verður ekki bara framleiðandi því hún tekur líka viðtöl í myndinni. Sjálf segir Jackson að myndin eigi eftir að breyta viðhorfi fólks til kynjanna að eilífu. „Við viljum stöðva alla fordóma og minna fólk á að sýna öðrum skilning." Tökur á myndinni hefjast í sumar.**



**FRAMLEIÐIR** Janet Jackson framleiðir heimildarmynd um transfólk.

NORDICPHOTOS/GETTY



50%
KJÖTHITAMÆLIR
Verð áður ........ 999
Tilboðsverð ........ 499
33%
GRILLBURSTI
Verð áður ........ 749
Tilboðsverð ........ 499
33%
FERÐAKRÚS STÁL
Verð áður ........ 2.999
Tilboðsverð ........ 1.999
40%
HITAOFN
Verð áður ........ 4.999
Tilboðsverð ........ 2.999
Þú sparar ........ 2.000
50%
FERÐAGASHELLA
Verð áður ........ 8.576
Tilboðsverð ........ 4.288
Þú sparar ........ 4.288
20%
WOK GRILLPANNA
Verð áður ........ 2.499
Tilboðsverð ........ 1.999
Gargandi tilboð
byggtogbúið
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
568 9400
byggtogbuid.is
Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
30%
HJÓLALÁS SPIRAL
12 X 1500MM
Verð áður ........ 1.649
Tilboðsverð ........ 1.149
30%
HITA/KÆLIBRÚSI
0.5 L STÁL
Verð áður ........ 2.749
Tilboðsverð ........ 1.925
25%
SCHOU HRAÐSUÐUKANNA
Verð áður ........ 7.999
Tilboðsverð ........ 5.999
Þú sparar ........ 2.000
20%
40%
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 5.999
Þú sparar ........ 4.000
33%
SMOOTHIE
MEÐ RÖRI
Verð áður ........ 2.999
Tilboðsverð ........ 1.999
20%
PIZZA GRILLPANNA
Verð áður ........ 2.999
Tilboðsverð ........ 2.399
FERÐAGASGRILL
Verð áður ........ 12.999
Tilboðsverð ........ 10.399
Þú sparar ........ 2.600
30%
BORÐVIFTA
Verð áður ........ 5.999
Tilboðsverð ........ 4.199
Þú sparar ........ 1.800
Brúðargjafalisti
er þægileg lausn
• Inneign 7-10% • Góðgerðarmál
• Glæsilegir vinningar
20%
TRISTAR BLANDARI 500W
Verð áður ........ 9.990
Tilboðsverð ........ 7.990
Þú sparar ........ 2.000
25%
SPORT SÓLGLERAUGU
Verð áður ........ 1.099
Tilboðsverð ........ 825
20%
RAFMAGNSPANNA
30CM 1500W
Verð áður ........ 4.999
Tilboðsverð ........ 3.999
Þú sparar 16.000
IROBOT
ROOMBA 555
Verð áður ........ 84.900
Tilboðsverð ........ 68.900
Þú sparar ........ 16.000
Ryksugu-
vélmenni
20%
WASSERMAXX
33%
Þú sparar 14.910
GARMIN
NUVI 1440
Verð áður ........ 44.900
Tilboðsverð ........ 29.990
Þú sparar ........ 14.910
GPS leiðsögu-
tæki í bílinn
KITCHENAID
32%
BRÚSI H2O
ON THE GO
Verð áður ........ 599
Tilboðsverð ........ 399
WASSERMAXX
HVÍTT SÓDAVATNSTÆKI
Verð áður ........ 12.990
Tilboðsverð ........ 10.392
Þú sparar ........ 2.598
20%
KITCHENAID
HRÆRARI MEÐ SLEIKJU
Verð áður ........ 5.990
Tilboðsverð ........ 4.792
Þú sparar ........ 1.198
33%
Þú sparar 15.000
Þú sparar 10.000
KITCHENAID
HVÍTUR BLANDARI
Verð áður ........ 39.990
Tilboðsverð ........ 34.990
Þú sparar ........ 5.000
NAFNAKÖNNUR
Verð áður ........ 1.499
Tilboðsverð ........ 999
EXQUISIT
KÆLISKÁPUR Í BORÐHÆÐ
Verð áður ........ 39.900
Tilboðsverð ........ 34.900
Þú sparar ........ 5.000
EXQUISIT
ELDAVÉL 50CM
Verð áður ........ 64.900
Tilboðsverð ........ 49.900
Þú sparar ........ 15.000
EXQUISIT
ÞVOTTAVÉL 1200 SNÚNINGA
Verð áður ........ 79.900
Tilboðsverð ........ 69.900
Þú sparar ........ 10.000



**54 ÁR** fyllir tónlistarmaðurinn Prince í dag en hann fagnar því eflaust með kærustu sinni Briu Valente. Þó er víst að hann fær sér ekki steik því Prince er grænmetisæta og var valinn kynþokkafyllsta grænmetisæta í heimi árið 2006.

# Klassískt brúðkaup



Leikkonan Drew Barrymore gekk í það heilaga með unnusta sínum Will Kopelman á laugardaginn. Athöfnin fór fram á heimili þeirra í Montecito en fimm mánuðir eru síðan parið trúlofaðist. Samkvæmt heimildum People Magazine var brúðkaupið einfalt, klassískt og látlaust úti í garði.

Barrymore á von á sínu fyrsta barni en hún klæddist kjól frá Chanel sem kemur ekki á óvart því tengdafaðir hennar er stjórnarmaður í tískuhúsinu. Gestir brúðkaupsins voru meðal annarra Reese Witherspoon, Jimmy Fallon og Cameron Diaz.

LYFJA
- Lifið heil

Kvöldið er okkar

Komdu á miðnæturopnun Lyfju í Smáralind í kvöld, fimmtudagskvöldið 7. júní, og nýttu þér frábær tilboð fram að miðnætti. Sérfræðingar okkar kynna þér allt það nýjasta fyrir húðina, sumarförðunina og heitasta sumarilminn.

Láttu það eftir þér að dekra svolítið við þig!

Allir sumarilmir og sólarvarnir verða með 25% afslætti í kvöld!

CLARINS PARIS CLINIQUE 20% afsláttur
L'ORÉAL PARIS 20% afsláttur
SKIN DOCTORS 20% afsláttur
OROBLU Oroblu all colors 20% afsláttur
Heelen Fótavörur og sokkar 20% afsláttur
GOSH COSMETICS 20% afsláttur
MAYBELLINE NEW YORK 20% afsláttur
BURT'S BEES 20% afsláttur
alessandra Nagla- og handameðferðir 20% afsláttur
NIP+FAB 20% afsláttur
SOTHYS PARIS Sothys húðgreiningartækið á staðnum 20% afsláttur
L'ORÉAL PARIS 50% afsláttur

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 60005 06.2012



www.lyfja.is



**NÝTT LAG** Loftskeytamenn hafa sent frá sér sitt fyrsta lag, Gott að búa á Íslandi.

# Loftskeytamenn í gamla tímanum

**Fyrsta lag Loftskeytamanna, Gott að búa á Íslandi, er komið út. Það er titillag heimildarþátta um íslenska lífeyrissjóðakerfið.**

Hljómsveitin Loftskeytamenn hefur sent frá sér sitt fyrsta lag, Gott að búa á Íslandi. Það er titillag nýrra heimildarþátta Gunnars Sigurðssonar og félaga um lífeyrissjóðakerfið á Íslandi sem verða líklega sýndir í Sjónvarpinu á þessu ári.

„Ég gerði hljóðheiminn og tónlistina við þessa nýju þætti. Þegar ég var að byrja að vinna tónlistina kom þetta lag upp í hausinn á mér og þessi texti,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson Loftskeytamaður. „Við erum öðrum þræði í þessum heimildarmyndum að kanna þessa mýtu, „Er allt best í heimi á Íslandi?“. Maður heyrir svo oft þennan söng um að við séum með besta lífeyrissjóðakerfið, besta heilbrigðiskerfið, besta vatnið og fallegasta kvenfólkið. Svo heyrir maður hinum þræði að hér sé allt í rúst, en við viljum ekki heyra það.“

Tónlist Loftskeytamanna er í gamla stílnum og ef hún er eftir aðra þurfa að hafa liðið fimmtíu ár frá útkomu hennar. „Ég er alinn upp við að spila með pabba mínum og afa mínum og alinn upp í mikilli virðingu við þessa tónlist og íslenska tónlistarsögu,“ segir Guðmundur Ingi. „Mér finnst þetta svo spennandi tími, þegar íslenska þjóðin er að verða fullþroska.“

Nýja lagið var tekið upp á einn hljóðnema eins og gert var fyrir fimmtíu árum og í myndbandi við lagið var þess gætt að sá andi svífi yfir vötnum.

-fb

Tónlist ★★★★☆

**Kiriyama Family**
Kiriyama Family

## Alþjóðlegt fjölbragðapopp




Kiriyama Family er í flokki ungra íslenskra hljómsveita í poppgeiranum sem hafa mjög alþjóðlegan hljóm. Eins og aðrar sveitir í þessum flokki, t.d. Tilbury og Of Monsters and Men þá heitir hún erlendu nafni og syngur allt á ensku.

Tónlist Kiriyama Family er samt auðvitað ekkert sérstaklega lík tónlist Tilbury og enn síður tónlist Of Monsters and Men. Kiriyama Family spilar poppblöndu sem sækir í ýmis gæðapoppafbrigði tónlistarsögunnar, t.d. 70's bönd eins og Steely Dan og Doobie Brothers, 80's bönd á borð við Talk Talk og svo er smá 90's britpop fílingur í einhverjum lögum líka og áhrif frá rafpoppi 21. aldarinnar. Og fleira mætti tína til …

Þetta er óvenju mótuð tónlist miðað við fyrstu plötu hljómsveitar. Platan er frekar stutt. Hún er níu-laga. En á móti kemur að hún er heilsteypt. Öll lögin eru góð. Platan er mixuð þannig að eitt lag tekur strax við af öðru sem eykur á heildarsvipinn. Tónlist Kiriyama Family er mjög skemmtilegt sambland af tónlist ólíkra áhrifavalda, en í henni felst líka ný nálgun á viðfangsefnið. Þetta er tækifærissinnuð tónlist í bestu merkingu þess orðs. Ég er strax farinn að hlakka til að heyra meira!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Vönduð og fjölbreytt plata frá nýrri íslenskri popphljómsveit.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# NÝ GLÆSILEG LG SJÓNVÖRP

## HÁRFÍN TÆKNI – FRÁBÆR HÖNNUN

2 skemmtilegri

**Frí áskrift að Stöð 2 í tvo mánuði fylgir völdum LG sjónvörpum!**




**47LK530**

**47" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
47" LCD / FullHD / 100Hz / Trumotion / USB / snúningsfótur / DVB-T

LG Life's Good




**55LW550W** LG Life's Good

**55" LG LED PLUS 100Hz FHD C3D**
55" LEDplus / FullHD / Cinema 3D / 100Hz / Trumotion / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T2




**50PZ850N** LG Life's Good

**50" LG Plasma 600Hz FHD PenTouch, THX**
50" Plasma / 600Hz / 3D / PenTouch / Krómrammi / USB / DVB-T




**47LV450N** LG Life's Good

**47" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
47" LED / FullHD / 100Hz / Trumotion / USB / snúningsfótur / DVB-T




**42LV375W** LG Life's Good

**42" LG LED FHD Smart TV**
42" LED / FullHD / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T




**42LW550W** LG Life's Good

**42" LG LED PLUS 100HZ FHD C3D**
42" LEDplus / FullHD / Cinema 3D / 100Hz / Trumotion / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T2




**32LV340N** LG Life's Good

**32" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
32" LED / FullHD / Clear voice / USB / snúningsfótur / DVB-T

**Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig.**
**Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.**

Hátækni



**ÓLÉTT** Hafdís Huld hefur nýtt meðgönguna til þess að syngja vögguvísur sem hún mun eflaust halda áfram að syngja næstu árin.

# Fékk hjálp frá mörgum foreldrum við lagavalið

**Hafdís Huld sendi á dögunum frá sér plötuna Vögguvísur sem er að hennar sögn ekki beint barnaplata.**

„Barnið hlýtur að kannast vel við þessa tónlist þegar það fæðist,“ segir söngkonan Hafdís Huld Þrastardóttir sem gaf út geisladiskinn Vögguvísur í síðustu viku og á von á barni eftir mánuð.

„Þetta er ekki beint barnaplata. Það er enginn sérstakur gestur og allir að klappa í takt. Þetta er mjúk plata sem hentar fólki á öllum aldri en efnistökin eru mjög barnvæn.“

Hafdís leitaði til margra foreldra við lagavalið og fann út hvaða lög væru ómissandi. Úr varð fimmtán laga plata með nokkrum íslenskum þjóðlögum í bland við frumsamdar eða erlendar vögguvísur með íslenskum textum eftir Hafdísi.

„Ég bætti við uppáhalds erlendu vögguvísunum mínum því barnið mitt verður hálfútlent og kannski langaði mig að hafa einhverja tengingu við það,“ segir Hafdís en plötuna vann hún í samvinnu við mann sinn Alisdair Wright í stúdíói þeirra hjóna í Mosfellsdalnum.

„Sem dæmi endurútsettum við og sömdum nýjan texta við lagið You Are My Sunshine sem er mikið notað sem vögguvísa úti en hefur aðallega verið sungið af skátum hér heima.“

Hafdís hélt mjög frjálslega tónleika í Grasagarðinum annan í hvítasunnu og voru þeir vel sóttir af börnum og fullorðnum sem hlýddu á vísurnar úti í sólinni. Því miður hefur hún þó frestað öllu frekara tónleikahaldi vegna erfingjans tilvonandi.

„Við vonumst samt til þess að ferðast í kringum landið og heimsækja mömmumorgna í haust.“

hallfridur@frettabladid.is



**MÚM** Hljómsveitin múm hefur sent frá sér plötuna Early Birds. MYND/JAMES KENDALL

# Lagasafn frá múm

Hljómsveitin múm hefur sent frá sér plötuna Early Birds. Það er þýska fyrirtækið Morr Music sem gefur hana út bæði á geisladiski og tvöfaldri vínylplötu.

Um er að ræða safn laga sem voru samin undir lok tuttugustu aldarinnar en komu ekki út á breiðskífum sveitarinnar. Lögin urðu öll til áður en sú fyrsta, Yesterday Was Dramatic – Today is OK, kom út. Þarna eru týnd lög, hugmyndir, umhverfisupptökur, lög úr leikgerð leikritsins Bláa hnattarins og fleira í einum pakka.

Á fimmtán ára ferli sínum hefur múm spilað víða um heim, gefið út sex breiðskífur og fjölmargar smáskífur og stuttskífur. Um þessar mundir vinnur hljómsveitin að sinni sjöundu breiðskífu og er hún væntanleg á næsta ári.

# Verða alltaf góðir vinir

Gary Barlow er sannfærður um að hann og félagar hans í strákabandinu Take That verði vinir að eilífu, jafnvel þótt þeir muni ekki alltaf starfa saman.

Með honum í bandinu eru Mark Owen, Howard Donald, Jason Orange og Robbie Williams. Hljómsveitin hætti árið 1996 en sneri aftur 2005 við góðar undirtektir. „Ég spjalla við strákana svona einu sinni í viku, þar á meðal Rob. Já, við hættum að talast við en hann er öðruvísi náungi núna,“ sagði Barlow, sem er höfundur lagsins Back For Good. „Við höfum reyndar allir breyst og vonandi verðum við vinir að eilífu.“



**VINIR** Gary Barlow og Robbie Williams eru orðnir góðir vinir aftur.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROMETHEUS 3D | 4, 7, 10(P) |
| SNOW WHITE | 4, 7, 10 |
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.45, 8 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 10.15 |

SMÁRABÍÓ — midi.is — HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| SLAY MASTERS | KL. 6 | |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 9 | 10 |
| GRIMMD:SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN — SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE RAVEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 8 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 10 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALANDIBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TYRANNOSAUR 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:10 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:00

13. JÚNÍ: UNG (Goodbye Young Love) eftir Mia Hansen-Löve!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# FYRIR HEIMILIÐ

Verið velkomin í Húsgagnahöllina

HÚSGAGNAHÖLLIN

FALLEG HÚSGÖGN & SMÁVARA SEM LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ ÞITT



**STYLE** eldhúsborð, hvítt. 102x152 H:71 cm.
**CECILIE** borðstofustóll.

BORÐ 79.990 — STÓLL 16.990



**IBIZA** eldhúsborð (110 cm) Borðplata fæst í eik, hvítu, appelsínugulu og limegrænu. Borðfótur hvítur.

**METTE** borðstofustóll.

BORÐ 39.990 — STÓLL 14.990



**IBIZA** eldhúsborð (110 cm)
Borðplata fæst í eik, hvítu, appelsínugulu og limegrænu.
Borðfótur hvítur.

**CUBE** borðstofustóll
Fæst með hvítri og svartri setu.

BORÐ 39.990 — STÓLL 16.990



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**STYLO** 2 sæta sófi. B:158 D:85 H:85 cm.
3 sæta sófi. B:200 D:85 H:85 cm. Svart leður.
Fæst einnig með gráu áklæði:
2 sæta kr. **79.990** fullt verð: ~~99.990.~~
3 sæta kr. **119.990** fullt verð: ~~139.990~~

2 SÆTA 127.992 — FULLT VERÐ: 159.990
3 SÆTA 175.990 — FULLT VERÐ: 219.990



**IBIZA** eldhúsborð (110 cm)

**SOPHIE** borðstofustóll
Fæst í lakkaðri eik og lakkaðri eik með hvítri setu.

BORÐ 39.990 — STÓLL 16.990






GLÆSILEG LA-Z-BOY DEILD KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

65.980
FULLT VERÐ: 109.990

LA-Z-BOY
**AMITY** La-z-boy stóll. Camel áklæði.
B:80 D:73 H:102 cm.



10% STAÐGREIÐSLU-AFSLÁTTUR

129.980

LA-Z-BOY
**RIALTO** La-z-boy stóll. Vínrautt, grænbrúnt eða brúnt áklæði. B:80 D:90 H:105 cm.



10% STAÐGREIÐSLU-AFSLÁTTUR

159.980

LA-Z-BOY
**PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart eða hvítt leðuráklæði Einnig til í natur, brúnu, svörtu eða grænu áklæði. B:82 D:81 H:102 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLAND VERÐUR MEÐ BOÐSUNDSVEIT Á ÓL Í LONDON** en það fékkst staðfest í gær. Árangur kvennaliðsins í 4x100 metra fjórsundi á EM skilaði liðinu til London. Í sveitinni eru Eygló Ósk Gústafsdóttir, Sarah Blake Bateman, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eva Hannesdóttir.

# ÉG FELLDI EKKI MÖRG TÁR

**Eftir mikla bekkjarsetu hjá Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi hefur Róbert Gunnarsson gengið til liðs við franska félagið Paris Handball. Minnstu munaði að Parísarliðið félli úr efstu deild en það ætlar sér stóra hluti næsta vetur.**

**HANDBOLTI** „Liðið var tíu sekúndum frá því að falla. Þetta leit hræðilega út en hafðist sem betur fer," segir Róbert sem fylgdist með gangi mála í lokaumferð frönsku deildarinnar á netinu í síðustu viku. Parísarliðið tapaði sínum leik og því mátti Istres ekki vinna sigur á Ivry í lokaumferðinni. Annars félli Parísarliðið í næst efstu deild.

„Við getum þakkað þjálfara Ivry fyrir að hafa tekið byrjunarliðsmennina út af og sett varamennina inn á því þeir jöfnuðu leikinn," sagði Róbert en Ivry var tveimur mörkum undir þegar mínúta lifði leiks og hafði að engu að keppa. Engu að síður jöfnuðu sprækir varamenn metin og Róbert gat andað léttar.

„Við þurfum að splæsa á þá kampavíni," segir Róbert hæstánægður með frammistöðu varamanna Ivry.

### Tveir fyrir einn tilboð

Auk Róberts gekk landsliðsmaðurinn Ásgeir Örn Hallgrímsson til liðs við Parísarliðið og Róbert segir að það hafi ekki verið nein tilviljun.

„Ég sagði við þá að ég kæmi ekki nema Konni kóngur (Ásgeir Örn) kæmi og hann sagðist ekki koma nema þessi feiti kæmi. Þetta var tveir fyrir einn pakki," segir Róbert og nýtir tækifærið til að skjóta viðurnefni á liðsfélaga sinn og gera grín að sjálfum sér um leið.

Katar Sport Investment, sömu aðilar og tóku yfir knattspyrnufélagið Paris Saint-Germain, tryggðu sér um helgina 100 prósenta eignarhlut í handboltaliðinu. Reiknað er með því að nýju eigendurnir dæli fjármagni í handboltaliðið líkt og þeir hafa gert með PSG.

„Við vissum það svo sem þegar við skrifuðum undir í febrúar að til stæði að það kæmu inn sterkir aðilar. Við vissum reyndar ekki nákvæmlega hverjir það voru en það kom í ljós á sunnudaginn," segir Róbert og reiknar með því að Paris Handball taki upp nafnið PSG og allt verði undir sama hatti.

„Þetta er allt saman á sama svæðinu og ég held þeir ætli að byggja upp íþróttaveldi eins og eru á Íslandi. Eitt lið með margar íþróttagreinar," segir Róbert sem telur að liðið muni aðallega styrkja sig með frönskum leikmönnum.



**HOLLENDINGAR HANDAN VIÐ HORNIÐ** Róbert og félagar í íslenska landsliðsinu mæta Hollendingum í undankeppni HM. Fyrri leikurinn fer fram í Laugardalshöll á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það finnst mér mjög jákvætt, svipað og AG Kaupmannahöfn gerir. Byggja liðið á kjarna heimamanna og svo útlendingum í kring," segir Róbert en auk Íslendinganna hefur Serbinn Mladen Bojinovic gengið til liðs við félagið. Þá er hinn örvhenti Luc Abalo þrálátlega orðaður við Parísarliðið.

„Bojinovic hefur spilað lengi í Frakklandi svo hann telst varla sem útlendingur. Fyrir utan mig og Ásgeir Örn eru þetta bara Frakkar."

Margir færir þjálfarar hafa verið orðaðir við franska félagið. Róbert telur að það muni skýrast á allra næstu dögum hver taki við liðinu. Róbert hefur litlar skoðanir á þjálfaramálunum. Aðalatriðið sé að fá að spila.

„Ég vona að nýr þjálfari geti notað mig. Ég fagna nýju ævintýri og er virkilega spenntur eins og Konni að fara til Parísar. Við hlökkum til að spila, prófa eitthvað nýtt og nýjustu fregnir af félaginu skemma ekki fyrir," segir Róbert sem brosir í kampinn spurður hvort hann hefði kvatt Rhein Neckar-Löwen með söknuði eða ekki.

Róbert hefur mátt sætta sig við mikla bekkjarsetu í vetur enda hörð samkeppni við Norðmanninn Bjarte Myrhol. „Ég felldi ekki mörg tár," svaraði línumaðurinn og hló.

kolbeinntumi@365.is

Landsliðsmaðurinn Kári Árnason er án félags og skoðar sína möguleika:

# Gæti vel hugsað mér að spila í Kína

**FÓTBOLTI** Kári Árnason veltir fyrir sér næsta áfangastað en samningur landsliðsmannsins við skoska félagið Aberdeen rann út um mánaðamótin. Kára var vel tekið í Skotlandi og þótti standa sig afar vel. Stuðningsmenn Aberdeen vildu ólmir halda Kára en félagið hafði ekki fjárráð til þess.

„Aberdeen mætti ekki þeim launakröfum sem ég gerði í janúar. Þeir reyndu þó að halda mér og buðu mér besta samning sem þeir gátu boðið," segir Kári og bætir við að félagið hafi reynt eftir fremsta megni að klára samninginn en það hafi á endanum dottið upp fyrir.

„Í örvæntingu sinni fékk knattspyrnustjórinn tvær gamlar kempur til liðsins í janúar til að leysa okkur af hólmi ef við skyldum fara. Svo var ráðstöfunarfé stjórans skorið við nögl og ekkert eftir til að halda mér," segir Kári og skilja má orð hans þannig að hann hafi lækkað launakröfur sínar þegar leið að lokum keppnistímabilsins.

„Ég er með eitt tilboð á borðinu og veit af áhuga hjá öðru félagi en þetta er spurning um að stökkva á það sem er í hendi eða bíða og sjá. Þetta er erfið staða," segir Kári sem dvelur á Íslandi þessa dagana og slakar á.



**HVAÐ NÆST?** Kári Árnason verður ekki áfram hjá Aberdeen og framtíðin er óráðin. NORDICPHOTOS/GETTY

Kári segir margt spennandi við tilboðið sem býðst honum. Félagið sé ekki það stærsta en hafi byggt nýjan leikvang og ætli sér stóra hluti á skömmum tíma.

„Þetta er verkefni sem gæti verið mjög skemmtilegt," segir Kári sem segir málið skýrast á næstu dögum.

„Svo eru strákar að fara til Kína og það er deginum ljósara hvers vegna. Mér hefur ekki boðist að fara til Kína en ef það byðist myndi ég vafalítið taka því," segir Kári og hlær.

Kári stóð vaktina í vörn íslenska landsliðsins í æfingaleikjunum gegn Frökkum og Svíum í lok maí. Kári hefur þó að mestu spilað sem miðjumaður undanfarin ár líkt og lengst af ferlinum.

„Það hafa allir þjálfarar, allt frá því Sigurður Jónsson þjálfaði mig hjá Víkingi, sagt mér að þeir vildu nota mig sem miðvörð. Það hefur hins vegar ævinlega þróast þannig að liðin hafa verið í basli á miðjunni og ég hafnað þar líkt og hjá Plymouth og Aberdeen," segir Kári sem segist munu enda sem miðvörður.

- ktd

SPARNAÐUR

**Traust og framsækið fyrirtæki leitar af duglegum og heiðarlegum söluráðgjafa, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum.**

Frumkvæði , drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp á vandkvæða.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir ásamt Starfsferilsskrá sendist á trausti@sparnadur.is

**BIFREIÐASTJÓRAR ÓSKAST!**

Vegna aukinn verkefna þurfum við að bæta við okkur bifreiðastjórum í sumarafleysingar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Rútupróf
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð tungumálakunnátta æskileg
- Stundvísi og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 17. júní 2012.**
*Senda skal inn umsóknir á tölvupóstfangið runar@allrahanda.is.*

*Nánari upplýsingar um starfið gefur Rúnar Garðarsson í síma: 540 1303. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.*

Gray Line Icelandexcursions Allrahanda

IÐNAÐARRYKSUGUR

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar 21.900,-

Drive Bískúrsryksugan 1200W, 20 lítrar 6.990,-

Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L 1000W, 50 lítrar 27.900,-

Ryk/blautsuga Drive ZD98A-2B 2000W, 70 lítrar 42.890,-

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BOLTAVAKTIN
Staða og úrslit leikja í beinni vísir - oft á dag


casall
asics
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
20-30%
AFSLÁTTUR TIL
MIÐNÆTTIS
TILBOÐIN GILDA ALLAN DAGINN Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS.
OPIÐ Í ÚTILÍFI Í SMÁRALIND TIL MIÐNÆTTIS Í KVÖLD.
20% AF ÖLLU FRÁ NORTH FACE.
20-30% AF ÖLLU FRÁ CASALL.
20% AF ÖLLUM NIKE BARNASKÓM.
30% AF VÖLDUM ASICS SKÓM.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 60033 06/12

Ekkert gengur hjá Keflvíkingum þessa dagana sem töpuðu á heimavelli í gær:

# Fyrsti sigur Grindvíkinga í sumar

**FÓTBOLTI** Grindavík vann góðan 1-0 sigur á Keflavík í 32 liða úrslitum Borgunarbikarsins í gær. Alex Freyr Hilmarsson skoraði sigurmarkið á 31. mínútu. Grindavík hélt hreinu í leiknum en liðið hefur verið að fá á sig mörg mörk í sumar.

Fyrri hálfleikur var opinn og skemmtilegur og hefðu bæði lið getað bætt við mörkum. Grindavík þétti varnarleik sinn í seinni hálfleik og Keflavík skapaði sér fá færi en fékk þó eitt skömmu fyrir leikslok og því fór sem fór.

„Þetta var langþráður sigur og góður sigur,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari Grindavíkur, kátur í leikslok en þetta var fyrsti sigur Grindavíkur á leiktíðinni.

„Við nálguðumst leikinn af ákveðni og skoruðum gott mark í fyrri hálfleik. Liðið á hrós skilið fyrir að klára leikinn á faglegan hátt.”

Grindvíkingar þéttu raðirnar enn frekar í vörninni í síðari hálfleik og gáfu ákaflega fá færi á sér. Keflvíkingar rembdust eins og þeir gátu við að opna vörn Grindavíkur en það gekk ekki að þessu sinni.

„Það lá ljóst fyrir að ef við myndum halda hreinu í seinni hálfleik tryggði það okkur sigur. Við reyndum samt til þrautar. Ég hafði trú á að Keflvíkingar myndu ógna okkur og þeir gerðu það svo sannarlega. Á endanum var þetta samt öruggur sigur,“ sagði Guðjón að lokum en hann var búinn að bíða lengi eftir sigrinum og nú loks hafa Grindvíkingar eitthvað til þess að byggja á.. - gmi



**LOKSINS SIGUR** Pape Faye og félagar í Grindavík gátu loksins fagnað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BARÁTTA** Það var lítið um góð tilþrif í leik Fram og Hauka en þeim mun meira um baráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dramatík í leik Fram og Hauka í Laugardalnum:

# Fram vann Hauka eftir vítaspyrnukeppni

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildarlið Fram skreið í sextán liða úrslit bikarsins í gær með sigri á 1. deildar liði Hauka eftir vítaspyrnukeppni.

Leikurinn byrjaði nokkuð rólega en það voru gestirnir úr Haukum sem byrjuðu leikinn betur og voru nálægt því að komast yfir í byrjun leiks. Framarar fengu einnig gott færi til þess að komast yfir um miðjan hálfleikinn en inn vildi boltinn ekki. Það var í raun það eina markverða sem gerðist í annars hörmulegum fyrri hálfleik.

Síðari hálfleikurinn var lítið fyrir augað eins og sá fyrri en Frömurum tókst loksins að komast yfir á 62. mínútu. Þar var að verki Steven Lennon en hann náði að koma boltanum í netið eftir barning í teignum.

Nokkuð fjaraði undan leiknum á næstu mínútum en Haukar settu nokkuð þunga pressu á Framara í lok leiks. Það skilaði svo árangri þegar það voru komnar fjórar mínútur framyfir venjulegan leiktíma.

Þá var brotið á leikmanni liðsins innan teigs og dómarinn benti umsvifalaust á punktinn. Hilmar Trausti Arnarsson, fyrirliði liðsins fór á punktinn og skoraði af öryggi. Leikurinn því á leið í framlengingu.

Leikurinn hélt áfram að vera leiðinlegur og fyrri hálfleikur framlengingar var jafn bragðlaus og leikurinn sjálfur. Þetta var hrútleiðinlegt en mikil spenna í loftinu sem bætti upp fyrir leiðindin. Lítið gerðist í seinni hálfleik og því varð að grípa til vítaspyrnukeppni.

Þar klúðraði Fram bara einni spyrnu en Haukar tveimur. Almarr Ormarsson skoraði úr lokaspyrnunni og Framarar sluppu með skrekkinn. - shf

## ÚRSLIT

### Borgunar-bikar karla:

**Fram-Haukar** **5-4 (1-1, 1-1)**
1-0 Steven Lennon (68.), 1-1 Hilmar Trausti Arnarsson, víti (90.).

**Keflavík-Grindavík** **0-1**
0-1 Alex Freyr Hilmarsson (31.).

**Augnablik-Höttur** **1-4**
0-1 Óttar Steinn Magnússon (19.), 0-2 Friðrik Ingi Þráinsson (49.), 0-3 Stefán Þór Eyjólfsson (66.), 0-4 Elvar Þór Ægisson (85.), 1-4 Höskuldur Gunnlaugsson (90.+3).

**Dalvík/Reynir-Reynir S.** **1-3**
1-0 Bessi Víðisson (26.), 1-1 Guðmundur Gísli Gunnarsson (29.), 1-2 Jens Elvar Sævarsson (52.), 1-3 Michael Jónsson (75.)

**KA-Fjarðabyggð** **2-0**
1-0 Brian Gilmour (72.), 2-0 Brian Gilmour (87.).

**Víkingur R.-Fjölnir** **2-0**
1-0 Kristinn Jóhannes Magnússon (10.), 2-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson (33.).

**Leiknir R.-Þróttur R.** **1-2**
1-0 Kristján Páll Jónsson (20.), 1-1 Guðfinnur Þórir Ómarsson (70.), 1-2 Oddur Björnsson (86.).

**LEIKIR DAGSINS:**

| | |
|---|---|
| KFS - KB | kl. 18.00 |
| Þróttur V. - Afturelding | kl. 19.15 |
| Selfoss - Njarðvík | kl. 19.15 |
| Stjarnan - Grótta | kl. 19.15 |




ÞÓR HF
Krókhálsi 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 461-1070
www.thor.is



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
Cintamani Austurhraun 3
mán-fös. 10- 18
lau-sun. 11 -14
S. 533 3800
Cintamani Bankastræti 7
alla daga 9-22
S. 533 3390

Knattspyrnuskóli Hermanns Hreiðarssonar og Soccerade



| Námskeið kl.9-13: | Aldur: | Verð: |
|---|---|---|
| 1. námskeið 11.-15. júní | 11-13 ára ('99-'01) | 16.000 kr. |
| 2. námskeið 18.-22. júní | 14-16 ára ('96-'98) | 16.000 kr. |

Kennarar við skólann eru Hermann Hreiðarsson, Nigel Quashie, ásamt leikmönnum meistaraflokks karla hjá ÍR og leynigestum.

Skráning er í fullum gangi á www.ir.is eða á skrifstofu í síma 587 7080.

Nikon
*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200




**Verð frá 139.995.-**

**KAUPAUKI**




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**




**KAUPAUKI**



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**80 KARLAR** eru skráðir í Egils Gull mótið sem fer fram í Vestmannaeyjum um helgina. Mótið er hluti af Eimskipsmótaröðinni. Þó 80 séu skráðir fá einungis 63 keppnisrétt.

**17 KONUR** eru skráðar til leiks í Egils Gull mótið sem fer fram í Eyjum. Hámarksfjöldi í kvennaflokki er 21.

Kjartan Dór setti met:

## Sló vallarmetið í Sandgerði

Kjartan Dór Kjartansson úr Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar setti glæsilegt vallarmet á Kirkjubólsvelli í Sandgerði síðastliðinn fimmtudag.

Kjartan Dór spilaði á 66 höggum eða sex undir pari og fékk vallarmetið staðfest í gær af Guðmundi Einarssyni, framkvæmdastjóra GSG.

Í samtali við Kylfing.is sagðist Kjartan Dór hafa stefnt að því að vera fimm höggum undir pari vallarins og það er óhætt að segja að það hafi gengið upp.



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Hann sigraði í mótinu Örninn golfverslun í Eimskipsmótaröðinni í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Birgir Leifur gerir víðreist:

## Hefur leik í Kärtnen í dag

Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG verður meðal keppenda í mótinu Kärnten Golf Open sem hefst í Austurríki í dag. Mótið fer fram í Klagenfurt og er áttunda mót ársins á Áskorendamótaröð Evrópu.

Þetta er annað erlenda mótið sem Birgir tekur þátt í en hann varð í 26. sæti í Allianz Open-mótinu sem haldið var í Frakklandi um miðjan maí. Birgir varð í 62. sæti í Kärnten Golf Open-mótinu á síðustu leiktíð. Birgir Leifur er í 165. sæti á tekjulistanum.



**KOMINN Í FORM** Tiger Woods vann glæstan sigur á Memorial-mótinu um síðustu helgi og fagnaði því vel. Hann þykir til alls líklegur á Opna bandaríska mótinu í næstu viku. NORDICPHOTOS/AFP

# TIGER WOODS LOKS Á BEINU BRAUTINNI FYRIR US OPEN

**Tiger Woods hefur ekki verið betri frá örlagahaustinu 2009. Hann sigraði á Memorial-mótinu um síðustu helgi með frábærum tilþrifum. US Open hefst í næstu viku og þar gefst Tiger tækifæri til að toppa á ný.**

Sigur Tigers Woods á Memorial-móti Jacks Nicklaus um síðustu helgi var sögulegur fyrir margra hluta sakir. Tiger jafnaði þannig gestgjafann Nicklaus með 73. sigri sínum á PGA mótaröðinni, en þeir eru nú jafnir í öðru sæti listans yfir sigursælustu kylfinga allra tíma, á eftir Sam Snead sem sigraði á 82 PGA-mótum á árabilinu 1936 til 1965.

Þetta var annar sigur Tigers á árinu, en hann vann einnig á Bay Hill-mótinu í mars síðastliðnum. Sigurinn um helgina þykir þó vísir að meiru þar sem hann þurfti að taka á öllu sínu. Þrír fuglar á síðustu fjórum holum lokahringsins, þar á meðal með ævintýralegri vippu úr karga beint í holu á sextándu.

Þarna á lokahringnum þóttust margir spekingar sjá glitta í „gamla Tiger“ sem hefur verið týndur og tröllum gefinn frá Þakkargjörðardagshavaríinu annálaða.

Hann lék sóknargolf af bestu sort, eins og hann á að sér að gera, og það sást best á fyrrnefndu höggi á sextándu holu.

„Þetta var ótrúlegasta og áræðnasta högg sem ég hef séð,“ sagði Nicklaus. „Ég held að þegar allar aðstæður eru teknar með í reikninginn hafi ég aldrei orðið vitni að betra höggi.“

Dálkahöfundurinn og sjónvarpsmaðurinn Brandel Chamblee lét til að mynda þau orð falla að Tiger væri „tvöfalt betri en nokkur annar kylfingur þó hann sé að spila á hálfum styrk.“

Væntingarnar eru því miklar fyrir Opna bandaríska mótið sem hefst í næstu viku. Þar gæti Tiger landað sínum fimmtánda risatitli, en Niclaus á enn metið með átján slíka.

Eftir sigurinn á Bay Hill var Tiger í svipuðum aðstæðum þar sem Masters var á næsta leiti, en þar náði hann sér aldrei á strik.

Hann sagðist slá mun betur núna en spurður hvort hann væri nú loks kominn til baka sagði hann einfaldlega: „Ég vann allavegana!“

Opna bandaríska mótið fer fram á Olympic-vellinum við San Fransisco dagana 14. til 17. júní.

thorgils@frettabladid.is

### Tiger, Nicklaus og risamótin:

- Tiger komst upp í fjórða sæti heimslistans í golfi með sigrinum á Memorial. Hann hefur átt erfitt uppdráttar um langa hríð og datt meðal annars út af topp 50 á tímabili.
- Tiger og Jack Nicklaus hafa nú báðir unnið 73 PGA-mót, en Tiger, sem er 36 ára, er 10 árum yngri en Nicklaus var þegar hann vann sitt síðasta mót, en það var Masters árið 1986.
- Tiger hefur unnið 14 risamót, fjórum færri en Nicklaus. Tiger vann sitt síðasta risamót eftir goðsagnakennda úrslitarimmu við Rocco Mediate um sigur á Opna bandaríska á Pebble Beach árið 2004.



# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI
## Tilboð á heilsurúmum

30% AFSLÁTTUR AF
DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA
HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM
**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

> **Stöð 2 kl. 21.40**
**NCIS: Los Angeles**

*Það verður spennandi þáttur af NCIS: Los Angeles á Stöð 2 í kvöld. Maður sem þóttist vera í sérsveit bandaríska sjóhersins er myrtur og vísbendingar eru um að morðið tengist hættulegum sprengjuvargi sem gengur laus.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON VILL ALÞINGI TIL ÚTLANDA

# Raunveruleikasjónvarp um Alþingi

Á meðan að við tækið-skrifari horfir á hina stórgóðu, og dönsku, dramaþætti Borgen á sunnudagskvöldum þá veltir hann því oft fyrir sér hvers vegna ekki hafi verið ráðist í að gera sambærilega þætti á Íslandi. Ekki skortir viðfangsefnin eða lygilegu karakterana í íslenskum stjórnmálum samtímans sem auðveldlega má yfirfæra á skjáinn.

Og enn betra væri að ráðast einfaldlega í raunveruleikaþátt um það sem á sér stað á Alþingi Íslendinga. Hann gæti verið settur upp eins og Modern Family-þættirnir, þar sem skipt er á milli viðtala við aðalpersónurnar og þeim síðan fylgt eftir í hversdagslífinu.

Við tækið-skrifari er sannfærður um að slíkur þáttur myndi slá í gegn á alþjóðavettvangi. Vigdís Hauksdóttir gæti farið með málshættina sína, Árni Johnsen gæti sungið, Jón Bjarnason gæti verið hann sjálfur og svo framvegis. Kostnaður við framleiðsluna yrði auk þess enginn annar en vegna kvikmyndatökuteymis til að fylgja stjórnmálamönnunum okkar eftir og textagerðar.



Þótt okkur Íslendingum þyki sérhagsmunagæslan, lýðskrumið, þekkingarleysið, barnaskapurinn og yfirborðsmennskan sem oft tíðkast á Alþingi hvimleið þá er við tækið-skrifari viss um að erlendis muni þetta þykja hið besta skemmtiefni. Raunveruleikinn er enda lygilegri en flestur skáldskapur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Leiksýning í Rósenborgargarði **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Saman í myrkrinu **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar: Beethovenhringurinn IV **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - leikkonur **23.15** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.26 Sögustund m/Mömmu Marsibil**
**17.37 Múmínálfarnir**
**17.46 Lóa**
**18.00 Orðaflaumur – Ordstorm: Längtar** (4:5) (Ordstorm) Sænsk þáttaröð um unga penna sem tjá sig með margvíslegum hætti, meðal annars í bókmenntatextum, símaskilaboðum, blaðagreinum og söngtextum.
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Gulli byggir** (6:6) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Baráttan um Bessastaði** Umræðuþáttur með öllum forsetaframbjóðendum í beinni útsendingu úr sjónvarpssal.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (22:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (131:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (19:20) (Borgen) (e)
**00.05 Fréttir**
**00.15 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Come See The Paradise**
**10.10 12 Men Of Christmas**
**12.00 Coraline**
**14.00 Come See The Paradise**
**16.10 12 Men Of Christmas**
**18.00 Coraline**
**20.00 It's Complicated**
**22.00 Couple's Retreat**
**00.00 Looking for Kitty**
**02.00 One Last Dance**
**04.00 Couple's Retreat**
**06.00 Leap Year**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (150:175)
**10.15 Lie to Me** (4:22)
**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (6:25)
**11.50 Glee** (6:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Flying By** Ljúfsár fjölskyldumynd um ráðsettan mann sem tekur upp þráðinn með gömlu hljómsveitinni sinni en það skapar álag á fjölskylduna. Með aðalhlutverk fara Billy Ray Cyrus og Heather Locklear.
**14.45 Smallville** (5:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 The Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (22:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpsons**
**19.45 Arrested Development** (17:22)
**20.10 Masterchef USA** (3:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram.
**20.55 The Closer** (5:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd, en hún býr yfir einstakri næmni og hæfileika til að skyggnast inn í líf fórnarlamba sem og grunaðra.
**21.40 NCIS: Los Angeles** (23:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einhvern hátt.
**22.25 Rescue Me** (16:22)
**23.10 The Mentalist** (23:24)
**23.55 Homeland** (13:13)
**00.50 The Killing** (4:13)
**01.35 The Invisible** Dramatísk spennumynd.
**03.15 Flying By**
**04.50 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA: Oklahoma - San Antonio**
**18.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattspyrnu.
**19.10 NBA: Oklahoma - San Antonio**
**21.00 OK búðamótið** Upptaka frá mótinu þar sem íslenskir kraftajötnar taka á öllu sínu.
**21.35 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**22.10 The Swing**
**22.40 NBA: Oklahoma - San Antonio**
**00.30 NBA: Boston - Miami** BEINT

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Man. City - Swansea**
**19.40 The Stars** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**20.35 Premier League World**
**21.05 Chelsea - Liverpool**
**22.50 Season Highlights 2001/2002**
**23.45 Man. Utd. - Blackburn**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (130:175)
**20.35 In Treatment** (57:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Stóra þjóðin** (2:4)
**22.20 New Girl** (17:24)
**22.50 2 Broke Girls** (5:24)
**23.15 Drop Dead Diva** (1:13)
**00.05 Gossip Girl** (17:24)
**00.50 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (1:7)
**02.40 In Treatment** (57:78)
**03.05 The Doctors** (130:175)
**03.45 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Biggest Loser** (4:20) (e)
**16.40 Being Erica** (5:13) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 The Firm** (15:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.20 According to Jim** (13:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (22:25) (e)
**20.10 Eldhús sannleikans** (5:10) Sigmar B. Hauksson snýr nú aftur í sjónvarp með nýja seríu matreiðsluþátta. Í hverjum þætti er ákveðið þema þar sem Sigmar og gestir hans útbúa ljúffenga rétti.
**20.35 Solsidan** (8:10) Sænskur gamanþáttur sem segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu og kynnum þeirra af undarlegum fígúrum hverfisins sem þau eru nýflutt í. Alex ákveður að gefa Önnu frí og ætlar að sjá sjálfur um Wilmu dóttur þeirra.
**21.00 Blue Bloods** (17:22) Erin er saksóknari í morðmáli og bróðir hennar Danny þarf að bera vitni í málinu. Ólíkur skilningur þeirra á réttlæti verður til þess að upp úr sýður í dómsalnum.
**21.50 Franklin & Bash** (9:10) Skemmtilegur þáttur um lögfræðingana og glaumgosana Franklin og Bash. Peter aðstoðar unnusta Janie og Jared snýr aftur í gaggó þegar kennari er sakaður um ósiðsamlegt samneyti með nemanda sínum.
**22.35 Jimmy Kimmel** (e)
**23.20 CSI** (22:22) (e)
**00.10 Law & Order: Criminal Intent** (1:16) (e)
**00.55 Unforgettable** (7:22) (e)
**01.45 Blue Bloods** (17:22) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **11.25** Golfing World **12.15** Golfing World **13.05** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (23:45) **19.00** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film 2004 **00.05** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.05** New Tricks **09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.40** The Best of Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Royal Bodyguard **20.30** Twenty Twelve **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Live at the Apollo **22.29** Shooting Stars **23.00** The Best of Top Gear **23.50** The Royal Bodyguard

## DR 1

**10.40** Vores Liv. Skattejægerne **11.05** Politik på menuen **11.35** Aftenshowet **12.30** Bag Facaden **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det sode liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **19.00** TV Avisen **19.25** EURO 2012 **19.50** SportNyt **20.00** 24 timer vi aldrig glemmer **20.50** Taggart **21.40** OBS **21.45** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Friidrett **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Friidrett **20.00** Debatten **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Herskapelig redningsaksjon **22.50** Danmark fra kyst til kyst **23.50** Friidrett **02.05** Aktuelt **05.00** Morgennytt

## svt1

**08.00** Nationaldagen 2012 **09.00** Bil- och båttokig **09.45** Genom Ryssland på 30 dagar **10.30** Minnenas television **11.15** Det ljuva livet i Alaska **12.00** Golf **14.00** Rapport **14.05** Golf **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det gråter en gubbe på Stockholms slott **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Friidrott **20.00** Inför Fotbolls-EM **21.00** Golf **21.45** Rapport **21.50** Kulturnyheterna **21.55** Gravid i höga klackar **22.40** Det ljuva livet i Alaska **23.25** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Kæru stjórnvöld:

# Við bjóðumst til að lækka ferðakostnað ríkisins um 250 milljónir

**Við vildum bara koma þessum punkti á framfæri**

Með því að kaupa ferðaþjónustu hjá **WOW air** gæti ríkið **lækkað ferðakostnað sinn um fjórðung**, eða um a.m.k. 250 milljónir á ári – og haft gaman af. Um leið og við þökkum þjóðinni móttökurnar bjóðum við ríkisstarfsmenn velkomna um borð hjá okkur. Þó að við bjóðum ekki punkta þá bjóðum við lágt verð, gott sætabil og bros alla leið.

**WOWAIR.IS –** Reykjavík · Alicante · Basel · Berlín · Kaunas · Köben · Kraká · Köln · London · Lyon · París · Stuttgart · Varsjá · Zürich

WOW air

## SUMARFRÍIÐ



*„Í sumar ætla ég að vinna í Háskóla unga fólksins. Hlaupa, lesa, tana, grilla, ganga, hitta skemmtilegt fólk, flytja, hugsa, vera foringi í sumarbúðum og drekka ískalt hvítvín (tvö síðustu atriðin geri ég hvort á sínum tíma).“*

Björg Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Háskóla Íslands og pistlahöfundur.

# Átta ára í myndatöku fyrir Marie Claire

„Þeir hafa verið að spá hvort þeir verði frægir eða fái eitthvað borgað,“ segir Hadda Björk Gísladóttir, móðir átta ára drengs sem fékk ásamt vini sínum að prófa fyrirsætuhlutverkið um hvítasunnuhelgina. Fyrirsæturnar ungu eru vinirnir Sigurður Snorri Hauksson og Sölvi Þorkelsson og var myndatakan fyrir 25 ára afmælisrit hins ítalska Marie Claire sem kemur út í október.

Hadda og eiginmaður hennar Haukur Snorrason reka ferðaskrifstofuna Iceland Photo Tours og sérhæfa sig í ljósmyndaferðum fyrir erlenda ljósmyndara. Í lok maí tóku þau á móti níu manna tökuliði frá Marie Claire og fór myndatakan að hluta til fram í gistihúsi þeirra hjóna, Hrifunes Guesthouse.

„Strákarnir höfðu verið að renna sér á rassinum niður moldarbarð og voru sem nýdregnir upp úr fjóshaug þegar ljósmyndararnir stungu upp á því að fá að lánaða á nokkrar myndir. Ég ætlaði að setja þá í hrein föt en þeir neituðu og sögðu þá fullkomna.“

Höddu þótti undarlegt að ljósmyndararnir völdu að hafa strákana grútskítuga sem og að velja sér tökustað í hálfgerðum ruslahaugi.

„Við vorum að steypa skemmugólfið hjá okkur og allt draslið var út á hlaði. Þetta fannst tökuliðinu hentugur bakgrunnur en hann var alveg andstæða við fyrirsætuna sem tiplaði um í bleiku blúndupilsi og kápu.“

Drengirnir tóku þátt í tveimur myndatökum en ekki er vitað fyrir víst hvort þeir birtist á síðum ítalska Marie Claire. „Tökuliðið var allavega yfir sig hrifið af þeim og þeir stóðu sig mjög vel,“ segir Hadda. **- hþt**



**UNGAR FYRIRSÆTUR** Sigurður og Sölvi stilla sér upp fyrir tökuliðið sem kom frá Búlgaríu, Ítalíu og Frakklandi. MYND/HAUKUR SNORRASON



## „FYLLTIST MIKLU ÞJÓÐARSTOLTI,“

segir Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir um þann frábæra árangur að verða Heimsbikarmeistari í Bikini Fitness í sínum flokki í Ungverjalandi á dögunum.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM



**HEIMSÆKIR BÆNDUR** Bubbi Morthens mætir með landsþekkta tónlistarmenn í heimsókn á sveitabæi í nýjum þætti sem er væntanlegur á Stöð 2 í haust. Björgvin Halldórsson er meðal þeirra sem fram koma í þættinum.

BUBBI MORTHENS: HEIMSÆKIR SVEITABÆI MEÐ TÓNLISTARMÖNNUM

# Bændur fá einkatónleika heim í stofu í nýjum þætti

„Ég hringi bara á bóndabæi og spyr hvort ég megi koma í heimsókn með tónlistarfólk og halda tónleika í stofunni hjá fólkinu,“ segir Bubbi Morthens um nýja þætti sína sem ganga undir vinnuheitinu Beint frá býli.

Í þáttunum heimsækir Bubbi sveitabæi um allt land í einn dag og kynnir sér lífið og starfið á bænum. Í lok dagsins koma svo landsþekktir tónlistarmenn og halda tónleika fyrir ábúendur í stofunni þeirra. „Tónlistarmennirnir þurfa að laga sig að aðstæðunum hverju sinni en við höldum tónleikana bara inni í stofu, sama hversu lítil stofan er. Það er alveg mergjað að upplifa stemninguna þegar Björgvin Halldórsson er að syngja fyrir bóndann og bóndakonuna sem sitja í meters fjarlægð frá honum eða þegar Jónas og ritvélar framtíðarinnar, sem er tíu manna hljómsveit, spilar fyrir fimm áheyrendur. Ábúendur sitja bara heima hjá sér með breið bros og fá einkatónleika frá þekktustu og bestu hljómlistarmönnum þjóðarinnar. Þetta er náttúrulega bara geðveikt og allir í skýjunum, bæði tónlistarmennirnir og áheyrendurnir,“ segir Bubbi.

Hugmyndin að þáttunum er frá Bubba sjálfum komin. „Ég bý í sveit svo ég veit hvað íslenskir bændur eru að gera stórkostlega hluti og ég vil reyna að deila því með fólki,“ segir hann. Þættirnir verða sjö talsins og í þeim skoðar Bubbi það líka hvernig bændamenningin hefur breyst í áranna rás en margir bændur hafi fært sig úr búmennsku yfir í ferðamennsku. „Um daginn vorum við að taka upp á einum bæ þar sem bóndinn sagðist vera barnabóndi því hann tekur við svo mörgum börnum í heimsókn til sín. Mér fannst það alveg geðveikislega fallegt orð. Sjálfur er ég meiri gítarbóndi,“ bætir hann við og hlær.

Upptökur á þáttunum standa yfir þessa dagana og eru þeir væntanlegir á Stöð 2 á haustmánuðum. „Ef vel tekst til og þættirnir vekja lukku geri ég mér svo vonir um að gera aðra þáttaröð sem yrði töluvert öðruvísi en myndi aftur tengjast rótum menningar okkar,“ segir Bubbi spenntur. **tinnaros@frettabladid.is**

# Til heiðurs goðsögnum Hattar

„Þetta lag er til heiðurs þeim sem hafa byggt upp þetta félag í gegnum árin,“ segir Eysteinn Hauksson, þjálfari 1. deildarliðs Hattar frá Egilsstöðum, um nýtt stuðningsmannalag liðsins.

Það kallast Hött upp á topp og er íslensk útgáfa af Man on the Moon með R.E.M., uppáhaldslagi Eysteins, sem íslenskaði einmitt textann. „Ætli ég sé ekki búinn að heyra það mörg þúsund sinnum. Mér finnst það betra og betra í hvert skipti sem ég heyri það.“

Sjálfur Bjarni Fel var Hattarmönnum til halds og trausts í laginu með mörg af sínum frægu orðatiltækjum. „Bjarni er í rauninni partur af þessari nostalgíu. Lagið væri ekki helmingurinn af því sem það er ef hann væri ekki þarna,“ segir Eysteinn.

Hött upp á topp er þriðja stuðningsmannalag Hattar á skömmum tíma. Áður hafa komið út lögin Höttur, sem er íslensk útgáfa af Love Hurts með Nazareth og einnig endurgerð útgáfa af Hattarlaginu, sem er aðalstuðningsmannalag liðsins. Annar íþróttafréttamaður, Guðmundur Benediktsson, las einmitt inn á það lag. „Hann er Bjarni Fel kynslóðarinnar í dag,“ fullyrðir Eysteinn.

Hægt er að hlusta á öll þrjú lögin á vegg Facebook-síðunnar Höttur Rekstrarfélag. **- fb**



**HATTARMENN** Eysteinn Hauksson (til vinstri) ásamt Hafþóri Mána Valssyni sem annaðist endurútgáfuna á Hattarlaginu.

# Sony Center

www.sonycenter.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á SONY SJÓNVÖRPUM

## Sony Evrópumeistarar!

EISA AWARD Best Product 2011-2012 LCD TV Sony BRAVIA KDL-55HX920




Tilboð 199.990.-
Sparaðu 100.000.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

### Hágæða sjónvarp
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 299.990.-

FRAMÚRSKARANDI 3D AFSPILUN




### Glæsileg hönnun
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 179.990.-** Verð áður 199.990.-



Tilboð 199.990.-
Sparaðu 90.000.-

### Frábær myndgæði
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 289.990.-




### Gott verð
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 215.990.-** Verð áður 269.990.-

Tilboð 289.990.-
Sparaðu 90.000.-




### Gæði og skerpa
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 289.990.-** Verð áður 379.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir




### Eitt með öllu
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 279.990.-** Verð áður 399.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir



### Mynd í sérflokki
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX823

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 349.990.-** Verð áður 449.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir



EISA Best Product

### Sigurvegarinn!
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX923

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Intelligent peak LED baklýsing

**Tilboð 539.990.-** Verð áður 599.990.-



Tilboð 329.990.-
Sparaðu 140.000.-

### 55" RISI!
55" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL55EX720

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 329.990.-** Verð áður 469.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Minning um góðan vin

**Gísli Pálmi,** sem hefur hrist rækilega upp í hiphop-senu Íslands, setti inn nýtt lag á Youtube fyrir tveimur dögum og á hádegi í gær voru hlustanir orðnar tæplega sjö þúsund. Smellurinn heitir Stíg á kreik og birtir Gísli mynd af Eyþóri Darra Róbertssyni í lok myndbandsins til minningar um góðan vin. Sá lést af slyförum eftir bílslys á Geirsgötu í fyrrasumar aðeins 18 ára að aldri. Lagið er frá árinu 2010 og þótti Eyþóri Darra það þrælgott.



### Tóku upp nýtt myndband

Meðlimir íslensku stúlknasveitarinnar The Charlies birtu mynd af sér og auglýstu tökur á myndbandi við nýtt lag þeirra sem kallast „Hello Luv". Stúlkurnar, þær **Klara Elias, Camilla Stones og Alma Goodman**, klæddu sig í magaboli og greiddu sér í stíl fyrir tökurnar á myndbandinu á þriðjudag. Stúlkurnar búa og starfa í Los Angeles á vesturströnd Bandaríkjanna og eru að skapa sér nafn meðal þeirra helstu í tónlistarheiminum ytra og koma mjög margir að gerð myndbandsins. Þær hafa áður tekið upp tónlistarmyndband við lag sitt „Tickin' Like a Bomb" en það hefur enn ekki verið gefið út. **- hþt, - bþh**



## Mest lesið vísir

1. Fórnarlambinu á Hlemmi sárnar að vera kallað...
2. Tveir látnir eftir árás óþekktra könguló
3. Varna því að fólk kaupi of mikið sælgæti
4. Dvergar ósáttir við nýja mynd um Mjallhvíti
5. Fangelsaður fótboltamaður í lífshættu í Ísrael





